FRÉTTABLAÐIÐ

264. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. NÓVEMBER 2018

AUGLÝSING

MUN HATRIÐ SIGRA?

Mun allt fara samkvæmt áætlun í kvöld? Hatari stígur á svið í úrslitum Eurovision í Tel Avív.

2, 12, 16, 24-26 og 60

HVER HEFUR VINNINGINN Í KVÖLD?

HAWAIIAN

DOMINO'S BASIC

SVEPPERONI

NEW YORK

DOMINO'S CLASSIC

KJÖTVEISLA

PEPPERONI VEISLA

DOMINO'S DELUXE

BAHAMAS

TÓKÝÓ

FIESTA

TEXAS BBQ

DOMINO'S EXTRA

SWEET & SPICY

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345

Möguleg plússtig

+1 Bjöguð enska
- Enska töluð með sterkum hreim. Við brosum auðvitað bara yfir því og splæsum stigi.

+1 Ástaróður til Evrópu
- Tvö plússtig ef flytjandi hrópar „We love you Europe!"

+1 Gæsahúð
- Vó!

+1 Senuþjófur
- Hljóðfæraleikari eða bakrödd sem stelur senunni.

+1 Óvenjulegir leikmunir
- Gott dæmi um óvenjulega leikmuni eru smákökur rússnesku ammanna árið 2012 og skautasvell Svartfjallalands árið 2014. Virkilega frumlegt!

+1 Myndavéladaður
- Flytjandi lætur okkur sem heima sitjum líða eins og við séum á staðnum. Eitt „blikk" getur gert gæfumuninn.

+1 Fataskipti
- Það er alltaf töff þegar skipt er um búninga í miðju atriði.

Aukastig

+1 Nágrannastig
- Nágrannaþjóðir okkar fá að sjálfsögðu aukastig frá okkur. Það gengur ekki að við séum síðri en vinir okkar í Austur-Evrópu.

+1 Vorkunnarstig
- Ef einhver hrasar á sviði eða nær ekki háu tónunum þrátt fyrir annars góða frammistöðu, æi, þá plússtig.

+1 Frumlegheit
- Var atriðið óvenju frumlegt? Þá fær það aukastig.



ÚRSLIT			Stig	Plússtig +
01	Malta	**Michela Pace** Chameleon		
02	Albanía	**Jonida Maliqi** Ktheju tokës		
03	Tékkland	**Lake Malawi** Friend of a friend		
04	Þýskaland	**S!sters** Sister		
05	Rússland	**Sergey Lazarev** Scream		
06	Danmörk	**Leonora** Love is forever		
07	San Marínó	**Serhat** Say Na Na Na		
08	Norður-Makedónía	**Tamara Todevska** Proud		
09	Svíþjóð	**John Lundvik** Too late for love		
10	Slóvenía	**Zala Kralj & Gašper Šantl** Sebi		
11	Kýpur	**Tamta** Replay		
12	Holland	**Duncan Laurence** Arcade		
13	Grikkland	**Katerine Duska** Better love		
14	Ísrael	**Kobi Marimi** Home		
15	Noregur	**KEiiNO** Spirit in the sky		
16	Bretland	**Michael Rice** Bigger than us		
17	**ÍSLAND**	**Hatari** Hatrið mun sigra		
18	Eistland	**Victor Crone** Storm		
19	Hvíta-Rússland	**Zena** Like it		
20	Aserbaídsjan	**Chingiz** Truth		
21	Frakkland	**Bilal Hassani** Roi		
22	Ítalía	**Mahmood** Soldi		
23	Serbía	**Nevena Božović** Kruna		
24	Sviss	**Luca Hänni** She got me		
25	Ástralía	**Kate Miller-Heidke** Zero gravity		
26	Spánn	**Miki** La venda		

FRÉTTABLAÐIÐ

114. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 18. MAÍ 2019

Gott að vera heima með börnunum

Launin eru býsna góð og mikið betri en hér heima sem mér finnst mjög öfugsnúið því hér kostar allt meira.

Á milli þess sem Jóhannes Haukur ferðast um heiminn vegna verkefna sinna nýtur hann þess að vera heima. Hann verður stigakynnir á Eurovision en það er óliklegt að hann klæði sig upp að hætti Hatara því að börnin banna það. ➔ 34

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Eurovision gleði

Förðun, skemmtilegir fylgihlutir fyrir partíið og stemningin í Ísrael. ➔ 2, 26 og 36

Goðsögn kveður

„Þetta var ekki draumur sem rættist,“ sagði Doris Day. ➔ 38



Vill bylta kerfinu

Tillögur Hildar Fjólu um betra viðmót fyrir þolendur kynferðisbrota. ➔ 30

Lin DESIGN
ÍSLENSK HÖNNUN
SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Veður



Austan 8-13 m/s með S-ströndinni, víða 3-8. Rigning með köflum á S- og V-landi, bjart með köflum fyrir norðan og austan. SJÁ SÍÐU 48

Ferrell syngur fyrir Ísland

MENNING Bandaríski gamanleikarinn Will Ferrell steig upp á Eurovision-sviðið í Tel Avív í gær, skömmu áður en dómararennsli hófst, og tilkynnti áhorfendum að hann myndi leika söngvara Íslands í kvikmynd sem hann gerir um þessar mundir fyrir Netflix og fjallar um Eurovision. Frá þessu greindi Gísli Marteinn Baldursson, sem kynnir Eurovision fyrir Íslendinga, á Twitter.

Ferrell er staddur í Tel Avív ásamt leikkonunni Rachel McAdams en hún mun fara með hlutverk í myndinni.

Eurovision er ekki helsta áhugamál Bandaríkjamanna en Ferrell hefur þó sagst hafa sérstakan áhuga á keppninni. Sænska leikkonan Viveca Paulin, eiginkona Ferrells, kynnti keppnina fyrir honum.

– þea

Ætðu í sparifötunum

Liðsmenn Hatara fóru sem fyrr á kostum á æfingu fyrir dómararennsli í gærkvöldi. Hópurinn stígur á svið á úrslitakvöld i Eurovision í Ísrael í kvöld. Hatrið mun sigra, framlag Íslands þetta árið, hefur vakið mikla lukku og er eitt sigurstranglegasta atriði keppninnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Secret Solstice verður með gjörbreyttu sniði

REYKJAVÍK „Hátíðin í ár verður með talsvert breyttu sniði," segir Víkingur Heiðar Arnórsson, framkvæmdastjóri Secret Solstice. Samningur við borgina um að halda hátíðina í Laugardal í lok júní var samþykktur í borgarráði á fimmtudaginn. „Tónleikasvæðinu verður lokað núna hálf eitt, þá færist dagskráin niður í bæ." Víkingur segir að dögunum verði fækkað um einn, verða þetta þrír dagar í stað fjögurra.

Stjórnir foreldrafélaga skóla í nágrenni Laugardals sendu bréf til borgarráðs þar sem hvatt var til þess að hátíðin yrði ekki haldin. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, segir mikið tillit hafa verið tekið til slíkra ábendinga. „Við höfum fengið afbragðs umsagnir sem margar benda á áhyggjur af unglingadrykkju og umgengni og aðrar sem telja hátíðina góða og mikilvæga fyrir borgarlífið," segir Þórdís Lóa. „Við höfum tekið mikið tillit til þeirra ábendinga sem við höfum fengið og höfum fullan skilning á áhyggjum foreldra, við höfum það líka og þess vegna verður hátíðin með gjörbreyttu sniði í ár." **– ab**

Við höfum fullan skilning á áhyggjum foreldra.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs

Öll Eurovision-vötn falla til Hollands

Hollendingar, með Duncan Laurence einan á píanóinu, eru af mörgum taldir sigurstranglegir í Eurovision í kvöld. Veðbankar um allan heim setja þá í fyrsta sæti. Liðsmenn Hatara eru klárir í kvöldið eftir aukaæfingu.

SKRIFA FRÁ TEL AVIV
Eurovision

Benedikt Bóas
benediktboas@frettabladid.is
Ingólfur Grétarsson
ingolfurg@frettabladid.is

EUROVISION Hollendingar eru taldir líklegastir til að vinna Eurovision ef eitthvað er að marka veðbanka. Aðdáendur hér í Tel Avív eru þó ekki á því að lagið eigi skilið að vinna og það er eiginlega sama við hvern er rætt, enginn vonast eftir sigri Duncans Laurence með lagið sitt Arcade.

„Ég skil ekki alveg þessa ást sem Holland er að fá frá veðmálafyrirtækjum," sagði Duje frá Króatíu og þeir Neil og Sergey frá Rússlandi tóku í sama streng. „Þetta er leiðinlegt lag miðað við Hatara, sem er með frábært lag," sögðu þeir nánast í kór.

Laurence og hans fólk gistir á sama hóteli og íslenski hópurinn en alls eru um tíu Eurovision-hópar á Dan Panorama hótelinu. Eftir úrslit fimmtudagsins var fagnað með smá skvettu af kampavíni og vildu margir fá mynd af sér með kappanum. Alveg sama hvort það var andstæðingur í úrslitunum í kvöld eða einhverjir úr hópunum.

Ljósmyndari Morgunblaðsins smellti af fallegri mynd en fékk fljótt yfir sig skammir; að þetta væri einkasamkvæmi og hann yrði að gjöra svo vel að eyða myndinni. Engar alvöru myndir sem sagt, bara á samfélagsmiðla. Það getur verið erfitt að skilja heim Eurovision.

Írski hópurinn fagnaði sínum árangri með hálf undarlegum hætti en framlag Íra komst ekki áfram. Þau sungu fram eftir nóttu sitt eigið lag og drukku að írskum sið. Flestir voru sammála að þegar þau voru búin að syngja lagið sitt í sjö skipti að nú væri mál að linnti.

Hatari tók gærdaginn snemma. Æfði aukalega og var mætt eldsnemma í keppnishöllina en með góða skapið í farteskinu. Atriðið er númer 17 á svið sem er sama númer og Lordi og Loreen fengu. Það muna flestir ef ekki allir eftir þeim lögum.

Í íslenska hópnum, þar sem eru fjölmiðlamenn og aðrir spekúlantar, er fólk orðið spennt fyrir Áströlum og Ítölum. Það var rætt í morgunmatnum í gær að það væri þó einhver ára yfir Svíunum. Einhver sigurára, en framlag þeirra gæti þó fallið vegna rasisma því þeir eu allir dökkir á hörund.

Duncan Laurence með lagið Arcade er talinn líklegur til sigurs í kvöld þrátt fyrir frekar einfalda sviðsetningu en lagið er grípandi. MYND/THOMAS PUTTING

Þetta er leiðinlegt lag miðað við Hatara, sem er með frábært lag.

Neil og Sergey frá Rússlandi

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Nýtt blað komið út

Sjá husa.is

Tilboðsveisla

Gerðu betri kaup

Sjáðu verðið!

IKRA mögatec

4.995kr

Rafmagnsorf
350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, framlengjanlegt skaft.
5086616

Sjáðu verðið!

IKRA mögatec

17.995kr

Sláttuvél
Rafmagnssláttuvél, 1400W, sláttubreidd 34 cm, 5 hæðastillingar, 25-65 cm, eitt handtak, 35 ltr., safnari.
5085136

TEXAS

26% afsláttur

33.995kr

~~45.995 kr~~

Bensínsláttuvél Razor 1610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, skurkerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301

25% afsláttur

Sumarblómin komin

1.490kr

~~1.890 kr~~

Margarita
Sumarblóm.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

OUTBACK

18.990kr

~~23.990 kr~~

Gasgrill
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði, grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

OUTBACK

29.990kr

~~39.990 kr~~

Gasgrill, 3ja brennara
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393

Broil King

49.990kr

~~61.990 kr~~

Gasgrill Crown 310
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317

Allir útipottar 20% afsláttur

999kr

~~1.990 kr~~

Sýpris í útipottinn
80-100 cm.

AUTHOR®

20% afsláttur

Fjalla- og götuhjól 26"

42.000kr

~~52.500 kr~~

Reiðhjól Outset
26"Trophy, 17" og 19" hjól, grind, svart/appelsínugult, Shimano 21 gírar, þyngd 14,1 kg.
3901414

JOTUN

Öll LADY málning

25% afsláttur

JOTUN

Öll pallaolía frá Jotun

20% afsláttur

Burt með mosann

5.490kr

Mosaeyðir 5 kg
10205047

TÖLUR VIKUNNAR 12.05. 2019 TIL 18.05. 2019

38 prósent landsmanna eru hlynnt banni við hvalveiðum. 36 prósent eru andvíg.

40 þingmenn kusu með nýjum lögum um þungunarrof á Alþingi.

80 prósent fólks á aldrinum 18 til 24 ára eru hlynnt þungunarrofi fram til loka 22. viku meðgöngu.

3.000 ábendingar hafa borist lögreglu síðastliðið ár vegna óleyfilegrar skammtímaleigu.

27 prósent landsmanna vilja að Ísland sniðgangi Eurovision í ár. Konur og yngra fólk vill frekar sniðganga keppnina.

Þrjú í fréttum
Siðareglur, stigareglur og stjörnur

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir *þingmaður Pírata* er af siðanefnd Alþingis álitin hafa brotið gegn ákvæðum í siðareglum þingsins með ummælum um Ásmund Friðriksson og endurgreiðslur sem hann naut frá Alþingi.

Jóhannes Haukur Jóhannesson *leikari* verður stigakynnir Íslands á Eurovision í kvöld. Ætlar ekkert að flækja málin og kynna stigin hratt og örugglega til að pirra ekki áhorfendur um allan heim.

Hatari *framlag Íslands til Eurovision* hefur vakið verðskuldaða athygli í Ísrael í vikunni og raunar meiri athygli en áður hefur þekkst. Liðsmenn hafa farið í viðtal við hvern stórmiðilinn á fætur öðrum og sýnt þeim sem ferkantaðri eru að það er í lagi að vera öðruvísi.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Ótrúverðug rök siðanefndar um Björn og Þórhildi Sunnu

Jón Ólafsson, prófessor og formaður nefndar um traust á stjórnmálum, furðar sig á áliti siðanefndar Alþingis um brot Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur. Hann segir niðurstöðuna ótrúverðuga. Torskilinn munur á afstöðu nefndarinnar til ummæla þingmannanna Björns Levís Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu.

STJÓRNMÁL „Þessi niðurstaða vekur ótal spurningar. Það út af fyrir sig er ótrúverðugt," segir Jón Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, um þá niðurstöðu siðanefndar Alþingis að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir hafi brotið siðareglur þingsins með ummælum sínum um akstur Ásmundar Friðrikssonar í fyrra.

Jón, sem var formaður starfshóps forsætisráðherra um traust á stjórnmálum, segir siðanefndina hafa túlkað orð Þórhildar Sunnu með einstrengingslegum hætti og að erfitt sé að fylgja röksemdafærslu nefndarinnar. Niðurstaðan sé ótrúverðug.

Meðal þess sem torskiljanlegt kann að þykja er hvers vegna nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að Björn Leví Gunnarsson sé innan marka siðareglna en Þórhildur Sunna ekki. Siðanefndin telur óljóst hvort Björn Leví fullyrði í ummælum á Facebook að Ásmundur sé þjófur eða hvort hann kalli eftir rannsókn á hvort hann sé þjófur.

„Ruglingsleg ummæli Björns Levís um hvort Ásmundur væri þjófur – þar sem hann í sömu andránni kallar Ásmund þjóf en segir jafnframt að hann sé ekki að halda því fram að hann sé þjófur – má skoða í því ljósi. Með tilgreindum ummælum hafi hann verið að útskýra að í beiðni um rannsókn felist viss ásökun og hann tekur fram að beiðnin lúti að öllum þingmönnum sem þegið hafa endurgreiðslur vegna aksturs." Með þessum rökum kemst siðanefndin að þeirri niðurstöðu að Björn Leví sé innan marka siðareglnanna.

Um önnur ummæli Björns Levís á Facebook þar sem hann vísar til „brots" Ásmundar segir siðanefndin að „[þ]ótt hugtakið „brot" kunni að hljóma harkalega verður ekki framhjá því litið að reglur um endurgreiðslu aksturskostnaðar þingmanna veita umtalsvert svigrúm og að í þeim geti verið „grá svæði"." Þá vísar nefndin til erindis Ásmundar til forsætisnefndar þess efnis að honum hefði orðið ljóst að það orkaði tvímælis að blanda saman ferðum sínum um kjördæmið og ferðum á sama tíma með tökufólki ÍNN. Svo segir í niðurstöðu siðanefndarinnar:

„Að framansögðu er það mat siðanefndar að Björn Leví Gunnarsson hafi haldið sig innan þess svigrúms sem þingmenn hafa til að leggja fram gagnrýni hver á annan."

Öðru máli gegnir hins vegar um ummæli Þórhildar Sunnu. Í niðurstöðu nefndarinnar segir að fullyrðingar þingmanns um rökstuddan grun um refsivert athæfi annars þingmanns gefi til kynna að hann búi yfir upplýsingum þar að lútandi enda kunni þingmenn í krafti trúnaðarstöðu sinnar að hafa aðgang að ýmsum gögnum og upplýsingum.

„Það er mat siðanefndar að órökstuddar aðdróttanir af hálfu þingmanna um refsiverða háttsemi annarra þingmanna sé til þess fallið að kasta rýrð á Alþingi og skaða ímynd þess. [...] Þá telur siðanefnd ummæli af því tagi sem hér eru til umfjöllunar, fela í sér ásökun um að viðkomandi þingmaður hafi brugðist því trúnaðarhlutverki sem þingmönnum er falið við fjárstjórnarvald Alþingis með refsiverðu broti er varðar jafnvel fangelsi, ekki í samræmi við þann ásetning þingmanna að rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika og virðingu fyrir Alþingi, stöðu þess og störfum."

adalheidur@frettabladid.is

Þórhildur Sunna og Björn Leví, þingmenn Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hin umdeildu ummæli þingmannanna

Nokkur af ummælum Björns Levís:

Okt. 2018: Vissulega hefur verið talað um að rangar skráningar í akstursdagbók geti talist fjársvik [tilvísun í frétt] en enginn þingmaður Pírata hefur ásakað Ásmund um slíkt ... fyrr en núna.

Nóv. 2018: Hvað ásökunina varðar. Ég get ekki sent inn erindi þar sem ég óska eftir rannsókn án þess að í því felist ásökun. Ég er ekki að segja að hann sé þjófur. Ég er að ásaka hann um þjófnað. Tvennt ólíkt.

Nóv. 2018: Hversu heppilegt er að innleiðingu reglna um notkun bílaleigubíla lauk einmitt þegar Ásmundur var kominn á bílaleigubíl – eftir að það var búið að vekja athygli á brotinu?

Ummæli Þórhildar Sunnu, 25. febrúar 2018:

Við sjáum það að ráðherrar þjóðarinnar eru aldrei látnir sæta afleiðingum, þingmenn þjóðarinnar eru aldrei látnir sæta afleiðingum. Nú er uppi rökstuddur grunur um það að Ásmundur Friðriksson hafi dregið að sér fé, almannafé, og við erum ekki að sjá viðbrögð þess efnis að það sé verið að setja á fót rannsókn á þessum efnum.

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

SÁPAN MUN SIGRA

ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 91440 05/19

Í dag, 18. maí kl. 11–15
bjóðum við öllum Toyota-eigendum að hita upp fyrir söngvakeppnina með sápuþvotti hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Við þrífum bílana að utan, grillum og bjóðum upp á ískalt gos og sápukúl sumarglaðning fyrir börn og fullorðna.

Engin vandamál – bara lausnir.

Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS
2019

Ólöglegur halli á Hjartagarðinum

SKIPULAGSMÁL Halli frá Laugaveginum inn í Hjartagarðinn er langt yfir leyfilegum mörkum og brýtur gegn ákvæðum byggingarreglugerðar. Samkvæmt henni er mesti leyfilegi hallinn fimm prósent en hallinn í Hjartagarðinn, sem nýlega var endurnýjaður, er 15 prósent.

Vakin er athygli á þessu í aðgengisátaki Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) og segir Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, aðgengisfulltrúi ÖBÍ, að slík brot séu mun algengari en margur myndi halda.

„Við erum að reka okkur á þetta miklu oftar en maður myndi halda. Halli yfir fimm prósent hefur mjög mikil áhrif á hreyfihamlað fólk og fólk sem á erfitt með gang og hvað þá þegar hann er kominn upp í 15 prósent," segir Margrét. „Það er svolítið í hið brattasta."

Hún segir að slík brot á byggingarreglugerðum séu nokkuð algeng en það sé þó ekki oft svo mikill halll eins og raun ber vitni í Hjartagarðinum.

Hallinn í Hjartagarðinum. MYND/ÖBÍ

Hún segir að það vanti eftirlit með því að byggingarreglugerðum sé fylgt eftir. „Það er ekkert eftirlit með því að reglum sé fylgt eftir og það er eitthvað sem þarf að breytast," segir Margrét.

„Þetta skerðir aðgengi allra, ekki bara þeirra sem þurfa á aðgengi að halda, heldur bara gangandi vegfarenda og já, allra," segir Margrét. **– oæg**

Enn ein álagningin bætist nú við sendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sendingargjald verður lagt á

VIÐSKIPTI Frá og með 3. júní næstkomandi mun Íslandspóstur leggja 400 krónur á sendingar frá Evrópu og 600 krónur á hverja sendingu frá löndum utan Evrópu. Svokallað sendingargjald verður innheimt af öllum erlendum sendingum auk aðflutningsgjalda en heimild þessi var nýverið samþykkt á Alþingi með viðauka við póstlög.

Samkvæmt tilkynningu frá Íslandspósti er gjaldinu ætlað að „standa undir kostnaði við dreifingu erlendra sendinga sem hingað berast frá erlendum póstfyrirtækjum".

Eftir þessa breytingu munu sendingar frá útlöndum sem innihalda vörur því bera aðflutningsgjöld sem greidd eru til ríkisins, ásamt umsýslugjaldi og hinu nýja sendingargjaldi sem Íslandspóstur innheimtir.

Helga Sigríður Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, segir fyrirtækið gera sér grein fyrir að þessi ráðstöfun muni valda einhverri óánægju. **– smj**

Hitamælar Veðurstofu settu hundrað leiguíbúðir í frost

Ekkert verður af uppbyggingu Heimavalla á hundrað hagkvæmum leiguíbúðum á Veðurstofureitnum. Leigufélagið sagði sig frá verkefninu. Framkvæmdastjóri segir að tilfærsla á hitamælum muni tefja verkið um of.

Heimavellir telja að biðin eftir að hægt verði að losna við mæla Veðurstofunnar sé of löng. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SKIPULAGSMÁL Leigufélagið Heimavellir hefur ákveðið að segja sig frá viðræðum við Reykjavíkurborg um fyrirhugaða uppbyggingu hundrað hagkvæmra leiguíbúða fyrir ungt fólk á Veðurstofureitnum svokallaða við Bústaðaveg. Viðræðurnar hafa staðið yfir frá því í nóvember í fyrra en að sögn framkvæmdastjóra leigufélagsins varð ekkert ósætti milli aðila. Hitamælar Veðurstofu Íslands á lóðinni hafi hins vegar skapað óyfirstíganlega hindrun.

„Það er ekkert ósætti eða neitt slíkt og það er ekki eins og borgin hafi verið að draga lappirnar," segir Arnar Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Heimavalla hf.

„Það eru þarna hitamælar við Veðurstofuna sem eru búnir að mæla hitann í Reykjavík í einhverja áratugi. Ef þú byggir hús fyrir framan mælana þá eru mælingarnar ekki sambærilegar við það sem áður var. Þá þarf að færa mælana en svo þarf að keyra gömlu og nýju mælana saman í allt að tvö ár. Þá er þetta orðið það langur tími að við ákváðum að segja okkur frá þessu."

Á meðan gömlu og nýju mælarnir væru að stilla saman strengi sína væri því allt byggingarverkefnið svo gott sem stopp.

„Þá er þetta orðið það langur tími að við ákváðum að segja okkur frá þessu.

Arnar Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Heimavalla

„Það væri hægt að grafa holuna og steypa sökkul. En ekki mikið meira en það," segir Arnar Gauti.

Tilkynnt var um það þann 1. nóvember 2018 að borgarráð Reykjavíkurborgar hefði samþykkt að hefja viðræður við Heimavelli um lóðavilyrði vegna Veðurstofureitsins. Arnar Gauti segir viðræður hafa staðið við borgina síðan en í tilkynningu Heimavalla til Kauphallar Íslands segir að nú sé ljóst að aðilar nái ekki saman um „grundvallarforsendur verkefnisins og hafa Heimavellir því ákveðið að segja sig frá verkefninu."

Sem fyrr segir stóð til að reisa þarna hundrað íbúðir ætlaðar ungu fólki í samvinnu við Ístak, Eflu og Glámu-Kím. Íbúðir sem vissulega er eftirspurn er eftir. Aðspurður hvort Heimavellir séu að horfa annað í framhaldinu fyrir verkefnið segir Arnar Gauti svo ekki vera. Félagið sé búið að festa kaup á 164 íbúðum á Hlíðarendareitnum sem byrji að koma til afhendingar í sumar og ætli að einbeita sér að því.

mikael@frettabladid.is

Landsbanki segir hagvaxtarskeið búið

EFNAHAGUR Eftir samfelldan hagvöxt frá og með árinu 2011 er nú útlit fyrir efnahagssamdrátt á yfirstandandi ári. Þetta kemur fram í þjóðhags- og verðbólguspá Landsbankans. Gert er þó ráð fyrir að samdrátturinn verði lítill og skammvinnur.

0,5%

samdrætti í landsframleiðslu er spáð.

Hagvöxtur í fyrra var 4,6% samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands og var þannig öllu meiri en Landsbankinn hafði spáð fyrir um í október í fyrra þar sem hann gerði ráð fyrir 3,9% hagvexti. Á sama tíma var reiknað með 2,6% hagvexti í ár en eftir meiriháttar áföll í lykilútflutningsgreinum, ferðaþjónustu og sjávarútvegi í formi gjaldþrots WOW air og loðnubrests, er nú gert ráð fyrir 0,5% samdrætti landsframleiðslu.

Í spánni kemur fram að samdrátturinn vari líklega stutt og strax á næsta ári megi gera ráð fyrir 2,5% hagvexti, studdum af auknum fjárfestingum hins opinbera, íbúðafjárfestingu og hægfara viðsnúningi í ferðaþjónustunni.

Á fyrsta ásfjórðungi ársins 2019 mældist verðbólga 3,1% en gert er ráð fyrir að hún nái hámarki á fyrri árshelmingi næsta árs og fari upp í 3,6%. Þá er gert ráð fyrir að hún leiti aftur niður og nái verðbólgumarkmiðinu, 2,5%, á öðrum ársfjórðungi ársins 2021.

Búist er þá við að minni óvissa varðandi launaþróun næstu ára í kjölfar undirritunar kjarasamninga og nokkuð stöðugt gengi krónunnar slái á langtímaverðbólguvæntingar í atvinnulífinu. Þetta ásamt inngripum seðlabankans á gjaldeyrismarkaði skapar svo verulegt svigrúm til lækkunar stýrivaxta. Þannig er gert ráð fyrir að stýrivextir lækki um rúmt eitt prósentustig í nokkrum skrefum fram á mitt ár 2021.

Fram kemur í spánni að í ljósi viðsnúnings í efnahagsþróuninni sem nú er fram undan aukist svo hættan á að hagstjórnarmistök geti haft neikvæð áhrif á þá aðlögun sem þarf að eiga sér stað í stjórn peningamála og ríkisfjármála. Auk þess geti mikil óvissa um þróun í fjölda ferðamanna á næstu árum haft mikil áhrif á þróun þessarar stærstu útflutningsatvinnugreinar þjóðarinnar. **– ókp**

Kringlan

Með hækkandi sól koma

SUMARDAGAR

Leikir úti og inni, trampólín, hoppukastali, sápukúlumeistari, andlitsmálun, ís og fullt af allskonar tilboðum um helgina!

HATARA VARNINGUR TIL SÖLU
Í POPUP VERSLUN Í DAG

Klæðum okkur samkvæmt áætlun

OPIÐ: LAUGARDAG 10–18 | SUNNUDAG 13–18 | KRINGLAN.IS

KONTOR REYKJAVÍK

Johnson mælist vinsælastur

BRETLAND Boris Johnson, fyrrverandi utanríkisráðherra Bretlands og einn helsti baráttumaðurinn fyrir útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, mælist með mest fylgi í nýrri könnun YouGov um mögulega arftaka Theresu May sem leiðtogi flokksins.

Boris Johnson.

Alls sögðust 39 prósent aðspurðra helst vilja að Johnson tæki við af May. Dominic Raab, fyrrverandi ráðherra útgöngumála, mældist næstvinsælastur með um þrettán prósenta fylgi. Þeir Johnson og Raab eiga það sameiginlegt að hafa sagt af sér vegna óánægju með það hvernig May hefur haldið utan um útgönguferlið. Johnson vegna áætlunar May um mjúka útgöngu og Raab vegna samningsins sem May gerði við ESB.

May sagði í vikunni að hún ætlaði að opinbera áætlun um leiðtogakjörið þegar atkvæðagreiðslan um Brexit-samninginn er afstaðin. Sú atkvæðagreiðsla fer fram í fyrstu viku júní. Þetta verður í fjórða skipti sem þingið greiðir atkvæði um samninginn en hann hefur verið felldur í hvert einasta skipti, sem og reyndar aðrar hugmyndir um hvernig hátta skuli útgöngu.

– þea

Hamingjutár

Það mátti greina mikla og ósvikna gleði á götum Taípei, höfuðborgar Taívans, í gær. Þessir sem hér má sjá voru ef til vill á meðal þeirra allra glöðustu og felldu hamingjutár. Þingið hafði þá samþykkt frumvarp um að lögleiða samkynja hjónabönd og stóð meirihlutinn af sér breytingartillögur íhaldsfólksins sem er í minnihluta. Taívan varð með þessu fyrsta ríkið í Asíu til þess að lögleiða samkynja hjónabönd. NORDICPHOTOS/AFP

Hlutur ferðamanna í áfengissölu óviss

Óvíst er hve ferðamenn neyta mikils af áfengi á Íslandi. Vínkaupmaður segir tölur Landlæknisembættisins ekki standast skoðun og dregur í efa fullyrðingar um áhrif aukins aðgengis. Verkefnastjóri hjá Landlækni segir duga að bera saman Danmörku og Ísland.

HEILBRIGÐISMÁL Heildarneysla á áfengi hér á landi hefur aukist töluvert á síðustu árum. Hefur það farið úr 6,7 lítrum af áfengi á íbúa 15 ára og eldri árið 2010 upp í 7,7 lítra í fyrra.

Embætti landlæknis fullyrðir að áfengisneysla Íslendinga sé að aukast sem verði til þess að Ísland nái ekki markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir árið 2025 og beita þurfi verðstýringu ásamt því að takmarka aðgengi. Athygli vekur að í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir þeim 2,2 milljónum ferðamanna sem koma til landsins.

Arnar Sigurðsson vínkaupmaður hefur farið yfir tölfræðina ásamt því að hafa lesið rannsóknir um áhrif aukins aðgengis að áfengi. Hann hafnar alfarið að þarna sé beint orsakasamhengi.

„Ef við berum þetta saman við aðgengi að mat þá sjáum við að verslanir sem eru opnar allan sólarhringinn eru ekki valdur að offitu. Hvorki hjá börnum né fullorðnum," segir Arnar. „Það er alveg sama með áfengi. Í dag er aðgengið nánast algjört. Bæði með margföldun vínveitingastaða og Vínbúðum."

Hann segir að þegar tekið sé mið af fjölgun ferðamanna komi í ljós að áfengisneysla fari minnkandi meðal Íslendinga þrátt fyrir aukið aðgengi. „Það stenst ekki skoðun að þær milljónir ferðamanna sem hingað koma séu allar góðtemplarar."

Sveinbjörn Kristjánsson, verkefnastjóri hjá Landlækni, viðurkennir að ekki sé tekið mið af fjölgun ferðamanna í tölum embættisins, en á móti sé heldur ekki talið áfengi sem fólk kaupir í Fríhöfninni. „Við höfum litið á það þannig að fjölgun ferðamanna hafi ekki haft svo mikil áhrif. Þegar kemur á móti hvað Íslendingar fara mikið til útlanda, eins og nýlegar tölur sýna, þá jafnast þetta út," segir Sveinbjörn. „Bandarískir ferðamenn tíma ekki að kaupa sér bjór á Íslandi, nýta sér Fríhöfnina. Fólk veit þetta."

Áfengi er selt í verslun ríkisins á Keflavíkurflugvelli ásamt sælgæti, leikföngum og raftækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

> **Það stenst ekki skoðun að þær milljónir ferðamanna sem hingað koma séu allar góðtemplarar.**
>
> Arnar Sigurðsson, vínkaupmaður

Arnar segir tvískinnungs gæta hjá hinu opinbera. Boðaðar séu takmarkanir en á sama tíma aðgengi aukið með fjölgun Vínbúða ásamt viðamikilli starfsemi á Keflavíkurflugvelli. „Ef ríkinu er alvara með þessum málflutningi þá væri það ekki að selja áfengi á sama stað og sælgæti, raftæki og leikföng."

Sveinbjörn segir bætta þjónustu Vínbúða, bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, vera viðbragð við þrýstingi áfengisiðnaðarins. „Það er varnarbarátta, til að draga úr rökum hinna að ekki sé hægt að kaupa áfengi, og eðlileg þróun."

Það hefur margsinnis komið fram í umsögnum Landlæknisembættisins við lagafrumvörp sem snúa að áfengi, að aukið aðgengi þýði aukinn skaða af völdum áfengis. Hefur embættið ávallt lagst gegn því að bann við heimabruggun sé afnumið sem og afnám einkaleyfis ríkisins á áfengissölu. „Menn mega alveg hafa þá lífsskoðun að vilja ríkisrekstur á öllum sviðum. Þá eiga menn að segja það, ekki dulbúa það sem vísindi," segir Arnar. „Ég hef lesið ótal rannsóknir á þessu sviði og hvergi hef ég rekist á beint orsakasamhengi um að aukið aðgengi þýði aukna neyslu. Allt tal í bergmálshellum um að það sé margsannað er einfaldlega rangt."

> **Það er alltaf að koma betur í ljós hvað áfengi er skaðlegt, nýjustu rannsóknir benda til að jafnvel hófleg drykkja sé skaðleg.**
>
> Sveinbjörn Kristinsson, verkefnastjóri hjá Landlæknisembættinu

Engin dæmi séu til staðar um beint afnám einokunarverslunar á áfengi á síðustu árum. Bendir Arnar á að áhyggjur hafi verið á lofti um aukið aðgengi þegar opnunartími vínveitingastaða var gefinn frjáls í Bretlandi og á Íslandi. „Það er komin tíu ára reynsla á þetta í Bretlandi. Það var varað við auknu ofbeldi, ofdrykkju og alkóhólisma. Ekkert af þessu rættist. Það nákvæmlega sama var sagt um bjórinn á Íslandi á sínum tíma."

Sveinbjörn segir einfaldast að bera saman Danmörku og Ísland. „Danmörk, þar sem aðgengið er mjög gott, sker sig alveg úr þegar kemur að áfengisneyslu. Það er alltaf að koma betur í ljós hvað áfengi er skaðlegt, nýjustu rannsóknir benda til að jafnvel hófleg drykkja sé skaðleg." **arib@frettabladid.is**

7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

Stöðugur kraftur — stílhreinar línur

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lesa má nánar um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Einstök stórsýning á GT-línunni frá Kia

Í dag er sannkölluð stórsýning á hinni breiðu GT-línu frá Kia. Í GT-línunni eru Kia bílar í einstökum útgáfum með sportlegra og ennþá stílhreinna útlit að innan sem utan. Við sýnum fjölmargar og glæsilegar útgáfur af Kia Picanto, Sportage og Sorento. Þá verða hinir ofursvölu verðlaunabílar ProCeed og Stinger í sérstöku heiðurssæti á sýningunni.

Komdu í heimsókn í dag kl. 12–16 og sjáðu demantana úr verksmiðjum Kia.

KIA
The Power to Surprise

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Rétturinn til sjálfsákvörðunar í hættu

Bandarískir Repúblikanar ræða nú um að setja ný lög um bann við þungunarrofi. Sá skýri meirihluti íhaldsmanna sem situr nú í hæstarétti vekur vonir Repúblikana um að hægt sé að snúa við þýðingarmiklum dómi um réttinn til sjálfsákvörðunar.

BANDARÍKIN Þau ríki Bandaríkjanna þar sem Repúblikanar eru við völd, ýmist á þingi, í ríkisstjórabústaðnum eða hvort tveggja, hafa það sem af er ári keppst við að setja ný og hert lög um þungunarrof. „Þetta er eitt öflugasta árið í manna minnum," hafði The New York Times eftir Steven Aden, lögmanni samtakanna Americans United for Life, er berjast gegn þungunarrofi þar í landi.

Missouri er nýjasta ríkið til þess að bætast í hópinn. Öldungadeild ríkisþingsins samþykkti í vikunni að þungunarrof yrði gert ólöglegt eftir áttundu viku meðgöngu og eru þunganir sem komu til við nauðgun eða sifjaspell ekki undanskildar. Málið hefur hins vegar ekki verið afgreitt úr fulltrúadeild og ríkisstjóri því ekki skrifað undir.

Á meðal annarra ríkja sem hafa hert löggjöfina eru Georgía, Mississippi, Kentucky og Ohio en þau hafa bannað þungunarrof um leið og hægt er að greina hjartslátt fósturs. Hann getur greinst afar snemma á meðgöngu, svo snemma að sögn andstæðinga löggjafarinnar að ólíklegt er að viðkomandi viti af óléttunni. Ekkert ríki hefur gengið jafnlangt og Alabama sem hefur lagt blátt bann við þungunarrofi nema óléttan sé lífshættuleg. Frumvörp annarrar hvorrar gerðar eru enn til umræðu í nokkrum ríkjum til viðbótar.

Markmið Repúblikana er að fá hæstarétt til þess að snúa við dómi í máli Roe gegn Wade sem tryggði rétt til sjálfsákvörðunar.

Ástæðuna fyrir þessari þróun má líklegast rekja til þess að frá því að Donald Trump tók við embætti Bandaríkjaforseta hefur hann fengið tvo íhaldssama dómara í hæstarétt og eru íhaldsmenn því með skýran meirihluta við dómstólinn.

Hæstiréttur dæmdi svo árið 1973 í máli Roe gegn Wade að einstaklingar hefðu stjórnarskrárvarinn rétt til þungunarrofs þar til fóstur telst lífvænlegt. Með því að setja löggjöf sem stangast á við það fordæmi vonast íhaldsmenn til þess að hæstiréttur taki málið upp og hinn íhaldssami meirihluti snúi dómnum við.

Ekki er víst að þessi ósk verði að veruleika. Að mati skýranda The New York Times er líklegt að neðri dómstig felli bönnin úr gildi og þá er alls óvíst að hæstiréttur samþykki að taka málið fyrir.

thorgnyr@frettabladid.is

Hert löggjöf um þungunarrof árið 2019



Samþykkt bann við greinanlegan hjartslátt
Frumvarp um bann við greinanlegan hjartslátt
Samþykkt algjört bann nema í lífshættu
Samþykkt bann eftir að meðganga er hálfnuð
Frumvarp um algjört bann

Þessi er jafnvel enn óseldur. NORDICPHOTOS/GETTY

Snjallsímar í frjálsu falli

TÆKNI Snjallsímaframleiðendur eru í sterkum mótbyr og markaðurinn er í frjálsu falli. Þannig hafa Sundar Pichai, forstjóri Google, og greiningarfyrirtækið Canalys lýst stöðu snjallsímamarkaðarins nýverið. Tölurnar sem birtust í skýrslu Canalys fyrir fyrsta ársfjórðung fyrr í mánuðinum renna stoðum undir þennan málflutning.

Hjá risunum tveimur á markaði, Samsung og Apple, sem höfðu um 39 prósenta markaðshlutdeild á fyrsta ársfjórðungi 2018, er staðan einna svörtust. Markaðshlutdeildin stóð í 35,6 í ár og seldum snjallsímum fækkaði samanlagt um tuttugu milljónir. Sala hjá Apple dróst saman um 23,2 prósent og Samsung um tíu prósent. Heilt yfir dróst sala snjallsíma á heimsvísu saman um 6,8 prósent.

Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Greinendur sem tæknimiðillinn Techcrunch ræddi við bentu á að nýjasta flaggskip Apple, iPhone XS, hafi verið of líkur fyrri síma og að snjallsímar nú séu orðnir það góðir og dýrir að neytendur kaupi sér sjaldnar nýja síma. Þá hefur áður verið bent á það að sala nýrra snjallsíma í Kína, sem áður keyrði áfram vöxtinn, hefur dregist saman undanfarin misseri.

Þrátt fyrir samdrátt í heildina mátti finna augljósan sigurvegara á fyrsta ársfjórðungi ársins. Sala á Huawei-símum jókst nefnilega um helming miðað við sama tíma í fyrra. Úr 39 milljónum í 59. Svo virðist sem háværar ásakanir um að fyrirtækið njósni um neytendur hafi lítil áhrif á heildarmyndina.

– þea

Endurreikningur greiðslna ársins 2018

Niðurstöður endurreiknings greiðslna ársins 2018 verða birtar á **Mínum síðum 22. maí.**

Nánar á tr.is

TR

Tryggingastofnun
Hlíðasmára 11 | 201 Kópavogur
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

Pipar\TBWA \ SÍA

ID. 3
100% rafmagnaður.

Forsala er hafin á
volkswagen.is/ID

Volkswagen

Fylgist með kærastanum á stóra sviðinu

Andrean Sigurgeirsson, dansari Hatara, hefur vakið mikla athygli um allan heim. Kærasti hans, Viktor Stefánsson, segir það einstaka upplifun að fylgja Hatara í keppninni. Hann segist stoltur af hópnum enda hafi hann reynt að vekja athygli á góðum málstað.

Andrean, einn af dönsurum Hatara, heldur hér utan um Matthías Haraldsson söngvara. NORDICPHOTOS/GETTY



Viktor er stoltur af sínum manni.

EUROVISION Andrean Sigurgeirsson, dansari og meðlimur Hatara, hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína í Eurovision. Evrópa dáist að danshæfileikum hans, framkomu og fatavali. Viktor Stefánsson, kærasti Andreans, er staddur í Tel Avív og segir ferðina hafa verið ævintýri líkast.

„Þetta er einstök upplifun, að fá að fylgja liðinu út og hvað þá að sjá kærastann sinn dansa og „deathdroppa“ í leðurbúningi á sviði fyrir framan rúmlega 300 milljón manns,“ segir Viktor og bætir því við að hann sé afar stoltur af hópnum.

Viktor er sjálfur mikill aðdáandi Eurovision en segir Andrean ekki vera þekktan fyrir ást sína á keppninni. „Andrean mætir í Eurovisionpartíin en hann þekkir ekki sigurvegara fyrri ára eða getur sungið lögin, nema kannski Euphoria. En já, mér finnst þetta skemmtilegt! Hvað getur maður ekki fílað við þetta?“ segir Viktor. Hann segir keppnina hafa gefið heiminum mörg góð lög til að dansa við og að hugmyndin um að Evrópa skuli koma saman einu sinni á ári í keppni sem þessari sé afar jákvæð.

Mikið hefur verið rætt um þá staðreynd að keppnin sé haldin í Ísrael þrátt fyrir deilur Ísraels og Palestínu. Viktor segir það alþekkt að stjórnvöld nýti stórviðburði til þess að fegra ímynd sína og að þar séu ísraelsk stjórnvöld engin undantekning. Hann segir þversögn fólgna í því að halda viðburð sem táknar sameiningu og ást í landi þar sem þjóðernishópar eru aðskildir og einangraðir og ástand sé óstöðugt. „Við fyrstu sýn virðist Tel Avív vera eins og hver önnur frjálslynd stórborg. En það er margt sem liggur þarna að baki sem flestir munu ekki sjá. Gjörningur og list á að vera gagnrýnin og vekja viðbrögð, þá hefur hún gert sitt. Þetta er vettvangur til þess að skapa umræðu og beina sjónarhorni almennings frá glamúrnum yfir á raunveruleg málefni.“

Að áliti Viktors hefur Hatara tekist að skapa mikla umræðu. „Hatari er gjörningur sem óneitanlega skapar viðbrögð, góð sem slæm.“ Hann segir hópinn hafa áhrif á margan hátt og nefnir að þátttaka hans í keppninni hafi til að mynda haft jákvæð áhrif á hinsegin samfélagið með búningavali og sýnileika regnbogafánans. En Hatari veifaði fánanum þegar ljóst var að hópurinn hefði komist í úrslit keppninnar.

Hatara hefur verið spáð góðu gengi og jafnvel sigri í keppninni í ár og segir Viktor Ísland vel geta haldið keppnina fari svo að Hatari sigri. „Höllin hér gerir það ljóst að það þarf ekki einhvern ólympíuleikvang til að halda þessa keppni. Ég held að það séu rúmlega sjö þúsund manns í salnum hér miðað við einhver 40 þúsund þegar Þýskaland hélt keppnina. Þannig að við gætum alveg hundrað prósent haldið keppnina“. Lykilinn segir Viktor vera að Íslendingar tileinki sér aga í stað þess að reiða sig á „reddastþankaganginn“ sem af mörgum er sagður einkennandi fyrir þjóðina.

birnadrofn@frettabladid.is

Stór rafverktaki og verslun í eigin húsnæði

Velta 2018 265 miljónir. Leiðrétt ebitda um 20 miljónir.

Rafverktaki sem byggir á 45 ára reynslu, með ráðandi markaðsstöðu á stóru landssvæði. Starfsemi þjónustu og að auki verslunar í eigin 364 fm. húsnæði.

Þjónusta:
- Allur iðnaður til sjávar og sveita
- Eldvarnar, þjófavarnar, loftnets, tölvukerfi og samskiptakerfi
- Skip og báta af öllum stærðum og gerðum.
- Allar almennar raflagnir í íbúðarhúsum og fjölbýlishúsum.
- Verslun með vörur m.a. frá Heimilistækjum, Smith&Norland, Rönning, ofl
- Uppsetningar á fiskleitar og siglingatækjum í skip og báta

Verkefni tengjast verkefnum allt frá hinum smæstu til hinna stærstu, m.a.:
- Kjöt- og fiskvinnslur
- Virkjanir og hótel
- Ríki og sveitarfélög
- Bankar, verslanir og smáfyrirtæki
- Fyrirtæki tengd sjávarútvegi ofl .

Möguleikar í kaupum á félaginu.
1. Kaupa félagið í heild með öllum eignum og öllum skuldum.
2. Kaupa rekstur á verktakaþjónustu og verslun út úr félaginu og leigja húsnæðið af félaginu.
3. Kaupa verktakaþjónustuna sér út úr félaginu, og mögulega leigja húsnæði af félaginu.
4. Kaupa verslunarreksturinn sér út úr félaginu og mögulega leigja húsnæði af félaginu.
5. Möguleiki að yfirtaka í heild eða hluta skuldir við lánastofnanir upp á 31,4 miljónir sem hluta af fjármögnun.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Óskar Thorberg Traustason, MBA Rekstrarhagfræðingur
Kompaní fyrirtækjasala, netfang oskarthorberg@kompani.is.
s. 659-2555.

Það var mikið stuð á áhangendasvæðinu í Tel Avív þegar Hatari steig á svig á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT

Allir límdir við skjáinn

Benedikt Bóas og Ingólfur tóku vegfarendur tali í Tel Avív.

Duje
frá Króatíu



Tel Avív er ótrúleg borg. Ég kom hingað á þriðjudag og fór beint í Eurovillage. Síðan höfum við ferðast um og borgin er full af lífi. Hér eru allir svo rólegir, allt er svo frjálst og hefur allt. Sjó, strendur, góðan mat, partí og fólkið er mjög yndislegt. Það er eitthvað sérstakt við þetta land.

Hatari er með stórkostlegt atriði. Þeir verða við toppinn en ég er ekki viss að þeir endi sem sigurvegarar. Þetta er ekki endilega tebolli Evrópu – þeir eru svolítið rosalegir.

Ég skil ekki alveg þessa ást sem Holland er að fá frá veðmálafyrirtækjum. Ástralía er rosalegt atriði og eitthvað sem maður hefur ekki séð áður í Eurovision og ég hélt ég hefði séð allt í Eurovision.

Ég held líka með Sviss og Danmörku og Spánn er með gott lag. Hann kom á svið í Wiwibloggspartíinu og staðurinn fór á hliðina en Spánn vinnur aldrei, maður veit þó aldrei.

Gidi
frá Tel Avív

Bros fólksins kemur frá sólinni og sjónum. Hver er í vondu skapi í svona aðstæðum?

Okkar maður Kobi Marimi er mitt uppáhald að sjálfsögðu. Röddin hans er svo rosaleg.

Ég er svolítið hræddur við atriði Hatara. Ég skal viðurkenna það.

Ronnie
frá Ber Shervia

Ísrael er mjög fallegt land með góðan mat og gott veður. Sjáðu bara hvar við erum. Ber Shervia er ekki strandbær eins og Tel Avív en það er fallegt þar líka og ég er mjög stolt að koma þaðan.

Núna er Ísrael að vakna til lífsins og það finnst.

Ég hef ekki alltaf horft á Eurovision en ég get lofað að allir hér munu verða límdir við skjáinn hvort sem það er í útipartíi eða hvar. Allir horfa á Cobi og hann mun standa sig vel.

Neil og Sergej
frá Rússlandi



Við komum 2. maí. Það er ekkert svo langt í burtu. Ísland er lengra frá en þaðan sem við komum. Okkar atriði er frábært og ég get alveg séð okkur vinna. Við elskum Svíþjóð, Kýpur og Ísland.

Hatari er með ótrúlega flott atriði og við höfum elskað lagið frá fyrstu hlustun og það gæti vel endað í topp þremur.

Ég skil ekki þessa ást á Hollandi. Þetta er leiðinlegt lag miðað við Hatara – sem er með frábært lag.

AÐEINS ÓDÝRARI

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Sumarsme

Fjölskylduháti

FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI

Nú ríkir sumarstemning hjá BL. Sölumenn okkar bjóða **ævintýralegan afslátt** af ýmsum gerðum bíla sem eru tilbúnir að rúlla með þig út í sumarið.

FYRIR FJÖLSKYLDUNA

Grillvagninn grillar pylsur fyrir gesti, **GT akademían** býður upp á kappakstur í sýndarveruleika og listafólk frá **Sirkus Ísland** mætir með andlitsmálara og blöðrulistamann fyrir yngri kynslóðina.

SUBARU FORESTER
Premium, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **5.340.000 kr.**
Verð áður frá: 5.690.000 kr.

DACIA DUSTER
Comfort, beinskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **3.390.000 kr.**
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
Verð áður frá: 3.690.000 kr.

RENAULT CAPTUR
Intens, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **3.390.000 kr.**
Verð áður frá: 3.650.000 kr.

RENAULT KADJAR
Sjálfskiptur, bensín, Turbo, 160 hestöfl
TILBOÐSVERÐ: **4.340.000 kr.**
Verð áður frá: 4.690.000 kr.

VERIÐ VELKOMIN Í GRILLAÐAR PYLSUR OG GOS Í DAG FRÁ 12–16!

ENNEMM / SÍA / NM93980

ellur
ið BL

GRILLVEISLA
ANDLITSMÁLUN
BLÖÐRUDÝR
KAPPAKSTUR

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

FRÍ SKOÐUN Í DAG

Þjónustudeild BL **býður viðskiptavinum upp á fría ástandsskoðun** og svarar spurningum um ástand bílsins fyrir ferðalög sumarsins.

NISSAN QASHQAI
Tekna, 2WD, sjálfskiptur, bensín
TILBOÐSVERÐ: **4.250.000 kr.**
Verð áður frá: 4.950.000 kr.

NISSAN X-TRAIL
Tekna, 7 sæta, sjálfskiptur, dísil
TILBOÐSVERÐ: **6.490.000 kr.**
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
Verð áður frá: 7.190.000 kr.

NISSAN NAVARA
Tekna, ssk., dísil, dráttargeta 3.500 kg
TILBOÐSVERÐ: **6.800.000 kr.**
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
Verð áður frá: 7.490.000 kr.

Búnaður bílanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er innifalinn í auglýstu verði. Athugið að kjörin gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni. Í sumum tilfellum er einungis um einn bíl að ræða.

ALLIR KÁTIR KRAKKAR FÁ BLÖÐRU

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Alla leið

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hin íslenska þjóðarsál er alla jafna fremur nöldursöm og gjörn á að æsa sig af minnsta tilefni. Hjá sumum er eins og þessi neikvæðni sé sérstakt áhugamál sem gefi tilverunni meira gildi en ella. Þannig hríslast viss tegund af sælukennd um nöldrarana þegar þeir hafa hellt úr skálum reiði sinnar á netinu eða annars staðar.

Vegna þess hversu áberandi nöldurhneigð þjóðarinnar er þá er alltaf viss léttir þegar hún víkur fyrir gleði og eftirvæntingu. Einmitt þetta gerist ár hvert þegar íslenska þjóðin sameinast í von um árangur í Eurovision. Af einhverjum ástæðum sér hún Eurovision sem stökkpall og mælikvarða á ágæti sitt í samfélagi þjóðanna. Eftir því sem nær dregur keppni stigmagnast ákafinn og nær til allra aldurshópa. Ár hvert má heyra leikskólabörn syngja af innlifun framlag Íslendinga. Óneitanlega var nokkuð krúttlegt að heyra þau syngja af einlægni fyrir örfáum árum: „Burtu með fordóma/og annan eins ósóma.“ Þetta árið kvaka þau af sömu einlægni: „Hatrið mun sigra!“ Einhvern veginn tekst þeim að gera hið ómögulega og fá orðin til að hljóma næstum því krúttlega.

Það skiptir ekki máli hvort fulltrúar Íslands eru leikskólakennarar eða veraldarvant ungt fólk í BDSM-klæðnaði veifandi tilheyrandi tólum og tækjum, þjóðin á sér þá heitustu ósk að þeir komist alla leið. Kaupmenn nýta sér þetta óspart og sýna margs konar snilli við að tengja alls kyns varning við keppnina og selja eins og heitar lummur. Kaupmaðurinn hirðir gróðann og er kampakátur og viðskiptavinurinn ljómar af ánægju með allan Eurovision-varninginn sinn. Semsagt, allir græða.

BDSM hefur aldrei fengið viðlíka auglýsingu og nú. Á heimasíðu samtakanna segir að BDSM standi fyrir: bindingar, drottnun, sadisma, masókisma, skynjun og munalosta. Það munar sannarlega ekki um það! Það gæti reynst nokkuð erfitt að útskýra hvað í þessu felst fyrir leikskóla- og grunnskólabörnum, en í fyllingu tímans munu þau sennilega flest átta sig á merkingunni. BDSM-samtökin geta hins vegar fagnað því að landsmenn mæta BDSM með samblandi af elskusemi, áhuga og forvitni. Einhvern tíma hefði maður haldið að slíkt gæti ekki gerst.

Vonin um sigur í keppninni hefur fylgt Íslendingum frá því þeir tóku fyrst þátt í henni og kannski hafa þeir aldrei verið bjartsýnni en einmitt nú. Endalaust má spyrja hvað það sé sem geri að verkum að þjóðin fær ár hvert Eurovison-æði og þyki keppnin ómissandi menningarviðburður. Það er félagsfræðinga eða djúpsálarfræðinga að greina það. Hver svo sem ástæðan er þá stendur eftir að þegar kemur að Eurovision þá fer þjóðin alla leið. Hún stendur með keppendum, er sjálf í keppnisskapi, heldur Eurovisionpartý og gerir vel við sig í mat og drykk – og þetta árið kaupir hún gaddakylfur og leðursvipur og fleira dót sem þykir ómissandi i allri stemningunni.

Þjóðin er allavega í góðu skapi og er óneitanlega skemmtilegri þannig en þegar hún er í nöldurgírnum.

Endalaust má spyrja hvað það sé sem geri að verkum að þjóðin fær ár hvert Eurovison-æði.

1989 30 ÁRA 2019
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLAR HELGAR
FRÁ KL. 11.00-17.00
KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Stöndum í lappirnar

Hinn árlegi listi breska dagblaðsins The Sunday Times yfir ríkustu íbúa Bretlands var birtur um síðustu helgi. Í fjórtánda sæti var yngsti milljarðamæringur listans, Hugh Grosvenor, sem er aðeins 28 ára. Hvaða ofurmannlegu dáð þarf maður að drýgja til að verða milljarðamæringur aðeins 28 ára að aldri?

Árið 1047 fæddist maður að nafni Hugh d'Avranches í Normandí-héraði í Frakklandi. Hugh fékk snemma viðurnefnið „Le Grand Veneur“, mikli veiðimaðurinn, en þar sem hann var stór vexti var hann gjarnan uppnefndur „Le Gros Veneur“, feiti veiðimaðurinn. Hugh bar viðurnefnið af stolti og varð það að fjölskyldunafninu Grosvenor.

Mesta stórvirki Hugh Grosvenor var að koma sér í mjúkinn hjá Vilhjálmi 1. Englandskonungi. Að launum fyrir hollustu sína hlaut Hugh mikið land í Cheshire og jarlstign að auki.

Veldi Grosvenor fjölskyldunnar stækkaði og dafnaði. Árið 1677 bar einkar vel í veiði en þá féll enn meira land í hendur fjölskyldunni þegar Thomas Grosvenor kvæntist hinni tólf ára Mary Davies, erfingja að votlendi vestan við London. Með tímanum varð landið að einu verðmætasta landi í heimi. Þar eru nú fínustu hverfi Lundúna, Mayfair og Belgravia, og eru þau í eigu hins 28 ára Hugh Grosvenor, afkomanda Hugh „Le Gros Veneur“.

Blekkingin um leikreglur

Síðastliðinn fimmtudag birtist í Fréttablaðinu grein eftir Þorvald Gylfason um tillögu stjórnvalda að nýju auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Þorvaldur gagnrýnir tillöguna harðlega. Hann segir Alþingi lengi hafa „setið og staðið fyrir allra sjónum eins og útvegsmenn hafa boðið“. Hann telur tillöguna standa langt að baki tillögu Stjórnlagaráðs sem 83% kjósenda lýstu sig samþykka í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012 og henni sé „greinilega ætlað að löghelga óbreytt ástand gegn skýrum vilja fólksins í landinu“.

Það er svo margt í veröldinni sem okkur finnst sjálfsagt. Okkur finnst sjálfsagt að Sjónvarpsfréttirnar byrji klukkan sjö, að vinnuvikan sé fimm dagar og að boðið sé upp á popp í bíó. En hvers vegna eru hlutirnir eins og þeir eru – og gætu þeir verið einhvern veginn öðruvísi?

Maðurinn lítur á sig sem fágaða dýrategund. Af háttprýði hafnar hann lögmáli frumskógarins, veröld þar sem enginn á neitt og allir mega allt svo hinir sterku hrifsa eftirlitslaust til sín gæði náttúrunnar. Í staðinn beislar hann glundroðann, skrifar undir samfélagssáttmálann og gefur eftir hluta af frelsi sínu í skiptum fyrir röð og reglu sem hvíla á ákveðnum leikreglum.

En erum við jafnfáguð og við höldum?

„Fyrsti maðurinn sem girti af reit, sagðist eiga hann og fann fólk sem var nógu vitlaust til að trúa honum er hinn eiginlegi stofnandi hins siðaða samfélags,“ skrifaði Jean-Jacques Rousseau. Við hefðum aldrei átt að hlusta á þann svikahrapp að sögn Rousseau, „því sá er á villigötum sem gleymir því að ávextir jarðar tilheyra öllum og jörðin sjálf engum.“

Stundum læðist að manni sá grunur að leikreglur mannlegs samfélags séu brella og að maðurinn sé ekkert annað en villidýr í frumskógi. Hvað er tregða íslenskra stjórnvalda til að tryggja þjóðinni eignarhald yfir auðlindum landsins annað en gjörningur þar sem hinir sterku hrifsa til sín öll gæði? Þeir beita kannski ekki fyrir sig klónum. En í staðinn beita þeir blekkingunni um leikreglur.

Hvers vegna eru hlutirnir eins og þeir eru? Þótt Sjónvarpsfréttirnar byrji klukkan sjö gætu þær alveg byrjað klukkan átta. Þótt Alþingi hafi alltaf „setið og staðið fyrir allra sjónum eins og útvegsmenn hafa boðið“ þýðir það ekki að það gæti ekki verið öðruvísi. Þótt afkomandi manns sem sleikti sig upp við kóng fyrir þúsund árum sé nú eigandi verðmætustu landspildu í veröldinni þýðir það ekki að það eigi að vera þannig.

Íslendingar, stöndum í lappirnar og krefjumst þess sem er okkar með réttu.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

VEGA
2ja sæta sófi. L138 cm. 89.900 kr. Nú 71.920 kr.
Hægindastóll. 54.900 kr. Nú 41.175 kr.
Sófaborð. 120x70 cm 36.900 kr. Nú 29.520 kr.
Skemill. 70x70 cm. 32.900 kr. Nú 26.320 kr.

NÚ **51.920**
SPARAÐU 12.980

HENDERSON 2ja sæta sófi. L153 cm. 64.900 kr. Nú 51.920 kr.

NÚ **98.620**
SPARAÐU 30.880

GOA garðborð. 150X90 cm. 29.900 kr. Nú 23.920 kr.
BOTANIC garðstóll. Taupe eða hvítur. 24.900 kr. Nú 18.675 kr.
Borð + 4 stólar. 129.500 kr. Nú 98.620 kr.

NÚ **79.920**
SPARAÐU 19.980

LYON 3ja sæta sófi. Polyrattan, sessur úr pólýester. L249 cm. 99.900 kr. Nú 79.920 kr.

ZERNI garðsett. Borð og 2 stólar. Grátóna. 34.900 kr. Nú 27.920 kr.

NÚ **83.620**
SPARAÐU 25.880

WESTERN garðborð. 147X90 cm. 29.900 kr. Nú 23.920 kr.
COPENHAGEN garðstóll. Ýmsir litir. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.
Borð + 4 stólar. 109.500 kr. Nú 83.620 kr.

ALMA hægindastóll. 46.900 kr. Nú 35.175 kr. Borð. 15.900 kr. Nú 12.720 kr. Skemill. 16.900 kr. Nú 13.520 kr.

ELLE garðstóll. Svartur með sessu. 16.900 kr. Nú 12.675 kr.

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Þráir að enda tímabilið með því að fá gullið um hálsinn

Rut Arnfjörð Jónsdóttir, landsliðskona í handbolta, hefur hreppt tvenn silfurverðlaun með danska liðinu Esbjerg á leiktíðinni sem senn fer að ljúka. Rut og samherjar hennar leika til úrslita í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta kvenna og hún er staðráðin í að enda tímabilið með gulli.

Rut Arnfjörð Jónsdóttir í leik með Esbjerg á leiktíðinni. MYND/ESBJERG

HANDBOLTI Rut Arnfjörð Jónsdóttir og liðsfélagar hennar hjá danska úrvalsdeildarliðinu Esbjerg hefja í dag úrslitarimmu sína á móti Herning um Danmerkurtitilinn í handbolta kvenna. Esbjerg hafnaði í öðru sæti deildarkeppninnar á tímabilinu og liðið laut nýverið lægra haldi fyrir ungverska liðinu Gyori í úrslitum EHF-bikarsins.

Þar af leiðandi hefur Rut fengið tvö silfur um hálsinn á leiktíðinni og hún er áfjáð í að breyta litnum á verðlaunapeningnum og gullhúða hann með hagstæðum úrslitum í úrslitaeinvíginu gegn Herning. Tímabilið hófst raunar ekki hjá henni sjálfri fyrr en fyrir rúmum tveimur mánuðum þar sem hún gat ekki leikið með liðinu framan af vetri vegna ökklameiðsla.

„Eftir að ég eignaðist barn í febrúar árið 2018 sneri ég aftur inn á handboltavöllinn nokkrum vikum síðar. Svo meiddist ég fljótlega eftir að ég byrjaði að spila aftur og hef verið að glíma við ökklameiðsli í þó nokkurn tíma. Þetta voru flókin meiðsli sem var erfitt að vinna bug á og ég spilaði ekkert fyrr en fyrir rúmum tveimur mánuðum. Þó svo að það sé auðvitað gaman að snúa aftur á þeim tímapunkti þar sem úrslitin ráðast í þeim keppnum sem við tökum þátt í þá hefði ég viljað komast fyrr inn á völlinn og gera gagn," segir Rut í samtali við Fréttablaðið.

„Það er algerlega frábær tilfinning að meiðslin séu að baki og það er yndislegt að vera farin að leika handbolta af fullum krafti á nýjan leik. Það var hins vegar mjög svekkjandi að ná ekki að vinna úrslitaleik EHF-bikarsins þar sem mér fannst við vera betri liðið í leikjunum á móti Gyori ef eitthvað var. Við náðum hins vegar ekki að vinna einvígið samanlagt og það voru mikil vonbrigði. Það er hins vegar góð staða að mínu mati að vera komin á þann stað að vera fúl yfir að tapa úrslitaleikjum á móti jafn sterku liði og Gyori er," segir hún enn fremur.

„Nú höfum við bara lagt þetta svekkelsi til hliðar og einbeittum okkur að því að koma okkur í úrslit í úrslitakeppni dönsku úrvalsdeildarinnar og núna að tryggja okkur gullið. Við höfum spilað sex leiki við Herning á leiktíðinni og það hafa allt verið hörkuleikir og þetta verður jöfn viðureign þar sem bæði lið eiga jafnan möguleika á að tryggja sér sigurinn. Ég er ofsalega einbeitt og staðráðin í að tryggja mér gullið eftir vonbrigðin eftir seinni leikinn gegn Gyori og að hafa misst af EHF-bikarnum," segir landsliðskonan um næsta verkefni sitt með liðinu.

> **Það er algjörlega frábær tilfinning að meiðslin séu að baki og það er yndislegt að vera farin að leika handbolta af fullum krafti á nýjan leik.**
> Rut Arnfjörð Jónsdóttir

Rut sem hefur ekki getað leikið með íslenska landsliðinu í töluverðan tíma var valin í æfingahóp landsliðsins sem mætir Spáni um næstu mánaðamót í umspili um laust sæti á HM í Japan 2020. Hún er mjög spennt fyrir endurkomu sinni í leikmannahóp landsliðsins og hlakkar mikið til að koma saman með landsliðshópnum.

„Það er mjög gaman að vera komin aftur í landsliðshópinn. Þetta er reyndar ennþá bara 22 leikmanna hópur og ég veit ekki hvaða hlutverk ég mun fá eftir að æfingar hefjast. Mig langar auðvitað mjög að vera í hópnum sem mætir Spánverjum en ég veit það vel að það er ekki víst að ég verði í lokahópnum. Það eru ennþá góðar vinkonur mínar í liðinu og svo eru að koma upp ungir og mjög spennandi leikmenn. Ég er mjög spennt fyrir því að snúa aftur með landsliðinu og langar mjög að taka þátt í þeim uppbyggingarfasa sem liðið er í," segir Rut um framhaldið með landsliðinu.

hjorvaro@frettabladid.is

Nýjast

Olís-deild karla
Úrslitaeinvígi

Selfoss - Haukar 26-27

Selfoss: Haukur Þrastarson 7, Nökkvi Dan Elliðason 5, Elvar Örn Jónsson 5, Árni Steinn Steinþórsson 4, Alexander Már Egan 2, Atli Ævar Ingólfsson 1, Guðni Ingvarsson 1, Hergeir Grímsson 1.
Haukar: Orri Freyr Þorkelsson 8, Tjörvi Þorgeirsson 5, Daníel Þór Ingason 4, Adam Haukur Baumruk 3, Halldór Ingi Jónasson 3, Atli Már Báruson 2, Einar Pétur Pétursson 1, Heimir Óli Heimisson 1.

Staðan í einvígi liðanna er jöfn 1-1 eftir þennan dramatíska sigur Haukaliðsins þar sem Daníel Þór Ingason tryggði liðinu sigurinn með lokaskoti leiksins.

Þriðji leikur liðanna fer svo fram í Schenkerhöllinni að Ásvöllum annað kvöld.

Inkasso-deild karla

Þróttur - Víkingur Ó. 1-2
0-1 Jacob Getachew Andersen (4.), 1-1 Birkir Þór Guðmundsson, 1-2 Harley Willard (77.).

Keflavík - Afturelding 5-0
1-0 Adam Árni Róbertsson (8.), 2-0 Adam Árni (32.), 3-0 Adam Árni (45.), 4-0 Davíð Snær Jóhannsson (50.), 5-0 Rúnar Þór Sigurgeirsson (59.).

Leiknir - Njarðvík 1-2
1-0 Toni Tipuric (32.), 0-2 Stefán Birgir Jóhannesson (42.), 1-2 Sævar Atli Magnússon (89.).

Þriðju umferð deildarinnar lýkur með leikjum Fjölnis og Magna og Þórs og Gróttu sem verða báðir leiknir í dag klukkan 16.00.

Anton mun synda á HM

SUND Sundmaðurinn Anton Sveinn McKee hefur tryggt sér farseðilinn á heimsmeistaramótið sem fram fer í Gwangju í Suður-Kóreu í lok júní í 100 metra bringusundi.

Anton hafnaði í fimmta sæti í undanúrslitum á TYR Pro Swim Series-mótinu í Bloomington í Indiana í Bandaríkjunum í dag með því að synda á tímanum á 1:01,46 mínútum og tryggði sér með þeim tíma sæti í úrslitum mótsins.

Hann tryggði sér um leið sæti á heimsmeistaramótinu þar sem tíminn var undir HM-lágmarki. Úrslitin í sundinu fóru fram í gærkvöldi.

Anton mun einnig synda 50 og 200 metra bringusundi á mótinu og keppa svo seinna í þessum mánuði fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða í Svartfjallalandi. **– hó**

TIL SÖLU



Mercedes Benz til sölu

Mjög vel með farinn svartur Mercedes Benz CLS 350 Bluetec til sölu, árg. 2015, ekinn aðeins 44 þús. km. Bíllinn er í topp standi og hefur verið í reglulegu viðhaldi hjá Öskju. Svart leðuráklæði, topplúga rafm. & hiti í sætum, „self park" og margt fl. Verð 7.490 þús.

Áhugasamir hafið samband í síma 896-0747.

Alfreð og Bjarki mætast

HANDBOLTI Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar hjá þýska liðinu Kiel og Bjarki Már Elísson hjá Fücshe Berlin mætast í úrslitaleik EHF-bikarsins í handbolta karla.

Kiel hafði betur 32-26 á móti Vigni Svavarssyni og liðsfélögum hans hjá danska liðinu Tvis Holstebro. Vignir skoraði þrjú mörk fyrir Tvis Holstebro í leiknum en Gísli Þorgeir Kristjánsson var fjarri góðu gamni hjá Kiel vegna axlarmeiðsla sinna.

Fücshe Berlin hafði hins vegar betur 24-20 í leik sínum við portúgalska liðið Porto en Bjarki Már skoraði þrjú mörk fyrir þýska liðið í leiknum. Úrslitaleikurinn fer fram á heimavelli Kiel í kvöld og hefst klukkan 18.45.

Alfreð getur þar unnið sinn 18. titil sem þjálfari liðsins en Alfreð er á sínu síðasta ári við stjórnvölinn hjá Kiel. Hann tók við liðinu árið 2008 og mun hætta störfum sem þjálfari liðsins eftir að yfirstandandi leiktíð lýkur. Kiel varð bikarmeistari fyrr á þessu tímabili og Alfreð getur þar af leiðandi kvatt þýska liðið með því að hafa bætt tveimur bikurum í safn félagsins.

Bjarki er sömuleiðis að kveðja sitt félag eftir að tímabilinu lýkur en hann yfirgefur þá herbúðir Fücshe Berlin og gengur til liðs við Lemgo. Hann freistar þess því einnig að kveðja sitt lið með titli. Bjarki og félagar hans unnu þessa keppni síðasta vor og þeir geta því varið titil sinn með sigri í leiknum í kvöld.**– hó**

Ólafía lék ágætis golf

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, lauk leik í dag á Symetra Classic-mótinu en mótið er hluti af Symetra-mótaröðinni sem er sú næststerkasta á eftir LPGA-mótaröðinni.

Ólafía Þórunn lék þriðja og síðasta hringinn á mótinu á 75 höggum eða þremur höggum yfir pari vallarins en það er sama skor og hún spilaði annan hringinn á mótinu í gær.

Þetta var síðasta mót Ólafíu áður en hún tekur þátt í Opna bandaríska meistaramótinu sem er eitt af risamótum ársins í lok mánaðar.

Ólafía Þórunn lék hringina þrjá á mótinu á samtals átta höggum yfir pari vallarsins og endaði í í 58.-61. sæti. **– hó**

Hyundai er leiðandi í 100% umhverfisvænum bílum.

SÝNING
PRÓFAÐU VETNISBÍLINN
HYUNDAI NEXO Í DAG

NEXO 100% vetnisbíll, drægi 667 km*

IONIQ 100% rafbíll, drægi 280 km**

KONA 100% rafbíll, drægi 449 km**

Veldu stíl, veldu umhverfisvænan Hyundai.

Hyundai er einn fremsti framleiðandi heims á sviði umhverfisvænna bíla. 100% rafdrifnir Hyundai Kona og Hyundai Ioniq hafa slegið í gegn fyrir orkunýtingu og drægi og nú bætist vetnisbíllinn Hyundai NEXO í hópinn. Komdu á rafbílasýningu Hyundai í dag milli klukkan 12 og 16, reynsluaktu nýja vetnisbílnum NEXO og kynnstu öllu því nýjasta í ferðamáta framtíðarinnar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð án takmörkunar á akstri. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðalrafhlöðu bílsins.

*samkvæmt nýjum WLTP prófunarstaðli **samkvæmt NEDC prófunarstaðli, drægi bíls fer eftir aksturslagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum

ENNEMM / SÍA / NM79594

Arna Sif og Íris Björk verða samherjar hjá Val á næstu leiktíð.

Valur fær sterkan leikmann

HANDBOLTI Arna Sif Pálsdóttir, landsliðskona í handbolta, hefur gengið í raðir Vals frá ÍBV. Hún skrifaði undir tveggja ára samning við Íslands-, deildar og bikarmeistara Vals í gær.

Arna Sif lék með ÍBV í Olís-deildinni á síðustu leiktíð eftir mörg ár í atvinnumennsku í Danmörku, Frakklandi og Ungverjalandi. Hún er uppalin í HK og hefur leikið yfir 100 landsleiki fyrir Ísland.

Á sama tíma skrifaði markvörðurinn Íris Björk Símonardóttir undir nýjan samning við Val til eins árs. Íris Björk lék einkar vel í marki Vals á síðustu leiktíð og var til mynda valin mikilvægasti leikmaður úrslitakeppninnar. **– hó**

Valskonur sækja ÍBV heim í 16 liða úrslitum Mjólkurbikarkeppninnar.

Meistararnir fara í Árbæinn

FÓTBOLTI Ríkjandi bikarmeistarar í knattspyrnu kvenna, Breiðablik, fer í Árbæinn og sækir Fylki í heim í 16 liða úrslitum keppninnar. Dregið var í 16 liða úrslitin í Mjólkurbikarnum í höfuðstöðvum KSÍ í gær.

Þá mætast Þór/KA og Völsungur sem er eina liðið sem leikur í 2. deild og er enn með í keppninni í nágrannaslag fyrir norðan.

Á dagskrá verða svo úrvalsdeildarslagir ÍBV og Vals, Stjörnunnar og Selfoss og Keflavíkur og KR. HK/Víkingur fær svo 1. deildarlið Aftureldingar í heimsókn og 1. deildarliðin ÍA - Þróttur Reykjavík og Augnablik og Tindastóll leiða saman hesta sína. **– hó**

Jón Dagur áfram hjá Fulham

FÓTBOLTI Enska knattspyrnufélagið Fulham tilkynnti í gær að félagið hefði ákveðið að virkja klásúlu í samningi sínum við landsliðsmanninn Jón Dag Þorsteinsson.

Fyrri samningur Jóns Dags við Fulham átti að renna út eftir yfirstandandi leiktíð en hann er nú samningsbundinn Lundúnafélaginu til ársins 2020.

Jón Dagur hefur ekki enn leikið með aðalliði Fulham en hann er í láni hjá danska úrvalsdeildarliðinu Vendsyssel. Þessi uppaldi HK-ingur hefur leikið vel með danska liðinu en þar hefur hann skorað þrjú mörk í átján leikjum.

Jón Dagur hefur leikið þrjá A-landsleiki og skorað í þeim eitt mark. **– hó**

Lyon mun líklegra til þess að vinna Meistaradeild Evrópu

Barcelona freistar þess í dag að bera sigur úr býtum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu kvenna í fyrsta skipti í sögu félagsins. Mótherji spænska liðsins í úrslitaleik keppninnar er hins vegar franska stórveldið Lyon sem þykir mun sigurstranglegri aðilinn í leiknum. Barcelona getur hins vegar klárlega sært Lyon.

FÓTBOLTI Franska knattspyrnufélagið Lyon getur í dag tryggt sér sigur í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu kvenna í sjötta skipti en liðið er sigursælasta liðið í sögu keppninnar. Ljónið á vegi Lyon er Barcelona en spænska liðið er algerlega blautt á bak við eyrun á þessu stigi keppninnar.

Fari Barcelona með sigur af hólmi í þessum leik þá brýtur félagið blað í sögunni en spænska félagið verður þá það fyrsta til þess að eiga lið sem hefur unnið keppnina bæði í kvenna- og karlaflokki. Barcelona hefur undanfarið vaknað til lífsins hvað kvennaknattspyrnu varðar og eytt miklu púðri í liðið.

Fréttablaðið fékk Daða Rafnsson, sérfræðing um kvennaknattspyrnu, til þess að ræða það hvernig leik búast megi við og líklegri þróun hans.

„Lyon er með mun sterkara lið á pappírnum og ef farið er yfir byrjunarlið og leikmannahóp liðanna leikmann fyrir leikmann þá er Lyon með sterkari leikmenn í öllum stöðum. Ég myndi segja að getumunurinn sé þó nokkur og ef allt verður eðlilegt fer Lyon með sannfærandi sigur af hólmi," segir Daði um leikinn.

„Barcelona er með mjög spennandi lið sem er risandi stórveldi í kvennaknattspyrnu en liðið er ekki komið á þann stall sem Lyon er á. Að mínu mati er Wolfsburg með næstbesta lið Evrópu um þessar mundir og Lyon sló þýska liðið úr leik fyrr í keppninni að þessu sinni. Það er mikill uppgangur í spænskri kvennaknattspyrnu og til að mynda eru spænsku yngri landsliðin í fremsta gæðaflokki. Barcelona er svo að bæta við sig mjög sterkum leikmönnum fyrir næsta tímabil og orðað við fremstu leikmenn heims og ég held að spænsk félags- og landslið muni ýta við valdajafnvæginu í kvennaknattspyrnunni í Evrópu og í heiminum næsta áratuginn," segir Daði enn fremur.

„Lyon er hins vegar bara með draumalið og hefur á að skipa Ödu Hegerberg sem er besti leikmaður heims og varnarlína Barcelona er veikasti hluti liðsins. Ég held að Barcelona muni eiga í miklum vandræðum með hana og aðra framherja liðsins. Það verður mjög gaman að sjá einvígi Asisat Oshoala, nígeríska framherjans í liði Barcelona, og Wendie Renard, burðaráss í vörn Lyon. Oshoala er stór og sterkur framherji sem getur velgt Renard undir uggum hvað varðar hæð, styrk og hraða," segir hann þegar hann er beðinn um að bera liðin saman.

„Barcelona er svo með leikmenn á borð við Lieke Mertens og Tony Duggan sem geta hæglega sært vörn Lyon en ég held hins vegar að franska liðið muni ná að halda þeim í skefjum. Barcelona spilar skemmtilegan fótbolta með snöggu spili og tæknilega góða leikmenn í flestum stöðum. Þær munu ekki leggjast í vörn og reyna að hafa betur í þessum leik. Þetta eru tvö mjög vel spilandi og skemmtileg knattspyrnulið og það verður mjög gaman að horfa á þennan leik. Ef ég ætti að leggja pening undir á það hvernig leikurinn fer þá myndi ég tippa á Lyon og myndi ávaxta pund mitt vel ef ég spáði fyrir um spænskan sigur," segir Daði um líklegan sigurvegara leiksins.

hjorvaro@frettabladid.is

Asisat Oshoala verður í lykilhlutverki í sóknarleik Barcelona þegar liðið mætir Lyon í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Lyon er sigursælasta lið keppninnar með fimm Meistaradeildartitla en liðið hefur þar að auki tapaði tveimur úrslitaleikjum.

Manchester City getur orðið þrefaldur meistari

FÓTBOLTI Úrslitaleikur ensku bikarkeppninnar í knattspyrnu karla fer fram á Wembley klukkan 16.00 í dag. Þar leiða saman hesta sína Manchester City sem hefur nú þegar tryggt sér enska meistaratitilinn og enska deildabikarinn á leiktíðinni og Watford sem hafnaði í tíunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir gott keppnistímabil.

Fyrir Manchester City er hvatningin að vinna þennan bikar að fá rós í hnappagatið og verða bikarmeistari í sjötta skipti í sögu félagsins og í fyrsta skipti síðan árið 2011. Fyrir Watford er hvatningin auk þess að verða bikarmeistari í fyrsta skipti í sögunni einnig fjárhagslegs eðlis þar sem í húfi fyrir liðið er sæti í Evrópudeildinni á næstu leiktíð með sigri í þessum leik.

Watford hefur einu sinni farið alla leið í úrslitaleik bikarkeppninnar en það var vorið 1984 þegar liðið laut í lægra haldi fyrir Everton þar sem Graeme Marshall Sharp og Andy Gray skoruðu mörk Everton í 2-0 sigri liðsins. Síðan þá hefur liðið ekki keppt um verðlaun og flakkað á milli deilda í ensku deildakeppninni.

Pep Guardiola getur orðið bikarmeistari í fimmta skipti á knattspyrnustjóraferli sínum en hann varð tvisvar bikarmeistari sem knattspyrnustjóri Barcelona og sömuleiðis tvívegis þegar hann stýrði Bayern München. Þá getur hann bætt fimmta titlinum í safnið á meðan hann er við stjórnvölinn hjá Manchester City en liðið varð enskur meistari í annað sinn undir hans stjórn á dögunum og hefur auk þess unnið enska deildabikarinn tvívegis með Pep við stýrið.

Flestir telja að Manchester City fari með sigur af hólmi í þessum leik en 38 stig skildu liðin að þegar upp var staðið í ensku úrvalsdeildinni. Það hefur hins vegar margoft sýnt sig að í bikarkeppni getur allt gerst og Davíð getur hæglega lagt Golíat að velli. **– hó**

Javi Gracia og Pep Guardiola verða í eldlínunni í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester City getur orðið fyrsta karlaliðið til þess að vera enskur meistari, deildabikarmeistari og bikarmeistari á sama tíma.

SUMARTILBOÐ Á MAZDA CX-5 OPTIMUM

2.2 DÍSIL, 184 HESTÖFL, SJÁLFSKIPTUR, AWD

VERÐ: 6.980.000 KR.

-500.000 KR.
AFSLÁTTUR

SUMARTILBOÐSVERÐ
6.480.000 KR.

Mazda CX-5 ber af í sínum flokki og er ríkulega búinn staðalbúnaði s.s.
Bose® hljómkerfi, leðuráklæði, rafstýrð sæti, aðlögunarhæfur hraðastillir o.m.fl.
Öflug vél og 2.100 kg dráttargeta gera hann að tilvöldum ferðafélaga.
Komdu, reynsluaktu & upplifðu Mazda CX-5.

KOMDU NÚNA OG NÝTTU ÞÉR ÞENNAN MAGNAÐA SUMARAFSLÁTT Á MAZDA CX-5 OPTIMUM!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

mazda.is

25%
AFSLÁTTUR

KAMMA

Þriggja sæta sófi og stóll með viðarfótum. Klassískt útlit. Grátt eða dökkgrátt áklæði. Stærð sófa: 201 x 84 x 105 cm

Sófi : 201 x 84 x 105 cm
104.993 kr. ~~139.990 kr.~~

Kamma stóll
67.493 kr. ~~89.990 kr.~~

BRISTOL

Hægindastóll. Blátt eða grátt sléttflauel. Ljósir fætur og armar.
69.990 kr.

Hægindastóll. Svart leður og svört viðargrind, fætur og armar.
109.990 kr.

KOMINN AFTUR

ANDROS

Glæsilegur þriggja sæta sófi úr þykku dökkbláu eða gráu sléttflaueli. Sófinn er bólstraður með samlita hnappa í baki og örmum og gyllta hnappa að framan. Sófinn er með ljósa viðarfætur. Stærð: 216 x 84 x 77 cm

179.990 kr.

30%
AFSLÁTTUR

VENICE

Venice 3ja sæta sófinn er glæsilegur, þéttur með baki sem styður vel við. Slitsterkt blátt sléttflauel. Stærð: 184 x 89 x 77 cm

111.993 kr.
~~159.990 kr.~~

EIGHTMOOD

Bolme púði. 45×45 svartur.
7.192 kr.
~~8.990 kr.~~

EIGHTMOOD Veronica púði 50×50 cm. Dusty blár.
3.992 kr. ~~4.990 kr.~~

EIGHTMOOD

Blóm ýmsar gerðir. Hæð: 85 cm.
2.792 kr. ~~3.490 kr.~~

EIGHT® MOOD
SWEDEN

EIGHTMOOD

Avon diskamotta. Þvermál 38 cm. Nokkrir litir
1.032 kr. ~~1.290 kr.~~

EIGHTMOOD

Kaila fugl silfur/svart
Hæð: 34,5 cm
5.192 kr.
~~6.490 kr.~~

EIGHTMOOD

Jolie skammel. Bleikt eða sæblátt sléttflauel og gullbotn.
15.992 kr. ~~19.990 kr.~~

UM HELGINA
20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR AF EIGHTMOODVÖRUM

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 26. maí eða á meðan birgðir endast.

MAGNAÐUR MAÍ
Í HÖLLINNI

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

BOYD
3ja sæta sófi.
Dökkblátt eða
dökkgrátt sléttflauel.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm
119.990 kr.

IDdesign

MAX
Stílhreinn og þægilegur u-sófi, nettur en rúmar vel 4-6. Endingargott, grátt áklæði úr sterkri pólýesterblöndu. Þykkir, svartir viðarfætur. Hægri eða vinstri tunga.
Stærð:
286 x 200 x 87 cm
159.990 kr.

NÝTT Í HÖLLINNI

WOODSTOCK
Vinsælu Woodstock sófaborðin komin í svörtum aski. Tvær stærðir og einnig bakborð.

Sófab.: 120 x 60 cm
35.990 kr.
Sófab.: 80 x 80 cm
31.990 kr.
Bakborð
19.990 kr.

KOMINN AFTUR

ALBERTA
Borðstofustóll,
svart eða grátt PVC áklæði.
8.990 kr.

KOMINN AFTUR

OTTAWA
Borðstofustóll,
brúnt, grátt eða svart PVC áklæði.
11.990 kr.

35% AFSLÁTTUR

LISA
Borðstofustóll,
blátt eða grátt sléttflauel.
16.244 kr. ~~24.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

ALEXA
Svart eða brúnt vandað leður.
Fætur úr burstuðu stáli.
23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

NÝR VEFBÆKLINGUR Á
www.husgagnahollin.is
SPENNANDI TILBOÐ OG NÝJAR VÖRUR

HÚSGAGNA HÖLLIN

Klæddu þig eins og Hatari

Ólar
Það má gera ólar úr límbandi, til dæmis svörtu „gaffer tape“ sem er ekki mjög sterkt. Það má líma það utan á fötin og útbúa mynstur með því. Það má líka redda sér ólum í gæludýrabúðum.



Linsur
Í ýmsum partýverslunum, til dæmis í Partýbúðinni og Hókus Pókus eru til linsur, svartar og hvítar eins og nokkrir Hatarameðlimir nota.

Fatnaður
Það má nota svarta ruslapoka til að gera bæði pils og bol og líma það saman með límbandi. Þá er hægt að notast við rifnar nælonsokkabuxur og svartar leggings. Allt sem er svart, eða hvítt, þröngt úr leðri eða pleðri er hægt að nýta í góðan búning.



Svartur varalitur
Það má bjarga svarta varalitnum með öskudagslitum ætluðum börnum.

Keðjur
Fást í byggingarvöruverslunum á borð við BYKO og Brynju.

Ísraelsmenn fagna ekki Hatara

Fyrir tuttugu árum náði **Selma Björnsdóttir** þeim magnaða árangri að hreppa annað sætið í Eurovision þegar hún söng All Out of Luck. Þá var keppnin haldin í Jerúsalem.

„Það var tryllt. Ég tók mín lög og svo kom Friðrik Ómar og við tókum hans lag og nokkur vel valin Eurovision-lög.“

Selmu er enn í fersku minni æsispennandi stigatalningin í Eurovision árið 1999 og spennan og stressið sem fylgdi þátttöku í keppninni. „Það er alltaf pressa sem fylgir því að vera fulltrúi lands og þjóðar,“ segir Selma og segist ekki hafa reynt að tækla hana á sérstakan hátt. „Ég reyndi bara að anda inn og út og gera mitt besta.“

Selma spáir Hatara velgengni í keppninni. „Það er eitthvað í loftinu, Hatari stendur algjörlega upp úr, enginn er með atriði eða lag í líkingu við þau svo ég held þau verði í topp 3. Mér finnst hollenska lagið mjög fallegt og Svíþjóð er algjör heilalímmiði,“ segir hún um þau lög sem henni finnst skara fram úr í keppninni.

Hún segist eiga erfitt með að velja uppáhaldslag sitt í Eurovision frá því að keppnin hófst. „En ef ég verð að velja eitt þá segi ég Euphoria.“

Hvað er það við þessa keppni, heldur þú, sem dregur nærri alla Íslendinga að skjánum?

„Góð spurning. Skemmtileg afþreying og show sem börn og fullorðnir geta sameinast um.“

Fjölmiðlar sitja fyrir Hatara

Selma segir Hatara vera vel tekið af aðdáendum og fjölmiðlum. „Fjölmiðlar sitja um þau hvar sem þau koma og stærstu miðlarnir sækjast eftir viðtölum. Svo sá maður í salnum að þau eiga dygga aðdáendur sem klæða sig upp en maður fann einnig fyrir því að Ísraelsmenn fagna þeim ekki,“ segir Selma.

> **ÞÁ BARA PIKKAÐI ÉG Í MANNINN OG SAGÐI: ÉG SÖNG ÞETTA LAG, ÉG ER SELMA. AUMINGJA MAÐURINN MISSTI ALGJÖRLEGA ANDLITIÐ.**

Selma kom fram á Euro Club sem er á vegum keppninnar og söng þar vel valin Eurovision-lög.

„Það var tryllt. Ég tók mín lög og svo kom Friðrik Ómar og við tókum hans lag og nokkur vel valin Eurovision-lög. Troðfullt hús af einlægum aðdáendum keppninnar sem sungu með hverju einasta lagi. Svoleiðis gigg eru best,“ segir Selma sem segist reglulega lenda í skemmtilegum uppákomum með aðdáendum Eurovision og sú varð líka raunin í Tel Avív.

„Hingað kemur fólk hvaðanæva úr heiminum, við lentum í því í fyrrakvöld þegar við vorum á leið á undankeppnina að finna ekki leigubíl enda margir að fara þangað. Við sáum tvo menn álengdar vera að tala við leigubílstjóra og heyrðum að þeir voru á leiðinni í höllina. Ég spurði hvort við mættum deila leigubíl með þeim og þeir samþykktu það. Í bílnum fórum við að spjalla og komumst að því að þeir voru frá Þýskalandi. Þegar talið barst að Íslandi og Hatara sögðust þeir ekki tengja við það lag og þá segir annar, en það var eitt lag frá Íslandi sem tók þátt fyrir 20 árum sem er mitt allra uppáhalds, það heitir All Out of Luck og ég man að ég hélt partí þetta kvöld og þegar að lagið hafnaði bara í öðru sæti þá var ég alveg eyðilagður og þar með partíið. Þá bara pikkaði ég í manninn og sagði: Ég söng þetta lag, ég er Selma. Aumingja maðurinn missti algjörlega andlitið og snöggsvitnaði og átti erfitt með að horfa framan í mig eftir þetta. En svo jafnaði hann sig og við hlógum að því hvað heimurinn er lítill. Tókum svo mynd af okkur saman og kvöddumst. Svona er lífið í Eurovision-landi.“

Upplifun að heimsækja Jerúsalem

Selma segir Tel Avív magnaða borg en hún heimsótti einnig Jerúsalem aftur og fannst það mikil upplifun.

„Tel Avív er borg sem aldrei sefur, iðandi mannlíf, strandlíf, mikið af flottum veitingahúsum og mikið næturlíf. Við fórum til Jerúsalem og það var gaman að koma þangað aftur enda keppti ég þar. Ég keyrði fram hjá höllinni sem ég kom fram í og við fórum í gamla bæinn og að Grátmúrnum sem er auðvitað upplifun.“

Með mörg járn í eldinum

Selma er að koma úr hörkuvinnutörn, Ronja ræningjadóttir í Þjóðleikhúsinu hefur gengið vel og hún ræktar einnig tónlistarferilinn með.

Hvernig fer hún að þessu? Er hún með fleiri klukkustundir en við hin í sólarhringnum?

„Ég er bara eins og hver annar duglegur Íslendingur, geri þetta með þrautseigju, elju og skipulagningu,“ segir Selma en í lok maí hefjast æfingar á Shakespeare verður ástfanginn sem hún leikstýrir í Þjóðleikhúsinu. „Ég er mjög spennt að hefja æfingar. Svo er ég að fara á leiklistarhátíð í Hong Kong með Hróa Hött sem við Gísli Örn Garðarsson höfum sett upp víðs vegar um heiminn, ég er að gifta fólk og stjórna nafngjafarathöfnum fyrir Siðmennt og er að veislustýra mikið og syngja svo ég er alltaf með mörg járn í eldinum. Síðan ætla ég nú líka í frí, mun ferðast til Víetnam með vinum og börnunum mínum.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

Sveigjanlegt nám að settu marki

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

unak.is

Það kostar styrk og aga að ná markmiðum sínum — ekki síst af löngu færi.

Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri gerir kröfur til nemenda um aga og skipulag. Með rafrænum lausnum og nútímalegum kennsluaðferðum gerum við fleirum fært að setja markið hærra.

Kynntu þér hvernig sveigjanlegt nám getur komið til móts við þín markmið í lífinu.

Umsóknarfrestur er til 5. júní

Lee Proud á sundlaugarbakkanum á Dan Panorama hótelinu skömmu áður en íslenski hópurinn hélt til æfinga í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

Örlítil íslenska landaði starfinu

Lee Proud, breski danshöfundurinn sem var ráðinn listrænn stjórnandi og danshöfundur Söngvakeppninnar hér á landi, stjórnar æfingum Hatara. Lee hefur verið danshöfundur í þekktum söngleikjum um allan heim og hefur undanfarin ár stýrt nokkrum af stærstu söngleikjunum hér á landi, s.s. Mary Poppins, Billy Elliot og Mamma Mia!

SKRIFA FRÁ TEL AVIV
EUROVISION

Benedikt Bóas
benediktboas@frettabladid.is

Ingólfur Grétarsson
ingolfurg@frettabladid.is

Það small eitthvað strax á fyrsta fundi okkar Klemens. Við byrjuðum að teikna og skrifa niður hluti sem var ótrúlega skemmtilegt. Hann og Matthías, og reyndar allir í Hatara, eru svo ótrúlega góðir listamenn. Mér finnst alltaf að alvöru listamenn séu öruggir í sínu. Þá er enginn ótti og ímyndunaraflið er besti vinur þannig listamanna. Þá er hægt að treysta á það sem myndast. Ég hef stundum unnið með listamönnum sem þora ekki hlutum. Hatari er ekki á þeim stalli. Það er ekkert til sem heitir nei í þeirra huga – þau eru alltaf til í allt og að prófa hluti," segir Lee Proud sem er listrænn stjórnandi Söngvakeppninnar.

Lee vill samt ekki eigna sér neitt í atriðinu – það sé samvinna frá a til ö. „Við vorum öll að vinna saman. Ég ætla ekki að eigna mér neitt frá þeim því þau eru svo góð og klár í því sem þau eru að gera," segir hann.

Lee á magnaða ferilskrá og þó nokkur verðlaun fyrir dansana sína. Hann er fæddur í Newcastle og byrjaði að leika ungur að árum. Hann lék í Billy Elliot í West End í London en í þeirri sýningu steig hann út úr sviðsljósinu og fór bak við tjöldin. „Þar urðu krossgötur í lífi mínu þegar ég fór bak við tjöldin. Í kjölfarið fór ég með sýninguna til New York og Sydney og víða um heim þar sem ég sýndi þeim hvað og hvernig átti að gera hlutina. Ég var með sýninguna í sjö ár – sem er langur tími. Þriðja sýningin sem ég vann var Mack and Mabel sem Thom Southerland leikstýrði. Sýningin fékk ótrúleg viðbrögð og dóma og ég vann verðlaun fyrir þá sýningu. Á sama tíma fékk Borgarleikhúsið leyfið til að sýna Mary Poppins. Einhver benti á mig og Bergur Ingólfsson hringdi í einhverja tíu danshöfunda. Hann Skype-aði þá alla og umboðsmaðurinn minn sagði að ég ætti von á símtali svo ég lærði að segja góðan daginn. Ég held í alvörunni að það hafi reddað mér starfinu. Ég held að hann hafi verið hrifinn. Það hefur aflað mér mikilla tekna að kunna að segja góðan daginn," segir hann.

Atriði Hatara hefur vakið athygli fyrir djörfung. NORDICPHOTOS/GETTY

Hér heima hefur hann komið að þekktum söngleikjum eins og áðurnefndum Mary Poppins, Billy Elliot og Mamma Mia! „Allar sýningar sem ég hef unnið á Íslandi hafa verið breskar sýningar. Ég var að átta mig á því.

Leikhúslífið á Íslandi er svo dásamlegt. Ég elska það. Það er miklu minni pressa en í London. Það eru svo margar sýningar í London og svo margir leikarar og framleiðendur eða danshöfundar og allir eru að berjast um sömu sneiðina. Það tekur mikinn tíma og kostar mikla orku að reyna að koma sér á framfæri því það eru um 200 Lee Proud í London. Allir í London vinna í ótta því það eru svo margir að berjast um sömu sneiðina af kökunni. En á Íslandi er umhverfið heilbrigðara finnst mér. Það er farið dýpra í æfingarnar, það er spáð meira í spilin og allir fá sinn tíma. Það er hægt að skapa eitthvað fallegt án tímapressunnar."

Lee viðurkennir að hann hafi ekki verið mikill aðdáandi Eurovision áður. En hann sé stokkinn á Eurovsion-vagninn. „Ég er orðinn aðdáandi. Ég náði í öll lögin sem keppa og er alltaf að hlusta á þau. Þetta er allt í einu –sumt er svo skrýtið og sumt er alveg skelfilegt en sumt er alveg mjög gott."

Hann segir að hann hefði viljað að Pólland kæmist áfram. „Mér fannst þeirra lag frábært og þegar ég sá hvað þau gerðu við þetta lag þá hugsaði ég: Guð, hvað ég hefði verið til í þetta lag. Ég vil alls ekki tala niður til þeirra sem sáu um atriðið en ég hefði gert eitthvað allt annað. Það passaði einhvern veginn ekkert miðað við lagið. Mér finnst Ástralar gera hlutina vel. Lagið er ekkert spes, finnst mér, en sjónræn áhrif eru mikil og bæta lagið mikið."

Eftir að Eurovision-bólan springur heldur Lee til Íslands en fram undan eru nokkur stór verkefni. „Það eru 10 handrit í töskunni sem ég þarf að fara í gegnum. Ég kem til Íslands eftir Eurovision að taka kynningarmyndband fyrir Matthildi. Síðan er ég að leikstýra sýningu í London sem kallast Once on This Island sem er með 22 svörtum leikurum. Verkið gerist á eyju í Karíbahafi. Ég fer þaðan til Kaupmannahafnar í tvo mánuði að setja upp Fiðlarann á þakinu. Eftir Kaupmannahöfn verð ég í Stuttgart að setja upp söngleikinn Ghost í tvo mánuði. Ég hef þegar sett sýninguna upp í Þýskalandi en við erum að færa hana til og það eru nýir leikarar. Ég kem svo aftur til Íslands að vinna sýningu á Akureyri og eftir það fer ég til Tókýó. Það er ástæða fyrir því að ferilskráin á heimasíðunni minni er ekki uppfærð – það er mikið að gera."

Eins og svo margir hér í Tel Avív er Lee hrifinn af borginni og heimamönnum. „Ég næ yfirleitt að fara til Mallorca í þrjár vikur í sumarfrí en veistu – ég held ég sé að fara breyta því í Tel Avív. Ég vil koma aftur því að fólkið hérna er ótrúlegt, fallegt og skemmtilegt. Maturinn er góður og veðrið stórkostlegt. Þetta er frábær staður. Kannski er það Eurovision-bólan sem gerir þetta að svona skemmtilegum stað en mig langar að koma aftur. Ég held ég fari að gráta þegar ég þarf að fara héðan. En sem betur fer er ég að fara til Íslands og hlakka til."

UMBOÐSMAÐURINN MINN SAGÐI AÐ ÉG ÆTTI VON Á SÍMTALI SVO ÉG LÆRÐI AÐ SEGJA GÓÐAN DAGINN. ÉG HELD Í ALVÖRUNNI AÐ ÞAÐ HAFI REDDAÐ MÉR STARFINU. ÉG HELD AÐ HANN HAFI VERIÐ HRIFINN. ÞAÐ HEFUR AFLAÐ MÉR MIKILLA TEKNA AÐ KUNNA AÐ SEGJA GÓÐAN DAGINN.

Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjöti

Íslenskt á grillið!

með grillkjöti
frá Stjörnugrís

Þú finnur grillkjötið
frá Stjörnugrís í öllum
betri matvöruverslunum
um land allt.

Eingöngu ferskt og nýtt grísakjöt!

STJÖRNU GRÍS

www.svinvirkar.is

MYNDFORM GRAFÍK

HAT-TRICK

HEIMSBÍLL ÁRSINS
HÖNNUN ÁRSINS
RAFBÍLL ÁRSINS

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Rafbíllinn Jaguar I-Pace vann nýverið til þrennra gullverðlauna á hinni virtu uppskeruhátíð bílaframleiðenda World Car Of The Year. I-Pace varð þar með fyrsti bíllinn í heiminum til að vinna þrjá flokka á sama árinu.

Vertu með þeim fyrstu sem upplifa nýjan fjórhjóladrifinn Jaguar I-PACE, 470 km drægi*, 400 hestöfl, 4,8 sek. í 100 km.

Verð frá 9.790.000 kr.

jaguarisland.is

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

JAGUAR

ENNEMM / SÍA / NM93986

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2019 WORLD CAR OF THE YEAR
2019 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR
2019 WORLD GREEN CAR

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Gjörbreytir hvernig kerfið mætir þolendum

Síðustu ár hefur Hildur Fjóla Antonsdóttir rannsakað stöðu þolenda kynferðisbrota í íslensku réttarkerfi og á hinum Norðurlöndunum. Hún hefur nú unnið skýrslu að beiðni stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur á þessu sviði. Ef tillögur hennar verða að veruleika mun það gjörbreyta því hvernig íslenskt réttarkerfi mætir þolendum.

Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is

Nú erum við búin að kynna þessar tillögur í lokuðum samráðshópum með hagsmunaaðilum innan og utan réttarkerfisins, sem og á opnu málþingi í HR um daginn og ég held að það sé óhætt að segja að bæði brotaþolar og fagaðilar hafi tekið þessum tillögum vel," segir Hildur Fjóla Antonsdóttir, doktorsnemi í réttarfélagsfræði við Háskólann í Lundi. Hún hefur nýverið lagt lokahönd á skýrslu um stöðu þolenda í kynferðisafbrotamálum á Norðurlöndunum. Þar má finna tillögur um hvernig breyta megi réttarstöðu þolenda hér á landi. Í Noregi voru svipaðar tillögur innleiddar fyrir rúmum áratug.

Hildur Fjóla er með bakgrunn í mannfræði og kynjafræði og starfaði áður við þróunarmál. Áður en hún hóf doktorsrannsókn sína hafði hún einnig unnið að rannsóknum um meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins, en þær liggja meðal annars til grundvallar aðgerðaáætlun dómsmálaráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota.

Síðastliðin ár hefur hún farið ofan í saumana á íslensku réttarkerfi og hvernig það tekur á kynferðisbrotamálum samanborið við hin Norðurlöndin. Í doktorsverkefni sínu ræddi hún við 35 þolendur um hugmyndir þeirra um réttlæti og upplifun þeirra af kerfinu. Hildur Fjóla settist niður með blaðamanni og fór yfir tillögurnar.

„Það er ekki bara útkoman í málinu sem skiptir brotaþola máli, þó hún sé vissulega gríðarlega mikilvæg, en það er líka hvernig er að málinu staðið", segir Hildur Fjóla. „Þess vegna skiptir máli að bæði brotaþolar og sakborningar upplifi að réttarferlið sjálft sé réttlátt."

Hún segir að það sem komi brotaþolum oft óþægilega á óvart sé að þeir eru ekki aðilar að sakamálinu heldur hafa stöðu vitnis. Það er einungis ríkið og sakborningur sem hafa slíka aðild. Tillögur hennar miða því við að brotaþolar fái aðild að sakamálinu og fái þannig auknar upplýsingar um gang málsins innan réttarkerfisins og aukinn rétt til að taka þátt í réttarferlinu. Einnig leggur hún til að aðgangur brotaþola að bótarétti sé efldur.

Fái innsýn í eigin mál

Fyrsta tillagan snýr að því að þolendur eigi að hafa aðgang að réttargæslumanni áður en rætt er við lögreglu. „Brotaþolar í kynferðisbrotamálum eru margir mjög tregir við að kæra brot. Fyrir því eru ýmsar ástæður, fólk er oft þjakað af sjálfsásökunum og skömm, þó maður voni að það fari minnkandi með aukinni umræðu. Eins er staðan því miður sú að réttarkerfið okkar er ekki vel í stakk búið að taka á þessum málum, fólk veit það alveg."

Hún telur mikilvægt að þolendum kynferðisbrota sé almennt gefinn kostur á því að fá lögfræðilega ráðgjöf á kostnað ríkisins áður en tekin er ákvörðun um að leggja fram kæru, en þeir brotaþolar sem leita til Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum fá slíka ráðgjöf.

„Það getur verið mikilvægt fyrir brotaþola að fá upplýsingar um hvernig réttarkerfið virkar og hvort mál þeirra sé nægilega sterkt út frá sjónarhóli lögfræðinnar áður en tekin er ákvörðun um að kæra. Þetta getur líka skipt máli fyrir brotaþola í litlum bæjarfélögum þar sem allir þekkja alla og þeir treysta sér einhverra hluta vegna ekki til að leita beint til lögreglunnar á staðnum."

Sakborningar í sakamálum hafa aðgang að öllum gögnum máls á meðan á lögreglurannsókn stendur svo lengi sem lögregla telur að slíkt geti ekki skaðað rannsóknina. Hildur Fjóla leggur til að brotaþolar hafi sama aðgang að gögnum, en ekki eingöngu þeim gögnum sem snúa að þeim sjálfum.

„Þetta er liður í því að gefa brotaþola meiri innsýn í rannsókn málsins og tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að aðstoða við rannsóknina. Brotaþoli hefur oft hvað mesta þekkingu á málinu og getur búið yfir mikilvægum upplýsingum án þess að vita það, því hann veit ekki hvað er að gerast í rannsókninni."

Hræðilega erfitt að vita ekkert

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir dómsmálaráðherra hefur kynnt sér tillögurnar. Hún sagði í síðustu viku hún sé að undirbúa lagabreytingar til að bæta stöðu þeirra sem beittir eru kynferðisofbeldi. Hvatti hún lögregluembættin til að auka upplýsingagjöf til þolenda. Hildur Fjóla er ánægð með viðbrögð ráðherra. Ástæðan fyrir því að auka upplýsingagjöf er ekki aðeins sú að brotaþoli geti þá aðstoðað við rannsókn málsins heldur getur það verið mikilvægt fyrir öryggi brotaþola.

Hildur Fjóla hefur síðustu ár rannsakað norrænt réttarkerfi. Hefur hún rætt við á fjórða tug þolenda kynferðisbrota og sat réttarhöld í Noregi. Hún leggur til að íslenska kerfið færist nær því norska. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

BROTAÞOLI HEFUR OFT HVAÐ MESTA ÞEKKINGU Á MÁLINU OG GETUR BÚIÐ YFIR MIKILVÆGUM UPPLÝSINGUM ÁN ÞESS AÐ VITA ÞAÐ, ÞVÍ HANN VEIT EKKI HVAÐ ER AÐ GERAST Í RANNSÓKNINNI

„Það eru ákveðnir punktar í rannsókn málsins sem geta valdið brotaþolum miklum áhyggjum. Segjum sem svo að ef verið er að kæra fyrrverandi kærasta, kunningja eða samstarfsmann, þá skiptir það máli að vita hvenær viðkomandi fær að vita af kærunni og hvenær lögregla er búin að fá viðkomandi í skýrslutöku. Það getur verið hræðilega erfitt að vita ekkert."

Sama gildir um hvort sá grunaði er dæmdur í gæsluvarðhald eða sleppt úr haldi. „Ég talaði við unga konu sem las það í blöðunum að sá sem hún kærði væri laus úr gæsluvarðhaldi. Hún hringdi í panikk í réttargæslumanninn, sem þurfti svo að hringja í lögregluna til að fá frekari upplýsingar. Þetta er líka öryggisatriði." Sama gildir um þegar hinn dæmdi hefur lokið afplánun og er látinn laus úr fangelsi.

Ein tillagan snýr að því að brotaþoli geti gert athugasemdir við lögregluskýrslu hins kærða áður en lögregla hættir rannsókn eða sendir málið áfram til héraðssaksóknara. „Svona mál byggja oftar en ekki á framburðum og oft er ekki mikið af öðrum sönnunargögnum. Því skiptir miklu máli að brotaþoli fái tækifæri til að bregðast við framburði sakbornings áður en rannsókn lýkur. Þetta er ekki síst spurning um að auka gæði lögregluannsóknarinnar."

Fundur í stað bréfs

Flestum kynferðisbrotamálum lýkur annaðhvort með því að lögregla hættir rannsókn í málinu eða að héraðssaksóknari fellir málið niður vegna ónægra sannana. „Það er ofsalega mikið áfall fyrir brotaþola að fá niðurfellingarbréfið, fólk upplifir oft mikla höfnun og að því hafi ekki verið trúað. Fólk getur hreinlega misst trúna á samfélagið. Þetta er oft líka í fyrsta sinn sem brotaþoli fær innsýn í það sem sakborningur sagði, þess vegna skiptir líka máli að brotaþolar fái að bregðast við framburði sakborninga áður en lögregluannsókninni lýkur."

Í dag er í gangi tilraunaverkefni hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra þar sem þolandi er kallaður á fund í stað þess að fá bréf þegar mál er fellt niður. Ein af tillögum Hildar Fjólu er að þetta verklag sé tekið upp á landsvísu. „Nýleg meistararannsókn Karenar Birnu Þorvaldsdóttur sýnir einmitt hvað þetta skiptir miklu máli fyrir brotaþola. Þá fær brotaþoli betri útskýringar á því hvers vegna málið var fellt niður sem getur dregið úr áfallinu. Það skiptir líka máli að fá að heyra að þó að mál sé fellt niður þýði það ekki að þú sért ekki að segja satt, að þér sé ekki trúað. Það þýðir oftast bara að saksóknari telji sig ekki getað sannað að brot hafi átt sér stað."

Sett í súrrealískar aðstæður

Ef gefin er út ákæra í málinu og það fer fyrir dóm þá leggur Hildur Fjóla til að brotaþoli fái að hitta saksóknarann áður en að réttarhöldunum kemur. „Það getur skipt máli fyrir brotaþola að hitta þann aðila sem sækir málið. Eins og staðan er í dag þá gengur brotaþoli inn í dómsal og þarf að byrja á því að átta sig á hver er hvað, hver er saksóknarinn og hver er verjandinn," segir Hildur Fjóla.

VOLVO XC JEPPARNIR

HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum.
Þess vegna hönnuðum við þrjá.
XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn, tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus – hver á sinn hátt.
Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

Veldu þinn Volvo XC jeppa

VOLVO XC60 AWD

XC60 AWD D5 dísil verð frá: 7.790.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.890.000 kr.

VOLVO XC90 AWD

XC90 AWD D5 dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.690.000 kr.

VOLVO XC40 AWD

XC40 AWD D4 dísil verð frá: 6.590.000 kr.

Til afhendingar strax

VOLVO

brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Þinghald í kynferðisbrotamálum er iðulega lokað og brotaþoli sem lykilvitni í málinu gefur skýrslu fyrir dómi á eftir ákærða.

„Eins og þetta er í dag þá er brotaþola sagt að mæta niður í dóm, kannski um tíuleytið, þegar réttarhöldin eru byrjuð. Þér er mögulega sagt að bíða í hliðarherbergi, síðan ertu kallaður inn í dómsal þar sem eina manneskjan sem þú mögulega þekkir er ákærði fyrir utan réttargæslumanninn þinn. Þetta er eins og að vera kölluð inn á fund sem er löngu byrjaður með fólki sem þú þekkir ekki neitt og þú veist ekkert hvað er á undan gengið. En þetta er samt fundur sem snýst um brot gegn þér og varðar mikilvæga hagsmuni þína. Þarna átt þú svo að segja frá kynferðisbrotinu og málsatvikum í smáatriðum og helst í réttri tímaröð án þess að gleyma neinu sem gæti skipt máli. Þegar þú hefur lokið máli þínu og svarað spurningum er þér vísað út þar sem réttarhöldin eru lokuð og þú ert bara vitni í málinu. Þetta eru í raun súrrealískar aðstæður sem við setjum fólk í."

Ein af tillögunum sem Hildur Fjóla leggur til er að brotaþoli gefi skýrslu fyrir dómi á undan ákærða og hafi rétt til að sitja inni í dómsal

ÞETTA ER EINS OG AÐ VERA KÖLLUÐ INN Á FUND SEM ER LÖNGU BYRJAÐUR MEÐ FÓLKI SEM ÞÚ ÞEKKIR EKKI NEITT OG ÞÚ VEIST EKKERT HVAÐ ER Á UNDAN GENGIÐ. EN ÞETTA ER SAMT FUNDUR SEM SNÝST UM BROT GEGN ÞÉR

í gegnum öll réttarhöldin og réttargæslumaður hafi rétt til að spyrja spurninga og koma með athugasemdir fyrir hönd skjólstæðings síns. Þannig er málum háttað í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. „Það getur skipt suma brotaþola miklu máli að fá að fylgjast með réttarhöldunum og taka þátt í þeim. Sumir brotaþolar hafa þó engan áhuga á því að vera í sama herbergi og ákærði og í þeim tilvikum ætti þeim að standa til boða að fylgjast með réttarhöldunum í hljóði og mynd í öðru herbergi."

Hildur Fjóla er doktorsnemi í réttarfélagsfræði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð. Hún er með bakgrunn í þróunarstarfi, mannfræði og kynjafræði. Hún vonast til að skila doktorsritgerðinni í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tillögur Hildar Fjólu

- Að brotaþolar eigi rétt á að ráðfæra sig við réttargæslumann á kostnað ríkisins áður en tekin er ákvörðun um að kæra málið til lögreglu.
- Að aðgangur brotaþola að gögnum máls á rannsóknarstigi sé almennt sá sami og aðgangur hins kærða nema lögregla telji að það geti skaðað rannsókn málsins.
- Að lögreglu sé skylt að upplýsa brotaþola um gang málsins, þá sérstaklega um þegar kærði hefur verið upplýstur um kæruna og þegar kærði hefur lokið skýrslutöku hjá lögreglu.
- Að lögreglu sé skylt að upplýsa brotaþola ef kærði er settur í gæsluvarðhald og þegar kærði er látinn laus úr gæsluvarðhaldi.
- Að brotaþoli hafi rétt til að gera athugasemdir við lögregluskýrslu hins kærða og önnur gögn sem lögregla aflar við rannsókn málsins áður en rannsókn lýkur, nema lögregla telji það geta skaðað rannsókn málsins.
- Að brotaþola sé boðið að vera tilkynnt um niðurfellingu máls í viðtali við fulltrúa embættis héraðssaksóknara.
- Að brotaþola sé boðið að hitta saksóknara áður en mál fer fyrir dóm.
- Að brotaþoli beri vitni fyrir dómi á undan ákærða og gert sé ráð fyrir að brotaþoli sitji í réttarsal í gegnum réttarhöldin ásamt réttargæslumanni sínum eða fylgist með réttarhöldunum í hljóði og mynd í gegnum fjarbúnað.
- Að brotaþoli eða réttargæslumaður hans hafi rétt til að leggja fram viðbótarsönnunargögn, spyrja ákærða og vitni viðbótarspurninga og koma með athugasemdir á eftir saksóknara og verjanda.
- Að brotaþoli hafi rétt til að ávarpa dóminn áður en réttarhöldum lýkur.
- Að brotaþoli hafi rétt til að áfrýja dómi.
- Að fangelsisyfirvöldum beri skylda til að upplýsa brotaþola, ef hann svo kýs, þegar hinn dæmdi hefur afplánun refsingar, fær leyfi úr fangelsi, er fluttur í opið fangelsi, hlé er gert á afplánun hans, strýkur úr fangelsi, er færður á áfangaheimili, afplánar refsingu undir rafrænu eftirliti eða lýkur afplánun. Heimilt sé að veita brotaþola frekari upplýsingar um afplánun fanga ef brýnir hagsmunir hans þykja mæla með því.
- Að bótanefnd miði við lægri sönnunarkröfu í stað þess að miða við sönnunarkröfu í sakamálum.
- Að brotaþolar hafi rétt á gjafsókn og ríkissjóður ábyrgist dæmdar bætur í einkamálum með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Sanngjarnt að fá tjónið bætt

Í ljósi þess hversu fá kynferðisbrotamál enda með sakfellingu og hversu sjaldgæft er að brotaþolar stefni gerendum í einkamáli er ljóst að aðeins örlítill hluti brotaþola fær bætur vegna afleiðinga brots. Hildur Fjóla leggur til að bæta aðgengi brotaþola að bótarétti með því að lækka sönnunarkröfu bótanefndar og rýmka gjafsóknarreglur svo brotaþolar hafi tök á að höfða einkamál gegn þeim sem ofbeldinu beitti. „Bætur eru iðulega það síðasta sem brotaþolar hugsa um í þessu samhengi og mörgum finnst óþægilegt að fá pening sem bætur fyrir kynferðisbrot. Sumir brotaþolar telja jafnvel að það grafi undan framburði þeirra að krefjast bóta. Þetta er ekki síst vegna þess að samfélagsmýtur um að konur kæri kynferðisbrot til að verða sér úti um pening lifa því miður enn góðu lífi. Staðreyndin er aftur á móti sú að afleiðingar kynferðisofbeldis geta verið bæði víðtækar og langvinnar og því einungis sanngjarnt að fá tjónið bætt. Þó svo að peningar bæti aldrei fyrir kynferðisbrot."

Árangur þrotlausrar vinnu

Hildur Fjóla hefur fundað víða um tillögurnar, bæði á Lagadögum og á lokuðum fundum.

„Mér hefur fundist að það sé góður hljómgrunnur fyrir þessum tillögum. Það má segja að lögfræðingar séu miklu vanari að horfa á réttarkerfið út frá sjónarhóli sakborninga en mér hefur fundist að þeir séu í auknum mæli tilbúnir að horfa einnig á réttarkerfið út frá sjónarhóli brotaþola. Þessi þrotlausa barátta þolenda kynferðisbrota á síðustu árum og áratugum hefur verið að skila sér. Ég held að það sé óhætt að segja að það hefur orðið viðhorfsbreyting víða innan réttarkerfisins á undanförnum árum."

Þessar tillögur eru ekki einskorðaðar við kynferðisbrot. Hildur Fjóla segir þetta geta átt við alla þá sem þurfa á réttargæslumanni að halda, til dæmis þolendur líkamsárása og aðstandendur fórnarlamba morða og manndrápa.



Í maí bjóðum við fjölskyldufólk sérstaklega velkomið og veitum 25% afslátt af hefðbundnum ferðum

Komið og njótið þessa stórkostlega nátturufyrirbæris í öruggu umhverfi með leiðsögn. Til að nýta sér þetta tækifæri þarf að bóka á netinu og nota afsláttarkóðann hér að neðan.

Börn 11 ára og yngri fá frítt inn!

Kóði: **Fjolskylda19**

Bókanir og nánari upplýsingar
thelavatunnel.is

THE LAVA TUNNEL

Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu

Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1 í Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili eða sumarhús sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

SMART - einbýli

Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti. Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi. Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning frá kr. **27.600.000** með vsk.

KLASSIK - einbýli

Fjölmargar stærðir og útfærslur tryggja hagkvæmt fullbúið einbýlishús eftir þínum óskum. Fjöldi teikninga. Gott úrval klæðninga, vandaðir veggir og gluggar tryggja góða endingu.

SÓL - sumarhús

Fjölmargar stærðir og skemmtilegar útfærslur tryggja þér vandað, vel einangrað sumarhús á góðu verði.

KÓSÝ - smáhýsi

Hin vinsælu smáhýsi okkar hafa verið framleidd árum saman og fást í fjölmörgum útfærslum eftir þörfum hvers og eins.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**
- **100m² einbýlishús kostar aðeins 14,6 millj. við verskmiðjudyr, tilbúið með álklæðningu á einingum, fullglerjuðum gluggum og hurðum.**

HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

SMART EINBÝLI: NÝTT EINBÝLISHÚS FRÁ 27,6 MILLJÓNUM

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

Mamma er langbesti aðdáandinn

Jóhannes Haukur Jóhannesson hefur undanfarin ár leikið bitastæð hlutverk í stórum þáttaröðum og kvikmyndum á erlendri grund. Þrátt fyrir annríkið fylgir velgengninni góður tími með fjölskyldunni sem hefur fengið að heimsækja hann á tökustaði vítt og breitt um heiminn.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Jóhannes Haukur hefur nýlokið æfingu í World Class þegar blaðamaður lítur til hans. Hann er nýkominn heim frá Prag þar sem hann var í tökum fyrir þáttaröðina A Letter for the King, sem verður sýnd á Netflix. World Class er nánast félagsmiðstöðin hans Jóhannesar. „Við eigum heima hér rétt hjá í Laugardalnum, það er dásamlegt að eiga heima hér. Við erum með alla þessa náttúru, sundlaugina og garðana í bakgarðinum hjá okkur," segir Jóhannes sem segist bíða eftir elstu dóttur sinni sem æfir fótbolta með Þrótti. Hann ætlar að fylgja henni á fótboltaleik. Hann er kvæntur Rósu Björk Sveinsdóttur, hagfræðingi hjá Seðlabanka Íslands, og þau eiga þrjú börn, ellefu, sjö og þriggja ára.

„Ég er tvær mínútur að labba hingað svo að það er engin góð afsökun fyrir því að mæta ekki í ræktina. Það er spa hér á neðri hæðinni og ég ætti að skammast mín fyrir það hvað ég er stundum latur í lyftingasalnum, þá er ég fljótt kominn í hvíta sloppinn og í spaið. Ég þarf stundum að minna mig á það að vera meira í æfingagallanum en hvíta sloppnum."

Nýtur þess að vera heima

Hann nýtur þess að vera heima og vera með börnunum og sinna heimilinu þegar hann er ekki að vinna. „Foreldrahlutverkið breytist eftir því sem maður eignast fleiri börn. Maður er orðinn svo slakur á því. Sú elsta fékk ekki að smakka ís eða sælgæti að ég held fyrr en hún var orðin fimm ára en sú yngsta fékk ís bara ársgömul. Maður tekur ekki alla slagina!"

Jóhannes Haukur og Rósa Björk kynntust skömmu fyrir jól árið 2002. „Við sátum hvort í sínum básnum á Dubliners og snerum baki hvort í annað. Ég hóf samtalið og það gekk svona glimrandi vel, við erum núna búin að vera saman í meira en sautján ár."

Hlutverk Jóhannesar Hauks í kvikmyndinni Svartur á leik varð vendipunktur á ferli hans. Kvikmyndin fór víða og varð til þess að hann fékk umboðsmann í Los Angeles og ekki löngu seinna fékk hann hlutverk í þáttaröðinni A.D. sem var framleidd af NBC um Jesú og lærisveina hans. Jóhannes Haukur lék lærisveininn Tómas og lék hann í tíu þáttum. Eftir þetta stóra verkefni fékk hann hlutverk í Game of Thrones-þáttunum sem reyndist enn meiri stökkpallur fyrir hann. Hann fór síðan í kjölfarið með hlutverk í kvikmyndinni Atomic Blonde með Charlize Theron, John Goodman og James McAvoy. Þá fór hann með aðalhlutverk í Netflix-seríunni Innocents og hefur nú nýlokið tökum á Letter to the King.

Jóhannes, er ferillinn á miklu flugi?

„Ég myndi segja að hann sé á góðri siglingu frekar en flugi, það er svona jarðtengdara. Svartur á leik var stökkpallurinn en svo þegar það eru komin stór verkefni eins og Game of Thrones á ferilskrána þá er horft aðeins betur á þig. Þú ert ekki bara enn einn íslenski leikarinn og prufurnar sem ég geri fá meiri athygli. Ég búinn að vera í þessu núna í fimm ár og hef ekkert verið í leikhúsunum á meðan," segir Jóhannes Haukur.

Hvert og eitt þeirra verkefna sem Jóhannes Haukur hefur leikið í tekur margar vikur og jafnvel mánuði. „Ef ég er að leika í sjónvarpsþáttaröð þá tekur það oft um fimm mánuði, svo þegar verkefninu er lokið þá tekur við dauður tími þar sem ég er í mesta lagi að gera prufur fyrir næstu verkefni. En ég er alltaf jafn ánægður þegar ég er búinn að klára verkefni og er í þessum dauða tíma. Nú er ég þar, í dauða tímanum, og veit ekki alveg hvað ég geri næst. Ég er með boð um hlutverk sem kannski verður af, þetta er oft langt ferli þar sem ekkert er meitlað í stein en ég hef lært að taka því með jafnaðargeði.

Ég er rosalega ánægður með þann góða og rúma tíma sem ég fæ inn á milli með fjölskyldunni og þá er ég heima, þvæ þvott og baka og sinni börnunum. En svo er bara geggjað að fá að fara út og vinna eftir heimilisstörfin og gista á fimm stjörnu hóteli," segir hann og skellir upp úr. „Þegar ég er að vinna í langan tíma úti þá koma Rósa og börnin mín til mín. Þau komu til dæmis tvisvar til mín til Suður-Afríku og dvöldu í þrjár vikur í senn, hafa nokkrum sinnum komið til London, Búdapest og voru hjá mér um páskana í Prag, þetta er dýrmætt og gaman fyrir þau. En börnin fá samt ekki að fara til Tenerife og kvarta svolítið yfir því."

Launin góð

Og er hann á grænni grein?

„Launin eru býsna góð og miklu betri en hér heima sem mér finnst mjög öfugsnúið því hér kostar allt meira. En svo er nú allur gangur á því hvað er boðið og stundum þarf maður að segja nei," segir Jóhannes Haukur og nefnir dæmi um boð sem hann gat alls ekki fallist á.

„Það versta sem ég man eftir var fyrir nokkrum árum. Mér var boðið að leika í bíómynd í eina viku í Brussel og með þekktum leikara. Ég átti að vera í einhverju Frankenstein-vampírugervi. En átti svo bara að fá tuttugu þúsund krónur fyrir. Þetta var nú bara algjört rugl og viðkomandi hefur verið í fréttum vegna miður fallegra hluta upp á síðkastið. Ég sagði bara nei takk og það var ekki erfitt. Ég sagði bara við umboðsmanninn: Við erum ekkert að fara að gera þetta, er það?"

Jóhannesi Hauki finnst slakandi og gaman að baka úr súrdeigi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Með fjölskyldunni í Suður-Afríku.

Jóhannes Haukur hefur vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum fyrir nýfenginn áhuga sinn á súrdeigsbakstri. Hann hefur náð miklum árangri og bakar alls kyns bakkelsi úr súrdeigi. „Ég fékk áhuga fyrir þessu um áramótin, ég þekki Norðurlandameistara í bakstri, hann Sigurð Elvar Baldursson. Hann kennir bakstur í Danmörku og mér líka, ég keypti mér bók um súrdeigsbakstur og svo var ég bara með hann á Facetime," segir hann. „Nú ég ég að undirbúa að reyna að baka croissant úr súrdeigi sem er mjög krefjandi. Mér finnst þetta mjög slakandi og ég hef tíma til að dunda við þetta þegar ég er heima."

Jóhannes Haukur var alinn upp af einstæðri móður, Ingibjörgu Höllu Guttesen. Hún er færeysk og þau bjuggu í Færeyjum í þrjú ár þegar hann var barn. Jóhannes Haukur segir móður sína sinn albesta aðdáanda og hún hafi orðið afar spennt þegar hún frétti að hann ætti að vera kynnir á Eurovision.

„Mamma hringdi einmitt í mig og hélt ég ætti að vera í hlutverki Gísla Marteins, það var svolítið liðið á símtalið þegar ég þurfti að leiðrétta hana og segja henni að nei, það væri nú Gísli Marteinn sem væri enn í því hlutverki. Mamma, ég er bara stigakynnir og það tekur bara fimm sekúndur. Þá sagði hún: Ha? Af hverju ekki þú? Og hún skildi í alvörunni ekkert í því af hverju ég sæi ekki um þetta frá A til Ö. Hún er nefnilega minn einlægasti aðdáandi," segir Jóhannes Haukur.

Til Færeyja í sumar

„Ég varð einu sinni leiður eftir gagnrýni úr leikhúsinu. Þá hringdi hún í mig og sagði: Nei, þetta er bara ekki satt, Jóhannes Haukur, því ég var á frumsýningunni. Henni finnst allt geggjað sem ég geri og ég held að hún meini það. Ég skil það núna sem foreldri, mér finnst allt sem börnin mín gera best og frábært."

Hann segist ekki mikið hafa haldið í færeyska siði en fjölskyldan fer þó öll til Færeyja í sumar. „Við förum öll til Færeyja í júlí og það verður gaman fyrir börnin. Það eru nú engir færeyskir siðir sem ég held upp á. En mamma er sjúk í skerpikjöt sem mér finnst líka gott en maður kaupir það nú ekkert úti í búð."

Er hann mikill Eurovision-aðdáandi?

„Já, eins og flestir Íslendingar þá horfi ég og tek þátt þegar Ísland er með í keppninni. Þegar Ísland er ekki með þá minnkar nú áhuginn og ég nenni ekki að horfa. Mér finnst Hatari frábært atriði, þetta er flott lag, sterkt konsept og mér finnst við vera hugrökk. Ég man ekki eftir viðlíka hugrekki síðan Páll Óskar tók þátt. Evrópa var ekki tilbúin þá! En kannski fyrir Hatara, sjáum til."

Ætlar hann að klæða sig upp í stíl Hatara?

„Tja, ég hef fengið skýr fyrirmæli frá börnunum mínum sem vilja að ég sé aðeins „eðlilegri". Kannski sleppur jogginggallinn," segir hann.

FÓLK
Helgin
LAUGARDAGUR 18. MAÍ 2019

Hatari stígur aftur á svið í Tel Avív á úrslitakvöldi Eurovision í kvöld. Umræðan og ferlið í kringum þátttöku Hatara í keppninni í ár hefur verið skrásett í mynd og hljóði af Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, framleiðanda og leikstjóra, og Baldvini Vernharðssyni tökustjóra.

→8

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga
SUSHI THE TRIO
Osushi
Tryggvagötu

Jódís Brynjarsdóttir segir að heilsuvörur séu orðnar mjög vinsælar enda vilji fólk vandaðar og góðar vörur.

Lengi haft áhuga á öllu sem tengist heilsu

Jódís Brynjarsdóttir, viðskiptastjóri hjá Vistor hf. fyrir ABEL heilsuvörur, þekkir vörurnar Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla sem og Love drykkina vinsælu, GingerLove, DetoxLove og SleepyLove mjög vel. →2

Framhald af forsíðu

Jódís er áhugamanneskja um heilsu og heilsusamlegt líferni eins og við mörg og fylgist vel með því sem kemur á markaðinn, bæði af áhuga og einnig starfs síns vegna.

„Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlarnir eiga sér merkilega sögu sem spannar yfir 25 ár og eiga að baki fjölda rannsókna en varan inniheldur gerilinn Lactobacillus plantarum 299v.“

Um miðbik níunda áratugarins uppgötvaði hópur vísindamanna við Háskólann í Lundi að Lactobacillus plantarum væri algengur í heilbrigðum meltingarvegi, en fyndist í minna mæli við óheilbrigðar aðstæður. Uppgötvunin leiddi til frekari rannsókna á afbrigðum Lactobacillus plantarum vegna mikils fjölbreytileika innan tegundarinnar. Afbrigði nr. 299 af gerlinum leit sérstaklega vel út sem hugsanleg meðferð í lækningaskyni. Hann reyndist vera harðger og þoldi bæði meltingarensím magans og gallsýruna og var að finna í öllu meltingarkerfinu – frá munnholi og allt niður í ristil. Hann fékk heitið LP299V®.

Uppgötvunin var upphafið að sænska fyrirtækinu Probi AB árið 1991 sem er í dag leiðandi á heimsvísu í rannsóknum á mjólkursýrugerlum.

Probi Mage LP299V® fæðubótarefnið hefur sýnt sig hafa góða eiginleika gegn ýmsum óþægindum tengdum meltingu, svo sem:

- Niðurgangi
- Uppþembu
- Harðlífi
- Vindgangi

Þau okkar sem eiga við óþægindi tengd meltingu að etja, til lengri eða skemmri tíma, finna mikinn mun þegar komist er fyrir slík vandamál.

Ráðlagður dagsskammtur af Probi Mage LP299V® er 1 hylki á dag.

Probi Mage LP299V® fæst í apótekum um land allt, heilsuverslunum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Melabúðinni og í Heimkaupum.

Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar eru söluhæsta varan í sínum flokki í Svíþjóð og hafa fengið frábærar móttökur á Íslandi.

Prófessor Bengt Jeppsson, starfar enn hjá Probi AB í Svíþjóð, rúmum 25 árum eftir að hann og kollegar hans báru kennsl á LP299V® gerilinn sem er að finna í Probi Mage LP299V®.

Ég hef notað Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.

Þórunn Kristjónsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek eitt hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram.

Sigríður Rita Ragnarsdóttir

GingerLove, DetoxLove og SleepyLove drykkir – lífrænir og vegan!

Drykkirnir eiga það sameiginlegt að innihalda allir hina ævafornu jurt engifer og bragð þessarar hressandi rótar, sem á áhugaverða sögu bæði sem krydd og lækningajurt, finnst nokkuð afgerandi í þeim öllum. Drykkirnir koma í duftformi, í handhægum skammtapakkningum og þá má blanda saman við heitt eða kalt vatn eða bæta þeim saman við boozt eða sjeik og prófa sig áfram með þá á ýmsan máta. GingerLove (með m.a. appelsínu, sítrónu og engifer) og DetoxLove (með m.a. ananas, engifer og túrmerik), þykja frábærir á milli mála og til að draga úr nartþörf. Þeir innihalda engan viðbættan sykur eða sætuefni og eru líka tilvaldir til að grípa í seinni part dags í stað þess að sækja sér einn kaffibollann enn og þykja afar skemmtileg tilbreyting í saumaklúbbum. Kvölddrykkurinn SleepyLove sem alla jafna er drukkinn heitur er svo m.a. með sætu mangó- og eplabragði, og inniheldur Bach blómadropa sem margir þekkja, auk engifersins hlýja.

„Það er bæði áhugavert og gleðilegt að sjá að eftirspurn hefur aukist eftir gæðavörum í heilsuvöruflokknum almennt og ekki síst því sem er vottað lífrænt. Ekki skemmir ef slíkar vörur eru einnig vegan en ávaxta- og jurtadrykkirnir GingerLove, DetoxLove og SleepyLove tikka einmitt í bæði boxin,“ segir Jódís.

GingerLove, DetoxLove og SleepyLove drykkirnir fást í Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Heimkaupum, Melabúðinni og í fjölmörgum apótekum um land allt.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

B12 vítamínskortur getur verið lífshættulegur

B12 Boost frá BY er áhrifaríkur og náttúrulegur munnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12 vítamíni (methylcobalamin), krómi og grænu tei. Tryggðu hámarksupptöku með úða út í kinn.

B12 vítamín er gríðarlega mikilvægt og gegnir margvíslegu hlutverki í líkama okkar. Það er m.a. nauðsynlegt fyrir skiptingu frumnanna en rauðu blóðkornin eru í hópi þeirra frumna sem skipta sér oftast og því veldur B12-vítamínskortur blóðleysi. B12-vítamín er nauðsynlegt fyrir nýmyndun tauganna og leikur það því stórt hlutverk í að halda taugakerfinu í lagi sem og heilastarfseminni.

Mataræðið skiptir miklu

B12 vítamín fáum við ekki í grænmeti eða jurtum heldur fáum við það að stærstum hluta úr matvælum sem koma úr dýraríkinu og þá aðallega kjöti, innmat, sjávarafurðum, eggjum, mjólk og osti. Jurtafæði (vegan) þar sem sneitt er hjá öllum dýraafurðum er af mörgum talið afar heilbrigður lífsstíll en rannsóknir hafa sýnt að fólk sem fylgir þess háttar mataræði getur skort ákveðin lífsnauðsynleg vítamín, steinefni og fitusýrur og er B12 þar á meðal.

„B12 er það vítamín sem flesta skortir á efri árum og getur skortur á því verið lífshættulegur.

Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi

Hvað veldur B12 skorti?

Skortur á B12 verður yfirleitt vegna skorts á B12 í fæðunni eða vegna þess að líkaminn getur ekki unnið B12 úr fæðunni. Þetta er það vítamín sem flesta skortir á efri árum og er það oftast vegna skorts á efninu „Intrinsic Factor“ sem er mikilvægt prótein, framleitt í maganum og sér um upptöku á þessu lífsnauðsynlega vítamíni. Það þýðir að þó svo að við borðum dýraafurðir eða tökum vítamínpillur, verður engin upptaka á B12 og okkur fer að skorta það. Óhófleg neysla áfengis, kaffis, kóladrykkja og nikótíns, notkun ýmissa lyfja, m.a. sýrubindandi lyfja og mikil eða langvarandi notkun sýklalyfja er einnig meðal þess sem getur valdið okkur skorti.

Í ljósi þess að B12 skortur tengist oft vandamálum í meltingarvegi er best að taka það í formi munnúða.

Einkenni B12 skorts geta verið eftirfarandi:

- Orkuleysi og slen.
- Þreyta, ör hjartsláttur, andþyngsli og svimi.
- Náladofi í hand- og fótleggjum.
- Hægðatregða.
- Uppþemba.
- Þyngdartap.
- Erfiðleikar með gang.
- Skapsveiflur.
- Minnisleysi, þunglyndi og vitglöp (dementia).

Að auki eru mörg einkenni sem benda til skorts á B12. T.d. rauð, ert og jafnvel slétt tunga, minnkað bragðskyn, meltingarörðugleikar, vindgangur og breyttar hægðir.

Bragðgóður munnúði sem tryggir upptöku

Í ljósi þess að B12 skortur tengist oft vandamálum í meltingarvegi er best að taka það í formi munnúða. Upptaka á B12 gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12 vítamíni eða til að verja okkur fyrir B12 skorti. B12 Boost munnúðinn frá Better You inniheldur methylcobalamin sem er náttúrulegt form þessa vítamíns, hann er bragðgóður og tryggir að líkaminn fái allt það B12 sem hann þarf á afar auðveldan og einfaldan máta. Hann inniheldur einnig steinefnið chromium chloride (króm) sem nýtist öllum og er sérstaklega hjálplegt fólki með efnaskiptavillu og/eða blóðsykursvandamál og svo er grænt te í blöndunni sem eykur orku. Öll B-vítamín eru vatnsleysanleg og því þarf að taka þau inn reglulega.

„Upptaka á B12 gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12 vítamíni og til að verja okkur gegn skorti.“.

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík

Innritun stendur yfir í Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík fyrir skólaárið 2019-2020.

Þeir sem hafa hug á skólavist vinsamlegast hafið samband við skrifstofu skólans í síma 551-5777 á milli kl. 9:00 – 13:00 alla virka daga eða sendið á netfang skólans postur@suzukitonlist.is

SIGURBOGINN VEFVERSLUN
WWW.SIGURBOGINN.IS
SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Sigurþóra Bergsdóttir stendur hér í húsnæði Bergsins á Suðurgötu 10, sem verður opnað í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unga fólkið ræður ferðinni

Bergið, Headspace verður opnað í Suðurgötu 10 í miðbæ Reykjavíkur í júní. Bergið er hugsað sem fyrsta þreps úrræði fyrir ungmenni sem eiga við einhvers konar andlegan vanda að stríða, allt frá því að líða af og til illa eða líðan sem einkennir alvarlega geðsjúkdóma.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Í Berginu munu starfa ráðgjafar sem hafa reynslu, þekkingu og/eða menntun í geðheilbrigði, og hlutverk þeirra verður að vísa ungmennum sem þurfa á meðferð við sínum vanda að halda á viðeigandi staði. „Því verður Bergið í miklu samstarfi við til dæmis Landspítalann, BUGL, Barnavernd, heilsugæslur, félagsþjónustuna og starfsendurhæfingargeirann“ segir Sigurþóra Bergsdóttir, forstöðumaður og stofnandi Bergsins.

Sigurþóra, aðrir starfsmenn Bergsins, sjálfboðaliðar og iðnaðarmenn vinna hörðum höndum við að gera Suðurgötu 10 tilbúna til opnunar. „Þetta er 300 fermetra rými, þetta er ansi stórt og leynir á sér,“ segir Sigurþóra og bætir við að það sé verið að byggja þrjú viðtalsherbergi, hópavinnuherbergi sem er stærra, og skrifstofu. Fyrir utan það mun húsnæðið nýtast í opið rými fyrir þau ungmenni sem þangað munu leita.

Um daginn fékk Bergið 60 milljónir frá ríkisstjórninni, Sigurþóra segir að það sé fallegt að sjá hvað verkefnið hefur fengið mikinn meðbyr frá bæði fólki og fyrirtækjum. „Allt þetta ferli og allt sem við erum að gera hefur gengið ótrúlega vel, af því að við fáum svo mikinn velvilja frá öllu samfélaginu. Allir eru boðnir og búnir til að hjálpa, og það er fallegt að upplifa það og sjá hvað fólk er tilbúið að leggja á sig fyrir unga fólkið okkar.“

Það verður farið af stað með kynningar á verkefninu í gegnum samfélagsmiðla þegar nær dregur opnuninni. „Ég grínast stundum með að við erum búin að vera með svona „old people“ markaðssetningu, þar sem við erum bara búin að vera að skapa okkur nafn og efna til samstarfs við ýmsar stofnanir, nú þurfum við að fara í kynningarherferð fyrir yngra fólk þegar líður að opnuninni, sem við erum öll farin að hlakka mikið til. Þetta verkefni er búið að vera langhlaup og ég er tiltölulega óþolinmóð manneskja en ég er að læra að vera þolinmóð. Við erum að vanda okkur.“ Bergið er búið að vera í bígerð frá því í ágúst 2018 eins og kemur fram á heimasíðu þess, bergid.is, þegar Sigurþóra fékk hugmyndina. Hún átti son sem glímdi við mikla andlega vanlíðan sjálfur og svo fór að hann svipti sig lífi árið 2016, aðeins 19 ára gamall.

> **Allir eru boðnir og búnir til að hjálpa, það er fallegt að upplifa það og sjá hvað fólk er tilbúið að leggja á sig fyrir unga fólkið okkar.**

Eins og kemur fram hér að framan verður ekki veitt sérhæfð sálfræðimeðferð við geðrænum vanda í Berginu. „Ég geri samt ráð fyrir að sálfræðinemar sem eru í klínísku sálfræðinámi verði verðmætir fyrir okkur. Við munum líka fá til okkar félagsráðgjafa og iðjuþjálfa, það er iðjuþjálfi að vinna með okkur núna í undirbúningi þjónustunnar. Við viljum líka fá fólk til starfa sem hefur einhvers konar reynslu af svipuðu starfi og langar til að vinna í þessu verkefni.

Síðan verður unnið með krökkunum sem koma hingað og þeim hjálpað að komast í umfangsmeiri úrræði ef þess þarf. En ef það eru einhverjir hlutir sem eru að valda þeim vanlíðan og þau þurfa aðstoð og stuðning til að takast á við þá, erum við hér í Berginu til þess. Við vonumst líka til að fá fjölskyldur ungmennanna til að vinna með okkur, en það verður gert á forsendum unga fólksins. Allt sem við erum að gera er fyrir ungt fólk og á forsendum þess. Þau eru við stjórn, ekki við.“

Bergþóra segir að tilgangur starfsfólks Bergsins sé ekki að skipa unga fólkinu í samfélaginu fyrir um hvað það á að gera til að öðlast bætta geðheilsu. „Við viljum finna leiðina í samstarfi við ungmennin. Þau eru að finna leiðina sína, en með okkar stuðningi. Við segjum þeim ekki hvað þau eiga nákvæmlega að gera.“

Í Berginu er starfandi ungmennaráð sem vinnur með stjórnendum í skipulagningunni, og unga fólkið fær að ráða miklu um skipulagið. „Við héldum með þeim vinnustofu í janúar á þessu ári, og það sat í mér það sem þau sögðu þá. Þau sögðu að þau þyrftu ekki einhvern til að segja þeim hvað þau ættu að gera, þau vissu hvað þau ættu að gera. Þau þyrftu bara einhvern sem væri tilbúinn til að hlusta. Það opnaði augu mín. Maður er alltaf að reyna að bjarga einhverjum, en stundum er einfaldlega nóg að veita stuðning, taka utan um viðkomandi og hlusta á hann. Leyfa tímanum stundum bara að líða.“

Bergþóra segir tilganginn ekki að stofna félagsmiðstöð, þó það verði skipulögð spilakvöld og skipulagt hópastarf. „Þetta er staður sem allir mega koma á og vera á ef þeim líður illa, það er engum vísað frá. En þetta verður ekki staður til að koma að hanga á með vinum sínum. Ekki til að byrja með. Við eigum eftir að sjá hvernig þetta þróast. Það er nóg af félagsmiðstöðvum, við viljum gera eitthvað sem aðrir eru ekki nú þegar að gera, eitthvað sem vantar.“

Ætlar þú að vera með?

Sumarnámskeið JSB hefjast 27. maí

Krefjandi TT námskeið sem virka!
3x í viku í 6 vikur, 27. maí - 5. júlí.
Matarlisti, ummálsmæling, vigtun og vikulegir póstar.
Skemmtileg og áreiðanleg leið til að koma sér í form.
Alltaf frábær árangur.

Sterk, flott og í fínu formi!
TT3 – námskeiðin eru fyrir stelpur 16+ sem vilja auka styrk og úthald, bæta mataræðið, efla sjálfsöryggið og koma sér í frábært form.
3x í viku í 6 vikur, 27. maí - 5. júlí.

Nýtt! JSB Hraðlestin fer af stað 27. maí
Hörkupúl og sviti, hér er ekkert gefið eftir!
5x í viku í 2 vikur.
Tímar: 17:30 mán. - föst.
Dagsetningar:
Hraðlest-1, 27. maí - 7. júní. Kr. 10.900
Hraðlest-2, 11. júní - 22. júní. Kr. 10.900
Hraðlest-3, 25. júní - 5. júlí. Kr. 10.900

Sjá nánar á jsb.is
Innritun hafin í síma 581 3730

EFLIR / HNOTSKÓGUR

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

Sparkað í heimilislausa

Settur var upp góðgerðarleikur milli heimsmeistaraliðs heimilislausra í Ísrael og íslenskra fjölmiðlamanna. Fréttablaðið og Svikamylla mættu fyrir hönd Íslands og tóku hlutverkið alvarlega.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Felix Bergsson, fararstjóri hópsins, var tengiliður við leikinn og boðaði menn og konur til leiks. Ekki voru allir klárir að koma en Fréttablaðið og Svikamylla mættu til leiks. Morgunblaðið, RÚV og Vísir boðuðu forföll af mismunandi ástæðum. Orri Dror, Íslandsvinur með meiru, boðaði til leiksins og hélt einnig íslenskt partí í leiðinni. Sá kann nokkur orð í íslensku en hann og eiginkona hans, Yaël Bar Cohen, giftu sig heima á Fróni. Í liði Íslands var einnig Ori Garmizo sem lék körfubolta með Haukum í vetur. Sýndi hann nokkuð lipra takta.

Íslenska liðið var ekki mætt til að vera með eitthvert grínatriði. Keyrt var á pressu og áttu heimilislausir engin svör við sóknarleik íslenska liðsins. Varnarleikurinn var einnig sterkur og ekkert gefið eftir. Meira að segja fór einn heimilislaus lóðbeint í malbikið eftir tæklingu. Lá hann óvígur eftir en stóð svo upp aftur með bros á vör.

Það er einstakt við ísraelska þjóð – hvort sem það eru almennir borgarar, lögreglumenn eða heimilislausir, að allir eru með bros á vör. Jafnvel þótt þeir séu að tapa stórt í fótboltaleik og íslenskur brimbrjótur sé búinn að strauja þá. Brosið er alltaf til staðar.

Leiknir voru tveir leikir í Cherner House sem er í gamla hverfinu í Jaffa. Var leikurinn liður í undirbúningi liðsins fyrir Heimsmeistaramót heimilislausra. Jordi Cruyff, sem spilaði eitt sinn með Barcelona og Manchester United og þjálfaði lengi Maccabi Tel Aviv, byggði Cherner House og þarna koma arabar, gyðingar og heimilislausir saman að spila fótbolta. Þjálfari liðsins er fyrrverandi markvörður ísraelska landsliðsins og þótt lið hans hafi barist hetjulega þá höfðu þeir ekki roð við íslensku víkingunum.

Þegar leikurinn var flautaður af var íslenska liðið krýnt sigurvegari en heimilislausu drengirnir vonuðust eftir því að koma einhvern tímann til Íslands. Íslensku fjölmiðlamennirnir vonast einnig til að hitta sína nýju vini sem fyrst aftur.

Cherner house sem Jordi Cruyff byggði. FRETTABLAÐIÐ/INGÓLFUR

Orri Dror og eiginkona hans Yael.

Góðgerðarleikur, Eurovision 2019. Allir samankomnir eftir leik með bros á vör og góða skapið að vopni.

Ori Garmizo sýndi góða takta í leiknum í Tel Avív.

Á varamannabekknum var gott að hvíla lúin bein.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM Í ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem vilja læra leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

Námið:
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á sínu sviði.
Boðið er upp á dag eða kvöldnám auk þess sem farið verður í fjölda vettvangsferða.

Umsögn: „Fyrir nokkrum árum stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum mínum. Fjölmargir kennarar komu að kennslunni sem áttu auðvelt með að ná til mín, auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er. Auk þess hvöttu þeir okkur til að virða landið okkar. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
Námið gefur mikla atvinnumöguleika og það eru spennandi tímar framundan.

Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

OPIÐ 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Safnablaðið

LAUGARDAGUR 18. MAÍ 2019

Inga L. Baldvinsdóttir, sviðsstjóri Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni, segir að eftir að stafrænir tímar runnu upp hafi ljósmyndin sívaxandi gildi og myndmálið að verða sterkara en ritmál.

Ljósmyndasöfn þjóðarinnar

Með tilkomu snjallsímans og útbreiðslu hans eru teknar fleiri ljósmyndir en nokkru sinni fyrr. Áður voru myndasöfn einstaklinga eða fjölskyldu límd inn í albúm eða geymd í gömlum konfekt- eða skókössum en nú geyma flestir myndirnar sínar á síma eða í tölvu. →2

Ásfríður Ásgrímsdóttir með vinkonum 1918. LJÓSMYND EFTIR SIGRÍÐI ZOËGA/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

Elsta ljósmyndasafnið er í Þjóðminjasafninu

Árið 1908 var byrjað að safna ljósmyndum í Þjóðminjasafni Íslands og það er elsta ljósmyndasafn landsins. Myndasafnið hefur fengið það virðulega heiti Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Það er erfitt fyrir nútímafólk að ímynda sér lífið án ljósmynda, svo samofin er ljósmyndin orðin tilveru mannfólksins aðeins 180 árum eftir að ljósmyndatæknin var fundin upp. Hver og einn einstaklingur á sitt ljósmyndasafn en þjóðin sjálf á líka sitt myndasafn.

Heitið minnir okkur á að þetta er myndasafn þjóðarinnar. Mörg söfn á vegum sveitarfélaga eða héraða hófu að safna ljósmyndum eftir miðbik 20. aldar ýmist á byggðasöfnum eða skjalasöfnum. Þannig að einstakir landshlutar eða bæir geta líka státað af sínum myndasöfnum. Enginn safnkostur hefur vaxið jafn hratt í söfnum landsmanna síðasta áratug og ljósmyndir. Sú þróun er ekki bundin við Ísland heldur er alþjóðleg.

Það má spyrja sig til hvers þjóðin þurfi að eiga sitt myndasafn. Hvaða hlutverki þjónar slíkt safn? Slíkt safn geymir okkar sameiginlega myndheim. Sá myndheimur er býsna víðfeðmur og tekur til allra þeirra ólíku þátta sem móta lífið í landinu og sambúð okkar við landið en líka til íbúanna sjálfra og daglegs lífs þeirra.

Kannski koma fólki fyrst í huga sögulegir viðburðir í lífi þjóðarinnar. Í fyrra minntumst við ýmissa atburða sem tengdust árinu 1918; sambandslaga, frostavetrar, spænsku veikinnar og Kötlugoss. Þó að myndakostur frá þessum atburðum sé mjög takmarkaður er það þó í gegnum hann sem við komumst í mest návígi við þá. Í huga okkar mótast mynd af þeim lituð af ljósmyndunum. Í þeirri upprifjun kom á óvart að sjá fjölbreytni í lífi og klæðnaði fólks sem þá byggði Reykjavík sem reyndist svo órafjarri þeirri einsleitu mynd sem við höfum gert okkur af þessum tíma.

Við getum líka velt því fyrir okkur hvernig byggð hefur þróast í landinu síðan ljósmyndaöldin rann upp. Í gegnum ljósmyndir getum við rakið þróun þéttbýlisbyggðar og húsakosts til lands og sjávar. Hvernig húsakostur í sveitum hefur breyst með aukinni velsæld og vaxandi bústofni og þéttbýlið teygt úr sér fyrir víkur, út á tanga og upp til fjalla. En líka hvernig byggð hefur hopað og virt fyrir okkur blómleg býli til sveita sem nú heyra sögunni til eða þéttbýlisstaði sem hættu að vaxa.

Alveg frá því að ljósmyndin barst til landsins voru ljósmyndir af fólki aðalmyndefnið. Fólk langaði til að eiga af sér mynd og á langri ævi var kannski bara farin ein ferð til ljósmyndara. Portrettmyndin varð minnisgripur fyrir það sjálft, vini þeirra og ættingja en líka hina sem á eftir komu. Sjálfsmyndaöldin sem við lifum á var enn langt undan.

Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni er ekki bara að safna myndum til að varðveita til framtíðar heldur líka til almennrar miðlunar. Kjarni myndasafnsins er skráður í skráningarkerfi sem er opið á netinu. Slóðin til að skoða hvað þar er varðveitt er www.sarpur.is. Þar eru skráðar um 925.000 myndir úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni og yfir 115.000 þeirra eru með stafrænni mynd. Þannig er stærsta sýningin í Þjóðminjasafni í vefheimum. Ásókn almennings í landinu í að sjá og eignast myndir af ættingjum sínum og einnig sérfræðinga, sem vinna að verkefnum í útgáfu, kvikmyndum, húsavernd og ýmsu öðru, vitnar um lifandi áhuga á ljósmyndaarfinum.

Inga Lára Baldvinsdóttir

Hátíð á Álfaskeiði í Hrunamannahreppi 1965. LJÓSMYNDARI ÞORVALDUR ÁGÚSTSSON/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

Verslað á nýjum róluvelli í Hlíðunum í Reykjavík 1965. LJÓSMYNDARI INGIMUNDUR MAGNÚSSON/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

Tvær konur í Reykjavík 1918. Jakobína Arinbjarnardóttir er skrifuð fyrir myndinni. LJÓSMYNDARI SIGRÍÐUR ZOËGA/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

Ull flokkuð í Vesturbúðinni á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga er með grunnsýningu sína í tveimur húsum á Eyrarbakka, í Húsinu og í Kirkjubæ, og hefur umsjón með Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Söfnin eru vel í sveit sett í hinum forna höfuðstað Suðurlands. Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka varðveita um 7.000 ljósmyndir og er hluti þeirra á sýningum. Það býr svo vel að varðveita ljósmyndir danskra gesta í Húsinu á Eyrarbakka, þeirra Oline Lefolii og Agnesar Lunn, sem sýna mannlífið á Eyrarbakka frá 1890 til 1912. Ljósmyndir þessara tveggja dönsku kvenna gefa einstaka sýn á mannlífið í íslenskum kaupstað í kauptíð við aldamótin 1900 og lífið á kaupmannssetrinu. Þær fóru líka í ferðalög út fyrir Eyrarbakka og voru með myndavélarnar í farteskinu auk þess sem teknar voru ljósmyndir af fólki að störfum. Rúmri öld síðar er þetta horfinn heimur sem við getum fræðst um á áhugaverðum söfnum á Eyrarbakka.

Ein mynd sem gefur skarpa sýn á atvinnuhætti er á grunnsýningu í Húsinu. Ullin var stærsti liður í afkomu almennings í gamla bændasamfélaginu og var aðalsöluvara bænda ásamt fiski. Oft réð ullin því hvar bændur versluðu og komið var með hana frá sveitabæjunum í hærusekkjum úr hrosshári til verslunar. Kaupmannsfrúin og ljósmyndarinn Oline Lefolii brá sér einn sumardaginn upp á loft í ullarhúsinu sem var einn hluti af húsaþyrpingu sem nefndist Vesturbúðin og hýsti stórverslun danska kaupmannsins Lefoliis á Eyrarbakka. Þar ljósmyndaði hún fólk að störfum. Þetta hefur verið um 1910 á blómaskeiði verslunar á Eyrarbakka. Ljósmyndin sýnir fólk, konur og karla við að flokka ull. Bændurnir komu með hana grófflokkaða til verslunarinnar og var hún vigtuð á stórri vog. Á ullarloftinu var unnið að því að fínflokka og hreinsa ullina og setja í stóra ullarbala sem fluttir voru til skips sem beið á hafnarlæginu fyrir utan. Þennan vettvang ljósmyndaði kaupmannsfrúin Oline Lefolii og fangar þannig strit alþýðunnar á Eyrarbakka við störf.

Mynd af myndinni mögnuðu sem Oline Lefolii tók í kringum 1910.

Myndin er sýnd ásamt ullarvoginni stóru og ullarsekkjum. Vogin og sekkirnir væru fátæklegri og segðu minna ef ljósmyndin væri ekki til staðar.

Mikið heimildargildi

Þessi ljósmynd er á grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka. Þar er hún sýnd ásamt ullarvoginni stóru og ullarsekkjum. Vogin og sekkirnir væru fátæklegri og segðu minna ef ljósmyndin væri ekki til staðar. Á sýningum safnanna á Eyrarbakka gegna ljósmyndir stóru hlutverki. Þær víkka sjóndeildarhringinn, útskýra gjarnan samhengi safngripa og varpa betra ljósi á sýningatexta.

Lýður Pálsson

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, | **Veffang:** frettabladid.is

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

MYNDLISTASKÓLINN

ÁFANGA- OG MARKAÐSSTJÓRI Í REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir starf áfanga- og markaðsstjóra laust til umsóknar. Áfanga- og markaðsstjóri heldur utan um skráningar og námsferla nemenda í námsumsjónarkerfinu inna.is, sér um vefsíðu, samfélagsmiðla og annað kynningarefni skólans og hefur samskipti við fjölmiðla og aðra auglýsendur.

Við leitum að einstaklingi með menntun í myndlist eða hönnun, góða almenna tölvukunnáttu, hagnýta þekkingu á samfélagsmiðlum, gott vald á íslensku og ensku og áhuga á markaðsmálum. Jákvæðni og samstarfslipurð, skipulagshæfileikar og nákvæmni eru nauðsynlegir kostir. Um fullt starf er að ræða og er það laust frá og með miðjum ágúst.

Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem forsendur umsóknar og framtíðarsýn umsækjanda koma fram. Umsóknir þurfa að berast skrifstofu skólans eða á netfangið umsoknir@mir.is fyrir kl. 16:00 föstudaginn 31. maí.

Upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius, skolastjori@mir.is.

UMSJÓNARKENNARI ÓSKAST Á YNGSTA STIG

SJÁLANDS SKÓLI

Sjálandsskóli óskar eftir að ráða umsjónarkennara í 100% starf á yngsta stig. Í skólanum ríkir góður starfsandi þar sem allir starfsmenn vinna saman að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Umsjón með bekk
- Standa vörð um nám og velferð nemenda
- Vera í samstarfi við foreldra
- Taka þátt í þróun skólastarfsins

Menntun, reynsla og hæfni:
- Leyfisbréf á grunnskólastigi
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar
- Vilji til að starfa í teymi að sveigjanlegu skólastarfi
- Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af kennslu á yngsta stigi

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2019. Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst 2019.
Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðbæjar https://starf.gardabaer.is

Qualified Person

We are currently looking for a talented individual to join our Third Party Quality team in Iceland and step into the role of Qualified Person (QP). QP is a specialist at the Quality Assurance department with special permission from the regulatory authority to release products to the market.

Key tasks and responsibilities:
- Release of products to the market in accordance with EU GMP
- Review stability reports from contractors and Teva companies
- Handling change requests
- Handling of complaints and recalls
- Evaluation/approval of deviations and CAPAs
- Evaluation of OOS results
- Preparation, approval and maintenance of SOPs
- Approve contractors/internal PQR reports
- Acting as SME for audits of contractors and suppliers
- Quality support for contractors

Qualifications:
- Master degree in Pharmacy or Natural Science
- Substantial experience working in a pharmaceutical quality function
- Knowledge of the principles and guidelines for GMP
- Strategic and analytical thinking, problem solving and decision-making approach
- High accurate skills
- Ability to work well in a team and independently
- Good communications and planning skill

Please apply on our website https://careers.teva/job where you can find a more detailed description of the position.

All CV´s must be in English. For more information regarding the position, please contact Anna Klebert, Anna.Klebert@Tevaeu.com

Actavis
www.actavis.is

Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Lögmaður

Starf lögmanns hjá embætti borgarlögmanns er laust til umsóknar.

Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsfólks. Embætti borgarlögmanns er með aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar eru stöðugildi átta lögmanna auk skrifstofustjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættispróf eða meistarapróf í lögfræði
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi
- Reynsla af málflutningi æskileg
- Þekking á stjórnsýslurétti er kostur
- Þekking á opinberum innkaupum og/eða útboðs- og verktakarétti er kostur
- Góð færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð og færni í samskiptum

Helstu verkefni:
- Lögfræðilegar álitsgerðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar
- Undirbúningur dómsmála og málflutningur
- Meðferð stjórnsýslumála
- Samningagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga

Um er að ræða fullt starf og greiðast laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ebba Schram borgarlögmaður í síma 411 4100 eða í gegnum netfangið ebba.schram@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 5. júní nk.
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is

Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir deildarstjórum, leikskólakennurum, sérkennara og þroskaþjálfa.

Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir húsverði, námsráðgjafa, heimilisfræðikennara, umsjónarkennara á miðstig, sérkennara, dönskukennara, umsjónarkennara á yngsta stig, stuðningsfulltrúa og skólariturum.

Á velferðarsviði er óskað eftir ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks, sjúkraþjálfara, sjúkraliða og félagsliða í Roðasali og starfsmönnum í íbúðakjarna.

Á bæjarskrifstofum Kópavogs er óskað eftir leikskólaráðgjafa

Einnig eru laus störf frístundaleiðbeinenda í félagsmiðstöðvunum Fönix og Igló.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Sérfræðingur á fjármálasviði

Mannvit óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing á fjármálasvið. Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að áætlanagerð, greiningarvinnu og almennum bókhaldsstörfum.

Helstu verkefni:
- Áætlanagerð og greiningarvinna
- Afstemmingar, uppgjör og almenn bókhaldsstörf
- Verkbókhald og frávikagreining
- Reikningagerð og innheimta
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

Hæfnikröfur:
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði með áherslu á fjármál eða sambærilegt
- Reynsla og þekking á bókhaldi, uppgjörsvinnu og rekstri
- Mjög góð Excel kunnátta
- Þekking og reynsla af Navision
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí.
Sótt er um starfið á heimasíðu Mannvits, **www.mannvit.is**.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri í síma 422 3401 og netfangi hildur@mannvit.is.

Mannvit veitir ráðgjöf og þjónustu á sviði verkfræði, tækni og nýsköpunar. Hjá okkur starfar öflugur hópur verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölbreytta reynslu. Sérþekking okkar liggur í verkfræði, jarðvísindum, umhverfismálum, verkefnastjórnun og heildarumsjón verkefna. Mannvit er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel og hefur tækifæri til að móta framtíðina.

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

MANNVIT

ERT ÞÚ MARKAÐS-MANNESKJA MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR LEIKHÚSI?

Borgarleikhúsið leitar að skapandi og hugmyndaríkum markaðsstjóra sem hefur drifkraft og metnað til að ná árangri í starfi. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Markaðsstjóri

Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun og eitt elsta menningarfélag landsins, 122 ára gamalt. Félagið annast rekstur Borgarleikhússins skv. sérstökum samningi við Reykjavíkurborg. Hjá félaginu starfa milli 180-200 manns með metnað, fagmennsku og framsýni að leiðarljósi. Borgarleikhúsið er fjölsóttasta leikhús landsins og sviðsetur um 15 leiksýningar á ári auk ýmissa annarra viðburða.

HELSTU VERKEFNI

- Yfirumsjón markaðsmála og mótun stefnu markaðsdeildar
- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun
- Ábyrgð á markaðs- og kostnaðaráætlunum, framkvæmd og eftirfylgni
- Ábyrgð á ímyndar- og markaðsmálum leikhússins
- Samskipti við auglýsingastofur og fagaðila á sviði markaðsmála
- Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla
- Forsvar fyrir fyrirtækja- og hópasölu

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræði, framhaldsmenntun í markaðsfræði er kostur
- Mikil reynsla af markaðsmálum og markaðssetningu á samfélagsmiðlum
- Sköpunargleði og gott auga fyrir hönnun
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk.

Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurlaug Jónsdóttir (sigurlaug.jonsdottir@capacent.is).

borgarleikhus.is

HEFUR ÞÚ ÞAÐ SEM TIL ÞARF?

Torg ehf. leitar að öflugum liðsmanni/konu í hlutverk söluráðgjafa á Fréttablaðinu, mest lesna dagblaði landsins.

Í starfinu felst:
- Sala auglýsingabirtinga til helstu viðskiptavina Fréttablaðsins.
- Þjónusta við viðskiptavini, umsýsla og úrvinnsla birtinga.
- Öflun nýrra viðskiptavina og sölutækifæra.

Starfið krefst mikillar hæfni í mannlegum samskiptum, getu til að vinna sem hluti af öflugu söluteymi sem og sjálfstætt við öflun nýrra viðskiptavina. Laun eru að hluta árangurstengd og tekjumöguleikar góðir.

Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Helga Viðarsdóttir, rekstrarstjóri Torgs, johannahelga@365.is.

Umsóknarfrestur er til og með 19. maí.

Torg ehf. er útgáfufélag sem sérhæfir sig í prent- og stafrænum miðlum. Torg gefur út Fréttablaðið, mest lesna dagblað landsins, Markaðinn, viðskiptablað sem fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum, og tísku- og lífsstílstímaritið Glamour. Stafrænir miðlar í eigu Torgs eru FRETTABLADID.IS, MARKADURINN.IS, GLAMOUR.IS, ICELANDMAG.IS og MIDI.IS. Torg prentfélag á og rekur blaðaprentvél sem sér um prentun á Fréttablaðinu, Markaðnum og tengdum miðlum.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is

SVIÐSSTJÓRI KJARAMÁLASVIÐS EFLINGAR

Efling - stéttarfélag óskar eftir að ráða sviðsstjóra kjaramálasviðs.

Helstu verkefni

- Stjórnun og skipulag sviðsins
- Þróun og innleiðing á endurbótum verklags við móttöku og afgreiðslu mála
- Samskipti við félagsmenn og atvinnurekendur
- Samstarf við lögmenn félagsins

Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun og mannauðsmálum
- Þekking á vinnumarkaðsmálum og kjarasamningum
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og þróun verkferla
› hannes@fastlind.is

Gunnar Valsson
Lögg. fasteignasali
699 3702
› gunnar@fastlind.is

Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
892 9966
› stefan@fastlind.is

Kristján Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
696 1122
› kristjan@fastlind.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

BÓKIÐ SKOÐUN

Leirutröð 3
301 HVALFJARÐARSVEIT

STÆRÐ: 98,4 fm **SUMARHÚS** **HERB:** 4

Heilsárs sumarhús á steyptum grunni í skipulagðri frístundarbyggð. Húsið er á 6.063 ferm. eignarlóð við Grunnafjörð í Hvalfjarðarsveit (gömlu Leirársveit). Heitur pottur.

Heyrumst
Halldór › 618 9999 **33.900.000** KR
Löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN



Akrasel 3
109 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 446,2 fm **EINBÝLI** **HERB:** 11

Afar vandað, talsvert endurnýjað og glæsilegt einbýlishús með tvöföldum bílskúr staðsett innst í botnlanga. Húsið er upphaflega teiknað af Kjartani Sveinssyni en var stækkuð árið 2000.

Heyrumst
Helga › 822 2123 **129.000.000** KR
Löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN

Boðaþing 2
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 144,2 fm **FJÖLBÝLI** **HERB:** 4

Glæsilega endaíbúð á efstu hæð ásamt 2 stæðum í bílageymslu í vönduðu fjölbýlishúsi að Boðaþingi 2. Fallegt útsýni, 3,3 m lofthæð og 26 fm þaksvalir.

Heyrumst
Stefán › 892 9966 **69.500.000** KR
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

BÓKIÐ SKOÐUN





Vogatunga 20-22
270 MOSFELLSBÆ

STÆRÐ: 236,7 fm **RAÐHÚS** **HERB:** 6

Vel staðsett og vönduð raðhús með fallegu útsýni. Innbyggður bílskúr, fimm svefnherbergi og tvö baðherbergi með sturtu. Húsin eru staðsett í nýlegu fjölskylduvænu hverfi í Mosfellsbænum. Afhent á bstigi 5.

Heyrumst
Stefán › 892 9966 **62.900.000** KR
Sölufulltrtúi/Í námi til lögg.fasteignasala

OPIÐ HÚS › 19. maí 14:00 – 14:30

Vogatunga 111
270 MOSFELLSBÆ

STÆRÐ: 236,7 fm **RAÐHÚS** **HERB:** 6

LIND fasteignasala kynnir:

TIl sýnis fullbúið hús.
Til afhendingar við kaupsamning.
Afhendist fullbúin að innan og utan.
Verð 78,9 m.
Einnig til sölu hús sem afhendast á byggingastigi 5. Verð 62,9-64,9 m og til afhendingar júní-ágúst 2019.
Aðeins 5 hús eftir.

Heyrumst
Jón › 777 2288 **78.900.000** KR
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteigansala

OPIÐ HÚS › 19. maí 13:00 – 13:30





Skúlagata 20
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 70,8 fm **FJÖLBÝLI** **HERB:** 2-3

Falleg og vel skipulögð íbúð í snyrtilegu fjölbýli fyrir 60 ára og eldri. Fallegt útsýni til norðurs. Útgengi úr stofu á svalir með svalalokun. Húsvörður í húsinu. Margvísleg þjónusta á Vitatorgi á vegum Reykjavíkurborgar.

Heyrumst
Lára › 899 3335 **42.000.000** KR
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › laugardaginn 18. maí og sunnudaginn 19. maí frá kl 15:00 – 16:00







Álalind 4-8
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 57,7 - 147,5 fm **FJÖLBÝLI** **HERB:** 2-5

LIND fasteignasala kynnir með stolti:

Fullbúnar og vandaðar íbúðir í nýju lyftuhúsi að Álalind 4-8. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum, innbyggðum kæliskáp og uppþvottavél, innfelld lýsing og önnur ljós fylgja. Innréttingar frá GKS, Span helluborð og raftæki frá AEG. Fullb+únar sýningaríbúðir til sýnis og sölu

2 herb- verð frá 37.9 m. Stærðir 57,7-79,9 fm.

3 herb - verð frá 49,9 m . Stærðir 99,9-154 fm.

4 herb - verð frá 57,9 m. Stærðir 111,7-165,4 fm.

5 herb - verð frá 64,9 m. Stærðir 129,9-147,5 fm.

Verð frá 37.900.000 KR

Heyrumst
Kristján Þórir Hauksson
Löggiltur fasteignasali
› **696 1122**
› **kristjan@fastlind.is**

Heyrumst
Stefán Jarl Martin
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› **892 9966**
› **stefan@fastlind.is**

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

FASTEIGNASALA
Stofnað 1988

Aron Freyr
Eiríksson
Lögg. fast.
Sími 772-7376

Ás fasteignasala er rótgróið fyrirtæki sem hefur veitt alla almenna þjónustu í fasteignaviðskiptum frá árinu 1988.

2017_2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2015 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

407,4 FM GISTIHÚS VIÐ STAPAHRAUN 2 Í HAFNARFIRÐI.



Samtals 15 gistiherbergi, öll með sér eldhúskrók og baðherbergi.

Eign sem býður upp á mikla möguleika.

Verð 180.000.000 kr,-

Fjarðargötu 17 // 220 Hafnarfirði // Sími 520 2600 // as@as.is

Eignatorg

Björgvin Guðjónsson lögg. fast. í s: 615-1020 / bjorgvin@eignatorg.is

Tobbakot 3 - Rangárþingi ytra.

Um er að ræða gott 251,6 fm íbúðarhús á tveimur hæðum byggt 1980 með innbyggðum bílskúr ásamt 106,2 fm eldra húsi sem þarfnast uppgerðar. Húsin standa á samtals tveggja hektara eignarlóð. **Verð: 32.9 millj.**

Allar nánari uppl. veitir Björgvin Guðjónsson lögg. fast. í s: 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Skipholt 50b |105 Reykjavík | s: 510 3500 | www.eignatorg.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is

Lynghólar 32-38 | 210 Garðabæ

NÝJAR OG GLÆSILEGAR SÉRHÆÐIR Á VINSÆLUM STAÐ Í GARÐABÆ

OPIÐ HÚS

OPIP HÚS: sunnudaginn 19. maí 15:00 - 16:00

Hrönn
Fasteignasali
692 3344 | *hronn@fstorg.is*

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

Verð frá 69.900.000,- *án gólfefna*

Um er að ræða efri og neðri sérhæðir með sér inngangi að Lynghólum 32-38 í Garðabæ. Íbúðinar eru 140fm fimm herbergja með tveim baðherbergjum og skiptast í forstofu, eldhús, stofu, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og geymslu.

- Allar íbúðir með sérinngangi og svölum eða sérafnotarétt
- Fullbúnar íbúðir með eða án gólfefna
- Fjögur góð svefnherbergi
- Tvö baðherbergi
- Innfelld lýsing
- Hiti í gólfum
- Granít á borðum
- Örstutt í skóla, íþróttaaðstöðu og þjónustu.

Nýjar íbúðir í sölu

Lyngás 1 - 210 Garðabær

Fyrstu íbúðir afhendast í júní 2019

Síðasti áfanginn við Lyngás 1 kominn í sölu

Frábær staðsetning miðsvæðis í Garðabæ

Hagkvæmar 2ja, 3ja, 4ra, og 5 herbergja íbúðir, flestar með stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru vel staðsettar, miðsvæðis í Garðabæ, í göngufæri frá skólum, sundlaug, íþróttasvæði og verslun. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Verð: **35,9 m.kr. – 63,9 m.kr.** Stærð: **59,7 fm – 125 fm**

OPIÐ HÚS

LAUGARDAG KL. 13.00-14.00
18. MAÍ

SUNNUDAG KL. 13.00-14.00
19. MAÍ

lyngasreitur.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Hilmar Þór Hafsteinsson
Fasteignasali
GSM 824 9098 / hilmar@eignamidlun.is

EIGNAMIÐLUN



Berglind Hólm
Fasteignasali
GSM 694 4000 / berglind@fstorg.is

FASTEIGNASALAN TORG

FASTEIGNAMIÐLUN

Einar Guðmundsson
Lögg. fasteignasali Sóltún 20 S. 896 8767

www.egfasteignamiðlun.is einar@egfasteignamidlun.is

HÆÐARGARÐUR 33

36,9 millj.

OPIÐ HÚS

sunnudag milli kl. 13 og 13:30.

Björt og falleg 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í þessu vinsæla fjölbýlishúsi fyrir 63 ára og eldri á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík. Húsið er sambyggt félagsmiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar og þangað er hægt að sækja félagsstarfsemi og afþreyingu af ýmsu tagi.

Traust og ábyrg fasteignamiðlun í 24 ár

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

FOLD
FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Bjarklind Þór
löggildingarnemi
bjarklind@fold.is / 690-5123

Stýrimannastígur 8, 101 Rvk., einbýli.
OPIÐ HÚS MÁN 20/5 KL. 16:30-17:00.

OPIÐ HÚS

Ca. 177 fm gullfallegt hús á frábærum stað í Vesturborginni. Húsið hefur verið endur-innréttað á síðustu árum og er allt hið glæsilegasta. Á hæðinni eru rúmgóðar stofur með arni, eldhús og sjónvarpshol auk gestasnyrtingar. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Kjallari er óinnréttaður. Húsið er stórglæsilega innréttað og öll vinna hin vandaðasta. **Opið hús mánudaginn 20. maí kl.16:30-17:00, verið velkomin.**

Bræðraborgarstígur 5, 101 Rvk., hæð í fjórb.
OPIÐ HÚS MÁN 20/5 KL. 16:30-17:00.

OPIÐ HÚS

Ca. 111 fm. falleg, talsvert endurnýjuð íbúð á 3ju hæð í reisulegu húsi á frábærum stað í Vesturborginni. Skiptist í 2-3 svefnherbergi, þar af 1 forstofuherbergi, eina til 2 stofur, endurnýjað eldhús og baðherbergi. Parket og flísar á gólfum.
Opið hús mánudaginn 20. maí kl. 16:30-17:00, verið velkomin.

Verð 51,9 millj.

Þverholt 5, 270 Mosó, 2. hæð.
OPIÐ HÚS MÁN 20/5 KL. 17:00-17:30.

OPIÐ HÚS

Þverholt 5, björt, falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í fallegu fjölbýli í Mosfellsbæ. Parket, dúkur og flísar á gólfum. Rúmgóð stofa, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús inn af því. Ágæt sér geymsla á hæð í stigahúsi. Suðursvalir.
Verð 42 millj.

Opið hús mánudaginn 20. maí kl 17:00-17:30, verið velkomin.

Markarflöt 57, 210 Gbæ, einbýli á einni hæð:
OPIÐ HÚS ÞRI 21/5 KL. 17:00-17:30.

OPIÐ HÚS

Vandað rúmlega 200 fm. einbýlishús á einni hæð með bílskúr á frábærum stað í enda götu. Húsið er með 4 svefnherbergjum. Það er talsvert endurnýjað, stendur hátt í götunni og er með góðu útsýni í suður. Bílskúrinn er um 50 fm. og húsið um 150 fm. Stór lóð með fallegum garði, góðri útiaðstöðu og heitum potti. **Verð 85,9 millj.**

Opið hús þriðjudaginn 21. maí kl. 17:00-17:30, verið velkomin.

Kleppsvegur 62, 104 Rvk., eldri borgarar.
OPIÐ HÚS ÞRI 21/5 KL. 16:30-17:00

OPIÐ HÚS

Kleppsvegur 62, íbúð á 4. hæð (bjalla 42) fyrir 60 ára og eldri. Íbúðin er 75,6 fm ásamt 3,3 fm geymslu á 1. hæð, samtals 78,9 fm. Aðgangur að veislusal á 2. hæð. Eitt svefnherbergi. Parket og dúkur á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Glæsilegt útsýni. Yfirbyggðar svalir í suður. Íbúðin er laus við kaupsamning. Stutt í þjónustu á Hrafnistu. **Verð 42,9 millj.**

Opið hús þriðjudaginn 21. maí kl. 16:30-17:00, verið velkomin.

Dynjandisvegur 23, 801 Selfoss, heilsárshús.
OPIÐ HÚS LAU 25/5 KL. 13:00-16:00.

OPIÐ HÚS

Dynjandisvegur 23: Rúmlega 100 fm. nýlegt heilsárshús á frábærum stað við Dynjandisveg, nálægt Skálholti og Reykholti í Bláskógabyggð. Í húsinu eru þrjú góð svefnherbergi auk óskráðs svefnrýmis í risi. Hitaveita og heitur pottur. Húsið stendur hátt með miklu útsýni yfir Brúará og til fjalla. Vönduð eign á frábærum stað. **Verð 37,5 millj.**
Eignin verður sýnd í opnu húsi milli kl. 13:00-16:00 laugardaginn 25. maí, verið velkomin. Upplýsingar um leiðarlýsingu og aðkomu gefur Ágúst í síma 660-8160.

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

VIÐ ERUM TRAUSTI

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

Bára Daníelsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

Garðar Kjartansson
Sölufulltrúi
S: 853-9779

Sólveig Regína Biard
Skjalavinnsla,
S: 869-4879

Styrmir Þór Sævarsson
Sölufulltrúi
S: 846-6568

Jóna Benný Kristjánsdóttir
Lögmaður. Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 869-8650

Gunnar Þórisson
Viðskiptafræðingur, Sölufulltrúi
S: 692-6226

Einar Örn Guðmundsson
Viðskiptafræðingur Sölufulltrúi
S: 823-4969

Garðar B. Sigurjónsson
Sölufulltrúi
S: 898-0255

Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir
Viðskiptafræðingur Sölufulltrúi
S: 897-7712

Garðar Hólm
Löggiltur fasteignasali
S: 899-8811

SÖLUSÝNING Í DAG LAUGARDAG KL. 13:00 - 14:00

Trilluvogur 1
104 Reykjavík

Nánari uppl. veita Styrmir Þór í síma 846-6568 styrmir@trausti.is, Guðbjörg Gerður í síma 899-5949 gudbjorg@trausti.is, Kristján í síma 867-3040 kristjan@trausti.is og Garðar Hólm í síma 899-8811 gh@trausti.is

SÖLUSÝNING Á MORGUN SUNNUDAG KL. 14:00 - 14:30

Boðaþing 16
203 Kópavogur

Nýjar íbúðir með lyftu, útsýni og góðri aðkomu fyrir 50 ára og eldri. Húsið stendur við hlið þjónustumiðstöðvar Hrafnistu en þangað er hægt að sækja ýmsa þjónustu. Eignirnar eru lausar til afhendingar við kaupsamning. **Nánari uppl. veitir Garðar Hólm í síma 899-8811 gh@trausti.is**

Heiðarbær 11
110 Reykjavík

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 20. MAÍ KL. 17:00 - 17:30
Fallegt 133,4 fm einbýlishús ásamt 39,9 fm bílskúr staðsett innarlega í botnlanga í kyrrlátu hverfi. Í hluta bílskúrs er 25 fm geymslupláss sem er ekki inni í uppgefinni fermetratölu eignar. Glæsilegur garður. **Nánari uppl. veitir Kristján í síma 867-3040 kristjan@trausti.is**
Verð: 79,9 millj.



Asparholt 1
225 Garðabær

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 20. MAÍ KL. 17:00 - 17:30
Rúmgóð og glæsileg 4ra – 5 herbergja 116,8 fm endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og sólpalli. Sérmerkt bílastæði á bílaplani við húsið fylgir eigninni. **Nánari uppl. veitir Guðbjörg Gerður í síma 899-5949 gudbjorg@trausti.is**
Verð: 51,9 millj.

Birkiholt 4
225 Garðabær

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 20. MAÍ KL. 18:00 - 18:30
Rúmgóð og björt 3ja herbergja 94,1 fm endaíbúð á efstu hæð með sérinngangi. Vel staðsett eign nálægt skóla, leikskóla, íþrótta-miðstöð og sundlaug. **Nánari uppl. veitir Guðbjörg Gerður í síma 899-5949 gudbjorg@trausti.is**
Verð: 42,9 millj.

Sólheimar 16
104 Reykjavík

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 21. MAÍ KL. 18:00 - 18:30
Björt og rúmgóð 3ja herbergja 79,5 fm íbúð í fallegu húsi. Eignin er í góðu og fjölskylduvænu hverfi þar sem stutt er í alla almenna þjónustu og Laugardalinn. **Nánari uppl. veita Kristján í síma 867-3040 kristjan@trausti.is og Einar Örn í síma 823-4969 einaro@trausti.is**
Verð: 39,9 millj.

Baughús 11
112 Reykjavík

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 21. MAÍ KL. 17:30 - 18:00
Rúmgott, bjart og vel skipulagt 5 herbergja 149,9 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt 28,5 fm innbyggðum bílskúr. Suðurgarður með góðum skjólgirðingum og hellulagðri verönd. **Nánari uppl. veitir Gylfi Jens í síma 822-5124 gylfi@trausti.is**
Verð: 74,9 millj.

Fellsmúli 14
108 Reykjavík

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 22. MAÍ KL. 17:00 - 17:30
Virkilega falleg, björt og vel skipulögð 5-6 herbergja 144,1 fm íbúð á 3. hæð með góðum suðursvölum í snyrtilegu fjölbýlishúsi. Einstaklega vel staðsett endaíbúð með fínu útsýni. **Nánari uppl. veitir Kristján í síma 867-3040 kristjan@trausti.is**
Verð: 48,5 millj.

MIKLABORG

569 7000 Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Túngata 34

101 Reykjavík

Nánari upplýsingar veita:

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Páll Pórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Glæsilegt 302,9 fermetra einbýlishús á þessum eftirsótta stað í Reykjavík. Húsið sem byggt var árið 1926 hefur verið nánast algerlega endurnýjað að utan sem innan. Flest öll rými í húsinu eru með aukinni lofthæð. Allt parket í húsinu er gegnheilt plankaparket.
Bílskúr er með heitu vatni og rafmagni og að honum er hellulagt bílaplan með hitalögn.
Um er að ræða einstaklega fallega eign sem stendur við eina af vinsælli götum Reykjavíkur.

Tilboð óskast

Hafnarbraut 9

Kársnesi / 200 Kópavogi

Aðeins 7 íbúðir eftir

OPIN HÚS
sunnudaginn 19. maí kl. 16:00 - 17:00





Glæsilegar 2ja-4ra herbergja fullbúnar íbúðir með sjávarútsýni á vestanverðu Kársnesinu

Fyrstu 24 íbúðir í nýju bryggjuhverfi með fallegum útivistar- og göngusvæðum við sjávarsíðuna

Ný brú mun tengja Kársnesið, háskólasamfélaginu við Öskjuhlíð og miðbæ Reykjavíkur.

Mikil og metnaðarfull uppbygging á Kársnesinu.

Lyftuhús með bílakjallara.

Verð frá: **44,9 milljónir**

Nánari upplýsingar veita:

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

KÁRSNESIÐ
HVERFIÐ OKKAR

Tilbúnar til afhendingar strax

MIKLABORG Með þér alla leið

Þrjár milljónir ljósmynda allt frá glerplötum til stafrænna

Minjasafnið á Akureyri býr yfir stórum fjársjóði mynda. Við safnið hefur verið starfrækt ljósmyndadeild síðan 1987 og hefur Hörður Geirsson safnvörður starfað við hana frá upphafi.

Í Minjasafnsgarðinum stendur stór ljósmynd af garðveislu hjá Oddi C. Thorarensen apótekara í byrjun 20. aldar. Fyrir framan Nonnahús stendur par, líklega í öskudagsbúningi um aldamótin 1900. Það er ekki að ástæðulausu að ljósmyndirnar bjóða gestum í safnið. Minjasafnið á Akureyri býr yfir stórum fjársjóði mynda. Við safnið hefur verið starfrækt ljósmyndadeild síðan 1987 og hefur Hörður Geirsson safnvörður starfað við hana frá upphafi. Ljósmyndir hafa verið ríkur þáttur í bæjarlífi Akureyrar frá 1858 fram til dagsins í dag eins og ljósmyndakostur safnsins sýnir. Hann telur nú 3.000.000 eintök, allt frá glerplötum til stafrænna frummynda. Glerplötur eru elsta form ljósmyndasafnsins og eru 29% safnkostarins, filmur 38%, kópíur 7% og stafrænar myndir 26% og fer sá hluti safnkostarins sífellt stækkandi eins og gefur að skilja. Stærstur hluti mynda kemur frá atvinnu- og áhugaljósmyndurum en einnig úr fórum einstaklinga.

Myndefnið er fjölbreytt og það er einnig notkun safnsins á ljósmyndunum. Þær eru notaðar í öllu starfi safnsins við sýningargerð, safnfræðslu, viðburði og markaðsstarf. Grunnurinn að því að nota þær eru rannsóknir og skráning ljósmyndanna og ekki síst að gera þær stafrænar. Rannsóknir á ljósmyndum eru fjölbreyttar, bæði er verið að skoða myndefnið en jafnframt sögu ljósmyndaranna og ljósmyndatækni. Myndefnið getur gefið mikilvægar upplýsingar um þróun byggðar og umhverfis en ekki síður um daglegt líf fólks, t.d. fatnað þess og híbýli.

Rannsóknir á ljósmyndarfinum leiddu Hörð, safnvörð ljósmyndadeildar, á nýjar en þó gamlar slóðir þegar hann hóf rannsóknir og tilraunir með votplötutækni, sem ekki hafði verið notuð á Íslandi í 125 ár. Áhugi Harðar kviknaði við rannsóknir á ljósmyndum Önnu Schiöth. Í safni hennar fann Hörður tvær glerplötur sem teknar voru með votplötutækni. Áhuginn var kviknaður og Hörður fór að grafast fyrir um aðferðirnar og efnafræðina á bak við hana. Hörður lét ekki þar við sitja heldur smíðaði eigin myndavél.

Hvað eru votplötur?

Votplata er blaut plata með Collodion upplausn. Collodion er bómull sem er leyst upp í eter og alkóhóli. Það límir silfur á plötuna og gerir hana ljósnæma. Þegar búið er að taka myndina er hún framkölluð í framköllunarvökva sem er vatnsupplausn með járni, sykri, örlitlu af ediksýru og alkóhóli. Þetta þarf að gerast áður en myndin þornar. Skola þarf efnin vel af plötunni með eimuðu vatni áður en hún er böðuð í fixer og breytist við það úr negatívri mynd í pósitíva.

Kópía 1873, Fyrsta myndin af Akureyri sem vitað er um, tekin 1873 af Fredik Löve. Skuggi ljósmyndarans og myndavélarinnar sést hægra megin á myndinni.

Garðveisla á Akureyri: Hallgrímur Einarsson.

Fixerinn er skolaður af og platan sett í þurrkgrind. Að lokum er hún lökkuð með alkóhóllakki sem er búið til úr alkóhóli, lavenderolíu og trjákvoðu frá Marokkó. Þar með er silfrið lokað inni og súrefnið kemst ekki að því. Það er ástæða þess hversu lengi slíkar plötur varðveitast, jafnvel 500 ár að talið er.

Það þarf því að hafa hraðar hendur þegar teknar eru votplötumyndir.

Ljósmyndir nýtast einnig öðrum en safninu t.d. við endurgerð gamalla húsa ef finna þarf gluggasetningu eða gerð þeirra svo nýlegt dæmi sé tekið. Útgefendur, fjölmiðlar og fræðimenn notast einnig við ljósmyndir safnsins. Grunnurinn að því að nota þær eru rannsóknir og skráning þeirra.

Ljósmyndirnar eru sá hluti safnkostar Minjasafnsins sem mest er leitað í, ekki síst eftir að hann er kominn heim í stofu til fólks á Sarpur.is, sem er gagnagrunnur sem flest íslensk söfn notast við. Almennir notendur hafa verið mikill liðsauki í rannsóknum á myndefninu gegnum Sarp þar sem hann býður fólki að senda upplýsingar um myndefnið. Ljósmyndir eru stór hluti daglegs lífs. Þær eru og verða mikilvæg heimild um fólk og mannlíf. Hvað tekur þú margar myndir á dag? Ætli allar matarmyndir, myndir af skóm og varningi endi á safni í framtíðinni?

Haraldur Þ. Egilsson

Sýningin Börn í 100 ár í Safnahúsi Borgarfjarðar er áhugaverð og fjölbreytt.

Íslensk börn í 100 ár

Heildaráhrif sýningarinnar Börn í 100 ár, sem er í **Safnahúsi Borgarfjarðar**, er myndræn sem gerir hana einstaklega aðgengilega. Mikið er um að skólahópar sæki sýninguna heim enda eru söguefnin næg og rýmið sjálft höfðar mjög til barna. Á bak við ljósmyndirnar eru hólf þar sem sjá má muni frá Byggðasafni Borgarfjarðar sem er eitt safnanna í Safnahúsinu. Í miðju rýminu er upprunaleg baðstofa sem verðugur fulltrúi gamla tímans.

Sýningin er hönnuð af Snorra Frey Hilmarssyni leikmyndahönnuði sem leggur áherslu á læsileika og hughrif. Í sama húsnæði má einnig sjá aðra grunnsýningu Safnahúss, fuglasýninguna Ævintýri fuglanna sem einnig er hönnuð af Snorra. Stóri kosturinn við báðar sýningarnar er að það þarf ekki tungumál til að „lesa“ sig gegnum myndrænar frásagnirnar, heldur tala þær jafnt til allra.

Í Safnahúsi eru alls fimm söfn, bókasafn og skjalasafn þar með talið. Þar eru haldnar listasýningar, fyrirlestrar og tónleikar auk grunnsýninganna tveggja sem eru opnar allt árið og draga að sér fjölda gesta. Á safnadaginn 18. maí verður opnuð þar sýning úr safnkosti Listasafns Borgarness sem er eitt safnanna í húsinu. Sýningarstjóri er Helena Guttormsdóttir.

Safnahúsið í Borgarnesi hefur á liðnum árum öðlast mikilvægan sess sem menningarmiðstöð fyrir Borgarfjörð og nærsveitir. Starfsemin er mikilvæg samfélagslega þar sem þekkingu er miðlað á skapandi hátt.

Guðrún Jónsdóttir

Þar sem fortíð og nútíð mætast

Ljósmyndasafn Reykjavíkur er miðstöð ljósmynda þar sem fortíð og nútími mætast. Markmið safnsins er að varðveita, safna og sýna bæði sögulega og samtímaljósmyndun í listrænu, félags- og menningarlegu samhengi.

Í Ljósmyndasafninu eru nú um 6 milljónir ljósmynda af ýmsum stærðum og gerðum. Safneignin samanstendur að stærstum hluta af myndasöfnum sem færð eru Ljósmyndasafninu til varðveislu.

Ljósmyndasafnið varðveitir bæði myndir frá atvinnumönnum og áhugamönnum í faginu, þær elstu eru frá því um 1860 og þær yngstu frá 2014. Myndefnið er æði fjölskrúðugt og má þar m.a. nefna mannamyndir teknar á ljósmyndastofum, ýmiskonar blaða-, iðnaðar-, landslags- og auglýsingaljósmyndir auk fjölbreyttrar flóru mannlífs- og fjölskyldumynda.

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins er að auka aðgengi að safneigninni. Í gegnum myndavef safnsins (borgarsogusafn.is) er hægt að leita eftir myndefni og ljósmyndurum auk þess að kaupa myndir í gegnum vefinn. Hluti af starfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur er að auka við myndavefinn og fer myndum fjölgandi með hverju ári.

Safnið setur upp fjölda sýninga ár hvert þar sem markmiðið er að kynna íslenska ljósmyndara, sýna verk úr safneign sem og að sýna verk erlendra ljósmyndara.

Á Alþjóðlega safnadaginn þann 18. maí, verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur ný sýning úr safnkosti sem ber heitið Íslensk kjötsúpa. Myndirnar á sýningunni eru eftir Kristjón Haraldsson (1945-2011) en Kristjón starfaði sem iðnaðar- og auglýsingaljósmyndari í Reykjavík. Hann lærði ljósmyndun hjá Leifi Þorsteinssyni í Myndiðn og í Iðnskólanum í Reykjavík. Kristjón rak ljósmyndastofuna Stúdíó 28, fyrstu árin með Kristjáni Pétri Guðnasyni ljósmyndara.

Apríl 1974, fermingarveisla Ásgeirs Ásgeirssonar í fjölskyldu ljósmyndara. Tvær konur og strákur í eldhúsi. Önnur konan klæðist upphlut.
LJÓSMYND/KRISTJÓN HARALDSSON

Júlí 1982, myndataka fyrir Örtölvutækni sf. Stjórnsalur í Svartsengi, Svartsengisvirkjun.
LJÓSMYND/KRISTJÓN HARALDSSON

Flestar myndirnar á sýningunni eru teknar á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Á sýningunni verða bæði myndir sem Kristjón tók fyrir auglýsingar, t.d. fyrir ullariðnaðinn og plötuumslög fyrir íslenska tónlistarmenn, og einnig myndir sem hann tók af fjölskyldu sinni og nærumhverfi í gömlu Reykjavík. Varpa allar þessar ljósmyndir skemmtilegu ljósi á tíðarandann og draga fram hversdaginn sem margir muna.

Kristín Hauksdóttir

Sýningin opnar kl. 15 á Alþjóðlega safnadaginn laugardaginn 18. maí. Allir eru velkomnir og ókeypis er inn á safnið í tilefni dagsins.

Héraðsmót Ungmennasambands Dalamanna á Laugum í Sælingsdal. Jóhannes úr Kötlum í ræðustóli.

Mikilvægar heimildir um störf og daglegt líf fólks

Byggðasafn Dalamanna var vígt á sumardaginn fyrsta 1979 og á því 40 ára vígsluafmæli í ár. Hefur safnið verið opið yfir sumarmánuðina og meginþorri gesta verið Íslendingar á ferð um Dali.

Fljótlega tók Magnús Gestsson, stofnandi safnsins, að safna ljósmyndum af Dalamönnum og úr Dölum. Fyrstu myndir safnsins voru að mestu myndir af Dalamönnum fæddum á 19. öld. Stór hluti þeirra ljósmynda var tekinn af Jóni Guðmundssyni, ljósmyndara og bónda í Ljárskógum, en hann fór víða um sýsluna og tók myndir af fólki. Síðasta áratuginn hefur jafnframt verið lögð áhersla á að safna myndum af daglegu lífi Dalamanna við leik og störf. Ekki er raunhæft að safna öllu og eru ljósmyndir því mikilvægar heimildir um störf og daglegt líf.

Ljósmyndir má finna á sýningum safnsins eftir því sem aðstæður leyfa. Aftur á móti er lögð mikil áhersla á að birta sem mest af safnkostinum í Sarpi og gefa þannig sem flestum tækifæri á að njóta. Í dag eru birtar þar um 3.500 ljósmyndir frá safninu og kemur til með að fjölga þegar líður á árið.

Valdís Einarsdóttir

Unnið við fiskþvott.
LJÓSMYNDARI/BJÖRN INGVARSSON

Myndefni sem sýnir glöggt þróun byggðar

Skjala- og myndasafn Norðfjarðar varð 40 ára 23. janúar sl. Safnið var í fyrstu eign Neskaupstaðar en eftir sameiningu Neskaupstaðar og nágrannasveitarfélaganna er það nú eign Fjarðabyggðar. Eitt af verkefnum safnsins frá fyrstu dögum þess var að safna saman öllu því er tengist sögu Norðfjarðar og Neskaupstaðar og þess fólks sem staðurinn hefur alið. Þessi söfnun hefur farið og fer fram með söfnun skjala og myndefnis bæði í formi ljósmynda og kvikmynda.

Safnið er með á annað hundrað þúsund ljósmynda og filma, auk nokkurs fjölda kvikmynda. Þetta myndaefni okkar sýnir glöggt þróun byggðar á svæðinu ásamt útgerð og annarri atvinnustarfsemi. Einnig erum við með mikinn fjölda mynda af fólki sem hér hefur búið eða dvalið ásamt fjölda af öðru fólki. Allt er þetta efni okkur og komandi kynslóðum mikils virði.

Guðmundur Sveinsson

Mikið safn af myndum um lífið fyrr á árum

Skógasafn er að finna á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið fjölgunar ferðamanna til landsins.

Glaðlegar ferðakonur með hesta sína og hund, mynd frá um 1920-1930. LJÓSMYND/VALGERÐUR HELGADÓTTIR

Safnið er vel í sveit sett en hinn fjölsótti Skógafoss er í næsta nágrenni og Eyjafjallajökull gnæfir yfir staðnum. Safnið hefur notið hinnar miklu fjölgunar ferðamanna til landsins. Árið 2018 komu rúmlega 52.000 gestir á safnið. Erlendir gestir voru í meirihluta en Íslendingar sem komu voru í kringum 1.200. Í haust eru 70 ár liðin frá því að Héraðsskólinn að Skógum var stofnaður en **Skógasafn** var stofnað þar sama ár og var fyrsta sýningarrýmið í skólanum. Ráðgert er að halda upp á tímamótin í haust með afmælishátíð. Munu ljósmyndir skipa stórt hlutverk þar sem hægt er að sjá sögu safns og skóla í máli og myndum.

Ljósmyndir í eigu safnsins eru um 15.000 og unnið er jafnt og þétt að skönnun og skráningu upplýsinga um þær. Nú þegar hafa verið skráðar um 5.700 ljósmyndir og eru þær aðgengilegar á vefnum Sarpur.is.

Mikið er til af merkilegum myndum sem eru heimildir um lífið í landinu á árum áður. Það voru ekki bara teknar myndir inni á ljósmyndastofum af fólki í spariföt-unum með oft á tíðum alvarlegan svip. Gaman er að sjá myndir af fólki við dagleg störf. Sumar sýna fólk á hestbaki, börn að hjóla eða að leika við hundinn á bænum. Einnig eru til myndir af merkum áföngum í sögu Suðurlands eins og brúarsmíði og vegagerð fyrir og um miðja 20. öld þar sem vinnutækin voru ansi frumstæð. Ljósmyndir hafa verið notaðar nokkuð í sýningum safnsins en við uppsetningu Samgöngusafnsins, sem er hluti af Skógasafni, voru notaðar myndir af ferðafólki og bílum frá fyrri hluta síðustu aldar. Þær eru góðar heimildir um ferðabúnað áður fyrr.

Skógasafnið tók á móti um 52 þúsund gestum á síðasta ári.

Margir stoppa við myndir sem Valgerður Helgadóttir (1896-1981), húsfreyja á Hólmi, tók. Myndirnar hennar sýna fólk í sínu rétta umhverfi og við hversdagslegar athafnir. Þar er að finna fyrir utan ferðakonurnar með hestana sína og litla drenginn í fínu fötunum sínum, margs konar myndir af börnum og fullorðnum við leik og störf.

Margar sýna nýsmíðaðar túrbínur Bjarna Runólfssonar í Hólmi sem var eiginmaður Valgerðar. Valgerður hafði mjög gott auga fyrir myndefninu og hefur greinilega átt vandaða myndavél. **Helga Jónsdóttir**

Lítill drengur situr úti í blíðviðri, myndin er tekin um 1930.
LJÓSMYND/VALGERÐUR HELGADÓTTIR

Alþjóðlegi safnadagurinn er laugardaginn 18. maí 2019

Söfn um heim allan munu fagna Alþjóðlega safnadeginum þann 18. maí 2019 og dagana í kring. Þátttaka í Alþjóðlega safnadeginum fer vaxandi meðal safna um heim allan. Árið 2018 tóku yfir 40.000 söfn þátt í atburðinum í 158 löndum. FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnmanna, og Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráð safna, halda utan um kynningu á deginum.

Hlutverk safna í samfélaginu er að breytast. Söfn eru í stöðugri endurnýjun í viðleitni sinni til að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri, aðlögunarhæfari og hreyfanlegri stofnanir. Þau hafa breyst í menningarmiðstöðvar sem skapa

» Söfn eru í stöðugri endurnýjun í viðleitninni að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri og aðlögunarhæfari.

umhverfi þar sem sköpunargleði er sameinuð þekkingu.

Um leið og söfnin hafa varðveitt meginhlutverk sitt, við að safna, varðveita, miðla, rannsaka og sýna, hafa þau gerbreytt starfsvenjum sínum til að vera áfram nær þeim samfélögum sem þau þjóna.

Í dag leita þau eftir nýstárlegum leiðum til að takast á við félagsleg vandamál og átök samtímans. Með því að starfa á staðnum geta söfn einnig barist fyrir og dregið úr alþjóðlegum vandamálum og lagt sig fram um að mæta áskorunum nútímasamfélagsins að fyrra bragði. Sem stofnanir eru söfn í hjarta samfélagsins og geta þannig komið á samtali á milli menningarheima, byggt brýr fyrir heimsfrið og skilgreint sjálfbæra framtíð. Söfn aðlagast hlutverki sínu sem menningarmiðstöðvar í auknum mæli og hafa einnig fundið nýjar leiðir til að heiðra safnmuni sína, söguna og arfleifð, og þannig skapað heðir sem munu hafa nýja merkingu fyrir seinni kynslóðir og mikilvægi fyrir æ margbreytilegri samtímaviðtakendur á heimsvísu.

Þessi umskipti, sem munu hafa djúpstæð áhrif á safnafræði og starfsvenjur, neyða okkur einnig til að endurskoða hvaða gildi söfn hafa og endurskoða þau siðfræðilegu mörk sem skilgreina sjálft eðli starfs okkar sem safnasérfræðinga.

Félag íslenskra safna og safnmanna
FÍSOS

ICOM international council of museums Iceland

Við eigum afmæli í dag!

www.ifsport.is

40

ÍF Íþróttasamband fatlaðra

1979 - 2019

ÖSSUR LIFE WITHOUT LIMITATIONS
SAMHERJI
RÚMFATA LAGERINN HERBERGID • BADID • HEIMILID
VALITOR
BLUE LAGOON ICELAND
ICELANDAIR
TOYOTA
Arion banki
Íslensk Getspá
66 NORTH ICELAND
Actavis
SJÓVÁ
Radisson BLU SAGA HOTEL REYKJAVÍK
macron
Coca-Cola
AQ ATLANTSOLÍA

Gera heimildarmynd um Hatara

Hatari stígur aftur á svið í Tel Avív á úrslitakvöldi Eurovision í kvöld. Umræðan og ferlið í kringum þátttöku Hatara í keppninni í ár hefur verið skrásett í mynd og hljóði af Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, framleiðanda og leikstjóra, og Baldvini Vernharðssyni tökustjóra.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Lengst til vinstri er Quays Mitwalli, í miðjunni eru Anna Hildur og Muhannad Mitwalli, aðstoðartökumaður og bílstjóri, við hlið hans er Baldvin.

Með í teyminu eru palestínsku bræðurnir Quays Mitwalli sem sér um ljósabúnað í tökum og Muhannad Mitwalli sem er aðstoðartökustjóri og bílstjóri, og Ísraelsmaðurinn Gil Shapiro sem aflar heimilda og hefur sett upp viðtöl við viðmælendur myndarinnar.

Þetta er fyrsta mynd í fullri lengd sem Baldvin vinnur að, en hann hefur áður leikstýrt auglýsingum og tónlistarmyndböndum. „Þetta er mjög flott og stórt tækifæri fyrir mig. Ingi Kristján Sigurmarsson sem er grafískur hönnuður og meðlimur Hatara, maðurinn á bak við tjöldin, er gamall og góður vinur minn. Hann var að fara að leikstýra myndbandi við lagið Spillingardans. Þá fékk hann leiktæki frá BDSM-félaginu og fékk mig inn í verkefnið til að taka upp og leikstýra með honum. Síðan eyddum við um 14 klukkustundum í að kveikja í, berja og binda hljómsveitarmeðlimi. Þarna hitti ég meðlimi Hatara í fyrsta sinn og fannst þeir vera áhugavert efni til að taka upp. Ég ákvað að halda áfram að fylgja þeim eftir tökurnar á myndbandinu. Ég sá eitthvað þarna, sem er orðið að þessu í dag. Heimildarmyndin sem við erum að vinna núna kviknaði upphaflega út frá áhuga mínum á Hatara og að fylgjast með gjörningi þeirra.“

Áhersla á myndrænu hliðina

Það kom þó ekki skýr mynd af heimildarmyndinni sem Tattarrattat og RÚV eru að framleiða fyrr en Anna Hildur kom inn í verkefnið, þegar Hatari sigraði í Söngvakeppni sjónvarpsins í mars á þessu ári. „Þá voru alls konar hugmyndir búnar að vera í gangi með myndefnið sem Baldvin var búinn að vera að taka upp síðastliðið ár,“ segir Anna. „Hatari hefur alltaf lagt mikla áherslu á myndræna hlið tónlistar sinnar, þannig að það er til mjög mikið af myndefni sem verður notað í myndinni, og svo auðvitað myndefnið sem Baldvin var búinn að taka upp.“

Bretarnir Iain Forsyth og Jane Pollard eru yfirframleiðendur myndarinnar og eiga Tattarrattat með Önnu Hildi, en Forsyth og Pollard gerðu heimildarmyndina 20.000 Days on Earth sem fjallar um tónlistarmanninn Nick Cave og feril hans, og var tilnefnd til BAFTA-verðlauna og fékk meðal annars Sundance-verðlaunin. „Við tókum svo samtal okkar á milli og með Hatara um hvernig væri hægt að gera heimildarmynd sem gæti orðið áhugaverð á alþjóðavísu,“ segir Anna, en Hatari hefur ekki síður fengið athygli erlendis vegna boðskapar síns um stefnu ísraelskra stjórnvalda og um að knésetja kapítalismann.

> Ég ákvað að halda áfram að fylgja þeim eftir tökurnar á myndbandinu. Ég sá eitthvað þarna sem er orðið að þessu í dag.
>
> **Baldvin Vernharðsson**

Tóku upp förina til Palestínu

Fyrsta skrefið í þróun hugmyndarinnar að myndinni er þátturinn Fólkið á bak við búningana sem var sýndur á RÚV og Anna og Baldvin unnu að saman. Þátturinn fjallaði um Hatara og væntingar þeirra til afleiðinga af þátttöku sinni í Eurovision. „Sá þáttur gefur góða mynd af því sem við erum að hugsa með myndina,“ segir Anna.

Tímarammi myndarinnar byrjar á lokakvöldi undankeppni Eurovision á Íslandi og endar á lokakvöldinu í Tel Avív. Tökuliðið hefur fylgt Hatara meðal annars í ferðum til Betlehem, Jerúsalem, borgirnar Hebron og Ramallah í Palestínu, í viðtöl við fjölmiðla og að sjálfsögðu baksviðs í undankeppnunum. „Tökudagarnir eru búnir að vera mjög langir hér úti, það er auðvitað margt í gangi. Baldvin var baksviðs að taka upp viðburði sem voru að gerast þar í undankeppninni,“ segir Anna. Svo var meðal annars tekið upp Eurovision-partí vinafélags Íslendinga í Tel Avív sem var haldið síðastliðinn miðvikudag.

Að sögn Önnu og Baldvins var glatt á hjalla hjá Íslendingunum í Ísrael eftir að í ljós kom að Ísland kæmist áfram í úrslitakeppnina. „Hér er náttúrulega stór hópur af fjölskyldu og vinum meðlima Hatara, það eru allir í skýjunum yfir þessu. Starfsliði RÚV virðist vera létt líka, að Ísland hafi loksins náð að komast upp úr undankeppnisriðlinum,“ segir Anna.

Myndin fjalli fyrst og fremst um ferðalag þessa pólitíska bands í keppninni að sögn Önnu. „Við erum að fylgjast með því hvort þeim takist að uppfylla markmið sín. Hatari lofaði að setja mikilvæg mál á dagskrá og stuðla að gagnrýninni umræðu. Þau eru búin að ná því, það væri bara bónus að vinna keppnina, aukin athygli og umræða um það sem Hatari stendur fyrir er aðalmarkmiðið með þátttökunni.“

Anna segir að skoðanir Ísraela á Hatara séu misjafnar. „Sumum finnst þau vera alveg að misskilja ástandið, en margir eru ánægðir með þá. Við höfum hitt töluvert af listamönnum hér, og margir þeirra taka undir það sem Hatari er að gera. Fólk skiptist í tvo hópa hér í Ísrael yfir þessu og kannski á mörgum öðrum stöðum líka. En Hatari hefur samt fengið jákvæða umfjöllun á forsíðum ísraelskra fjölmiðla. Við fáum bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð.“

Handviss um sigur í kvöld

Að lokum segist Baldvin vera handviss um að Hatari vinni keppnina í kvöld. „Þau halda ótrauð áfram að sigri og knésetningu kapítalismans.“

Hvernig sem úrslitin fara er ljóst að framlag Íslands til keppninnar í ár hefur vakið mikla athygli.

Eins og komið hefur fram er myndin hugsuð fyrir alþjóðlegan áhorfendahóp og áhuginn á Hatara virðist vaxa frá degi til dags, hvort sem fólk er sammála þeim eða ekki, og hvort sem mönnum er misboðið vegna BDSM-búninganna eða fjárfesti í slíkum galla fyrir Eurovisionpartíið.

Anna og Baldvin eru á vegum kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Tattarrattat og RÚV. Búist er við að myndin um Eurovision-gjörning

REYKJAVIK
RAINCOATS

HÖFUM OPNAÐ NÝJA VERSLUN LAUGAVEGI 62

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óska eftir húsbílum, hjólhýsum og öllum tegundum ferða-vagna á söluskrá og á staðinn.

Ferðavagnamarkaður Breiðhöfða í húsn. Bílalindar,
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPAR bíll

Chrysler Pacifica Pug inn Hybryd Platinum typa sem er toppurinn. 2017 model ekinn 17 þús km. Fer 58 km. á rafmagni eingöngu. Allur hugsanlegur luxus er í bílnum. Verð 7.490.000

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 100 þús. kr bíl. Má vera ryðgaður og illa á sig kominn. Verður að vera í toppstandi og skoðaður. Upp. s: 483-3568

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR

TECHKING VINNUVÉLADEKK
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
Altenatorar & Startarar

ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | vakahf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

HELLULAGNIR
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

BÓKHALD.
Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Málarar

Þakmálun
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 & litaverk@gmail.com
Litaverk ehf

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsasmiður með mikla reynslu, getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s.787 7137

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700

Kaffihús í Kringlunni

Til sölu vinsælt kaffihús í Kringlunni, þekkt fyrir mikil gæði og frábæra þjónusu.Góð staðsetning og mjög gott verð. Hefur starfað við góðan orðstír sömu eigenda í áratug.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteignasali á netfanginu oskar@atveignir.is og í síma 773-4700.

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

Ford F 250, Double Cab, Lariat, Super Duty, 4x4, árgerð 2003,
ásamt Real-Lite pallhýsi, árgerð 2000.
Bíllinn er með V8 turbo-díselvél, 6,0 lítra. Ekinn 108 þ. km. 5 manna, leðurinnréttingar.
Skel og dráttarkrókur. Pallhúsið er í toppstandi með öllu: Eldhús, bað með sturtu, 3-5 svefnpláss.
Eldavél, ísskápur, hljómtæki, sjónvarp o.fl. Alltaf geymdur inni. Góður og vel með farinn ferðabíll.

Spánarkynning alla helgina

Laugardag • Sunnudag

12:00 - 17:00

5-585858
spanarheimili.is

Verslunarmiðstöðin Fjörður, Hafnarfirði, 2. hæð á skrifstofu Spánarheimila.

FJÖRÐUR

Á kynningunni verður farið yfir eftirfarandi atriði :

Kaupferlið	Leigumöguleikar	Vildarklúbbur	Fjármögnun	Fríar skoðunarferðir
Ný heimasíða	Afþreying	Rekstur eigna	Búseta á Spáni	Golf

Tilboð á skoðunarferðum vegna kynningar

3 dagar 29.900
5 dagar 39.900
7 dagar 49.900

Flug og gisting innifalið í verði
*(Að fullu **endurgreitt** við kaup)*

spánarheimili

Keypt & Selt

Til sölu

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

myranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Levels/Stig: I - 6: Starts/Byrjanir: 27/5, 24/6, 22/7, 19 8/, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM&PM/fh&eh. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is -ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

Kennsla


Heilbrigðisþjónusta

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Göngubraut: 69.500,-

Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.

ÞREKTÆKI

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

ÍSHÚSIÐ

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Víðir Arnar Kristjánsson

Guðný Ösp Ragnarsdóttir

Haukur Halldórsson

Bergþóra Lárusdóttir

Snorri Björn Sturluson

Inga Björg Sigurðardóttir

Ólafur Sævarsson

Kristín Einarsdóttir

Agnar Agnarsson

Vilborg Gunnarsdóttir

Hrannar Jónsson

Guðný Guðmundsdóttir

Bergrós Hjálmarsdóttir

Ingunn Björg Sigurjónsdóttir

Björgvin Þór Rúnarsson

FRÍTT VERÐMAT

Hrafnkell Pálmason

Magnús Guðlaugsson

Erla Björk Theodórsdóttir

Gunnar Vilhelmsson

Bjarni Stefánsson

Oscar Clausen

Sigurberg Guðjónsson

Árni Helgason

Sverrir Sigurjónsson

Aðalsteinn Bjarnason

Vera Sigurðardóttir

Steinar Ársælsson

Kristín Björg Jónsdóttir

Sigríður Elka Guðmundsdóttir

Óskar Már Alfreðsson

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Fasteignasala venjulega fólksins - Nýbýlavegi 8 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - www.domusnova.is - Sími 527 1717

Helena farðar systur sína, Lindu, í anda Hatara. Hún er hrifin af skærum litum á augu eða varir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helena notaði meðal annars Ombre Satin Green mile og Blue Lagoon sparkle powder frá Clarins á augun.



Náttúruleg húð og skærir litir

Helena Jónsdóttir förðunarfræðingur gefur hugmynd að skemmtilegri förðun fyrir Eurovision-partíið.

Helena Jónsdóttir förðunarfræðingur leggur mikið upp úr náttúrulegri förðun og er sjálf hrifin af húðvörum úr lífrænum og náttúrulegum efnum. Hún sá um förðun í nýrri herferð 66°N, Swimslow, og nokkur verkefni í tímaritinu Blæti. Síðan er margt spennandi fram undan í sumar. Ég verð í nokkra daga aðstoðarsminka í bíómynd og fer í ferð til Hong Kong og Víetnam með Vesturporti.

Helena farðaði yngri systur sína, Lindu, og hafði í huga að útlitið gæti hentað í Eurovision-partí. „Þar sem Hatari er okkar framlag til Eurovison í ár er allt leyfilegt. Ég er svo heppin að eiga yndislega systur sem var módel fyrir mig og ég hannaði útlit sem væri geggjað fyrir kvöldið og punkturinn yfir i-ið er að nota fallega skartið frá Hildi Yeoman," segir Helena.

Hvaða tískustraumar eru mest áberandi núna hjá tískuhúsunum?

„Það sem er helst í gangi núna eru skærir litir á augum eða vörum þó ekki á sama tíma og mjög náttúruleg húð á móti. Svo er mikið um milda jarðliti og ljóma í húðinni. Það var mjög fallegt að sjá nýjustu Valentino-sýninguna þar sem unnið var mikið með þessa strauma og var það meistarinn hún Pat MacGrath sem sá um förðunina."

Hvað finnst þér fallegt?

„Glóandi húð er undirstaðan í fallegri förðun og ég gef mér alltaf auka tíma í hana ef þörf er á. Mér finnst náttúruleg förðun með kremuðum highlighter, bronser og kinnalit koma ótrúlega vel út. Annað sem ég elska eru dökk augu með kattareyeliner, bleikar kinnar og nude varir."

Hver er uppáhaldsfarðinn þinn á sumrin?

„Ég nota steinefnafarðann frá Jane Iridale og hef gert það í nokkur ár. Fullkominn farði fyrir viðkvæma húð og gefur góðan raka og fallegan ljóma. Þetta er eins konar farði í hyaluronic serumi sem vinnur á fínum línum og róar húðina. Síðan nota ég Glow time sem er frá sama merki sem hyljara. Þessar vörur eru cruelty free og án allra aukaefna."

Hvaða húðvörum mælir þú með?

„Daglega nota ég andlitsnæringu sem ég blanda sjálf, hún inniheldur lífræna rósaberjaolíu, hreinan aloe vera safa og hafþyrnisolíu. Marie Veronique er nýja uppáhaldsmerkið mitt og var það vinkona mín sem er algjör heilsugúru sem benti mér á þær vörur. Ég elska retinol næturkremið, rakamaskann, probiotics andlitsspreyið og pure + E.O. hreinsinn frá þeim. Þótt það sé mikilvægt að nota góðar húðvörur skiptir jafn miklu máli að taka góðar olíur inn, t.d. kvöldvorrósarolíu eða omega 3-7-9, og drekka vel af vatni. Andlitsnudd og köld sturta er líka eitthvað sem ég hef mikla trú á."

Hvaða sólarvörn mælir þú með til að nota dagsdaglega?

„Sólarvörnin frá Marieveronique er algjört „must have" í sumar. Hún inniheldur brokkólífræolíu og astaxanthin sem ver húðina náttúrulega fyrir sólargeislum. Einnig er grænt te, þörungar og ferulic sýra í henni sem vinna gegn öldrun húðar."

Hvaða fimm hlutir eru bráðnauðsynlegir í snyrtibuddunni þinni?

„Rakakrem, farði, augnhárabrettari, dökkbrúnn Chanel kolablýantur, quite natural paint pot augnskugginn frá Mac og síðan eru RMS beauty vörurnar í miklu uppáhaldi. Ég nota þær mikið bæði persónulega og í flest verkefni. Þær vörur eru cruelty free, non-gmo, gluten free og soy free sem er geggjað, ég legg mikla áherslu á að nota hreinar vörur." – kbg

Þær vörur sem Helena notar mest sjálf. Steinefnapúður og krem frá Jane Iredale, Chanel kolablýantur og augnskuggi frá MAC. Og náttúrulegar vörur Marie Veronique.

Ný verslun opnar

Myndlistar- og málningarverslun Slippfélagsins er flutt úr Borgartúni í:

Fellsmúla 26

Gamla Litavershúsið við Grensásveg!

Höfum opnað myndlistar- og málningarverslun Slippfélagsins sem áður var í Borgartúni í **Fellsmúla 26**. Sömu frábæru vörurnar og persónulega þjónustan á nýjum stað.

Vertu velkomin í kaffi!

SLIPPFÉLAGIÐ
Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga

slippfelagid.is

SLIPPFÉLAGIÐ

Með einkasyni sínum Terry en dauði hans var mesta áfall hennar í lífinu.

Þetta var ekki draumur sem rættist

Söng- og leikkonan **Doris Day** lést nýlega 97 ára gömul. Ferill hennar var einkar farsæll en einkalífið þyrnum stráð.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar barnshafandi fréttakona var, árið 1991, að taka viðtal við Doris Day vegna heimildarmyndar um hana og farsælan feril hennar táraðist söng- og leikkonan heimsfræga skyndilega og sagði: „Þú skilur þetta ekki. Þetta var ekki draumur sem rættist. Það eina sem ég þráði er það sem þú átt núna, barn, eiginmann sem elskaði mig raunverulega, heimili, og alla þá hamingju sem þetta getur fært. Ég fékk þetta aldrei en þetta er það eina sem ég vildi.“

Doris Day öðlaðist heimsfrægð fyrir söng sinn og leik á hvíta tjaldinu. Hún lék í um 40 kvikmyndum og má þar nefna The Man Who Knew Too Much, Calamity Jane, Move Over Darling, Love Me or Leave Me og Pillow Talk sem hún hlaut Óskarstilnefningu fyrir. Rómantískar gamanmyndir, sem hún lék í með vini sínum Rock Hudson, nutu alveg sérstakra vinsælda enda afar vel heppnaðar. Hún hljóðritaði rúmlega 650 lög, það vinsælasta er Que sera sera sem hún söng fyrst í myndinni The Man Who Knew Too Much. Hún hafði efasemdir um lagið en leikstjóri myndarinnar, Alfred Hitchcock, var sannfærður um velgengni þess og reyndist sannspár. Síðasta plata hennar kom út árið 2011 og komst í fyrsta sæti vinsældalista, en þá var Doris 89 ára gömul.

Doris Day hafði einstaklega fallega söngrödd og mikla útgeislun og ljómaði af hreysti og heilbrigði. Hún var glaðleg og viðkunnanleg, hlý og tilgerðarlaus. Hún var síbrosandi sem benti til að þar færi hamingjusöm kona. Raunveruleikinn var allt annar. Einkalíf hennar var þyrnum stráð og samband hennar við einkason sinn var ekki ætíð upp á það besta. Á seinni árum dró hún sig í hlé og helgaði líf sitt dýravernd sem hafði alltaf verið henni hjartans mál. Þegar hún lést nýlega eftir stutt veikindi, 97 ára gömul, komst hún á forsíður heimsblaða.

Í ofbeldissambandi

Doris Day fæddist árið 1922 í Connecticut og var skírð Doris Mary Anne Kappelhoff. Foreldrar voru þýskir kaþólikkar, börn innflytjenda og faðirinn var tónlistarkennari. Hjónaband foreldranna var átakamikið og þau skildu. Doris ætlaði sér að verða dansari en lenti í bílslysi og varð að vera rúmföst í hækjum. Hún sneri sér að söng og hljómsveitastjóri stakk upp á því að hún breytti eftirnafni sínu í Day.

Með þriðja eiginmanni sínum og umboðsmanni, Marty Melcher, en hann sólundaði fjármunum hennar og skildi hana eftir gjaldþrota.

Sextán ára varð hún ástfangin af hljóðfæraleikaranum Al Jorden og þau gengu í hjónaband þegar hún var 19 ára gömul. Al var sjúklega afbrýðisamur og ofbeldisfullur. Á öðrum degi hjónabandsins barði hann hana og kallaði hana hóru eftir að hún hafði tekið við brúðkaupsgjöf frá karlkyns vini. Þegar hún varð barnshafandi hótaði hann ítrekað að drepa hana og barnið og þegar hún var komin átta mánuði á leið lúbarði hann hana. Eftir fæðingu sonar þeirra, Terrys, sýndi hann barninu engan áhuga. Al fyrirfór sér ári eftir fæðingu sonar síns.

Þar sem Doris varð snemma önnum kafin í krefjandi vinnu ólst Terry að mestu upp hjá ömmu sinni fyrstu árin. Hann sagði seinna að orðið „móðir“ hefði enga merkingu í huga hans. „Það var amma sem var foreldri mitt,“ bætti hann við.

Skilin eftir gjaldþrota

Doris var 22 ára þegar hún giftist saxófónleikaranum George Weidler sem kynnti hana fyrir Vísindakirkjunni sem hún gekk til liðs við. Hjónabandið stóð stutt og árið 1951, 29 ára gömul, giftist hún kvikmyndaframleiðandanum Marty Melcher sem varð umboðsmaður hennar. Í byrjun var hjónaband þeirra gott en með árunum varð Marty æ ráðríkari og sambandið milli hans og sonar hennar snarversnaði. Eftir að Marty sló Terry fyrir framan Doris var hjónabandið einungis að nafninu til. Marty lést árið 1968 eftir sautján ára hjónaband og þrátt fyrir erfiðleika í hjónabandinu varð Doris miður sín. Terry sagði að það besta sem stjúpfaðir hans hefði gert móður hans hefði verið deyja. Marty hafði séð um öll fjármál konu sinnar og eftir lát hans kom í ljós að hann hafði sólundað peningum þeirra og skilið hana eftir gjaldþrota. Doris tókst að koma sér aftur á réttan kjöl með vinsælum sjónvarpsþáttum.

Árið 1976 giftist Doris í fjórða sinn, Barry Comden, en þau skildu sex árum síðar. „Hún kom betur fram við dýrin sín en mig,“ sagði hann. Doris var annálaður dýravinur, stofnaði dýraspítala og gerði heimili sitt að paradís fyrir hunda og ketti, ól þau á sælkeramat og útbjó sérstaka svefnstaði fyrir þau og hafði auk þess alltaf pláss fyrir hunda í sínu eigin rúmi. Ef hún sá hunda og ketti á flækingi hafði hún þá með sér og kom þeim fyrir á heimili sínu.

Einkasonur hennar Terry varð þekktur plötuframleiðandi. Hann slapp naumlega frá því að verða fórnarlamb Charles Manson-gengisins. Manson vildi komast á plötusamning hjá Terry og hitti hann en Terry gaf afsvar. Sagt er að Mansongengið hafi verið að leita að Terry þegar það slátraði leikkonunni Sharon Tate og vinum hennar árið 1969. Terry lést árið 2005 og Doris sagði að dauði hans hefði verið mesta áfall sem hún hefði upplifað.

Doris Day sagði eitt sinn að sjálf líktist hún helst hinni óhefluðu Calamity Jane sem hún lék svo eftirminnilega í samnefndri mynd. Hún sagði um sjálfa sig: „Það er í eðli mínu að fyrirgefa og kveða ekki upp dóma yfir öðrum. Hatur á ég ekki til.“ Hún sagði líka: „Ég hef aldrei hitt dýr sem ég hef ekki kunnað vel við en ég get ekki sagt það sama um fólk.“

Doris Day eins og heimurinn man hana, lífleg og brosandi en veruleikinn var harðneskjulegri. NORDICPHOTOS/GETTY

Doris var annálaður dýravinur og gerði heimili sitt að paradís fyrir þau.

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

SÚRDEIGS
PIZZA DEIG
309 kr.
220g

REMA1000
JALAPENO HNETUR
295 kr.
200g

REMA1000
SALT & STERKT
249 kr.
165g

REMA1000
SALT & Sæt
249 kr.
165g

PYLSUHORN
384 kr.
480g

FJÖLSKYLDU MIX
243 kr.
250g

BARBECUE FLÖGUR
234 kr.
250g

SALT FLÖGUR
221 kr.
250g

SÝRÐUR RJÓMI OG LAUKUR
234 kr.
250g

REMA 1000 — **ALLT Í EUROVISON PARTÍIÐ.....ÁFRAM HATARI!!!** — Eurovision Song Contest Tel Aviv 2019

POP ÍS
627 kr.
400ml

ÍS SAMLOKUR
380 kr.
550ml

GRÆNIR FROSTPINAR
519 kr.
624ml

ÍS BÁTAR
676 kr.
650ml

SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1

SUPER 1
FAXAFENI 14

SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

18. MAÍ 2019 LAUGARDAGUR

†

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir og afi,

Jón Einarsson

Öldutúni 18, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum laugardaginn 10. maí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 22. maí klukkan 13.00.

Íris Jónsdóttir
Einar Jónsson
Alma Jónsdóttir
Haraldur Örn Sturluson
Matthías Árni Ingimarsson
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra

Hrefna Ólafsdóttir

Kirkjuvegi 1,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 3. maí. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigrún Birna Ólafsdóttir
Þórir Jóhann Ólafsson
Borgar Unnbjörn Ólafsson
Elín Inga Ólafsdóttir
Björn Guðbrands Ólafsson
María Sjöfn Helgadóttir
Þórdís Herbertsdóttir
Agnar Harðarson
Guðríður Gunnarsdóttir
og systkini hinnar látnu.

†

Elskuleg móðir okkar, amma, tengdamóðir og systir,

Þóra Friðriksdóttir

leikkona,

andaðist þann 12. maí. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 23. maí kl. 13. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á deild V-3 á dvalarheimilinu Grund, Reykjavík, fyrir þá alúð og umhyggju sem Þóru var sýnd.

Lára Jónsdóttir
Kristín Jónsdóttir
Sigmundur Jóhannesson
Iðunn Jónsdóttir, Tryggvi Jónsson
og Þórunn Friðriksdóttir

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Málfríður Sigurðardóttir

Stapavöllum 12, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 23. maí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið. Innilegar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Maris Hvannberg Gíslason
Sigurður Marísson
Ingibjörg Guðný Marísdóttir
Margrét Linda Marísdóttir
Viðar Þór Marísson
Kristín Auður Jónsdóttir
Örn Benedikt Sverrisson
Kristberg Snjólfsson
Tonje Tellefsen
barnabörn og barnabarnabörn.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*



ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

„Ég hef lengi hlakkað til að fá ótakmarkaðan tíma fyrir sjálfa mig,“ segir Dagný. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fínt en samt óraunverulegt

Brátt verða tímamót í lífi Dagnýjar Kristjánsdóttur, prófessors í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, er hún lætur af störfum í kjölfar stórafmælis sem er á morgun.

Já, nú nálgast þetta hröðum skrefum, en það er besta mál,“ segir Dagný Kristjánsdóttir, prófessor og bókmenntafræðingur, glaðlega þegar hún er minnt á afmælið á morgun. Hún er á vinnustað sínum, Háskóla Íslands, þegar ég hef samband. Þar hefur hún verið við kennslu frá árinu 1992, fyrst í íslensku en sem prófessor í bókmenntafræði frá 2001. Áður var hún lektor við Óslóarháskóla í átta ár.

„Ég er enn að vinna en lýk störfum 1. júní, það er reglan að hætta um fyrstu mánaðamót eftir sjötugsafmælisdaginn. Mér finnst það bara fínt en samt svolítið óraunverulegt. Veit ekkert hvernig það verður að þurfa ekki og eiga ekki að mæta í vinnuna. Ég man að Helga Kress sagði það, ekki án beiskju, þegar hún varð sjötug að þetta væri eini afmælisdagurinn sem hún fengi það í afmælisgjöf að vera sagt upp. En í öllu þrefinu og púlinu og stressinu hef ég lengi hlakkað til að fá ótakmarkaðan tíma fyrir sjálfa mig. Veit þó að það sem gerist er að maður takmarkar hann sjálfur og býr sér til einhver verkefni.“

Eflaust verður Dagný ekki í vandræðum með að finna sér áhugaverð viðfangsefni. Spurð hvort hún sé með einhver í sigti svarar hún. „Ja, það eru tvær bækur sem ég þarf að ljúka við og margt sem mig langar að gera og ég hlakka til að gera.“ Hún segir meðal annars ferðalög fram undan í sumar, bæði innan lands og utan og nefnir dæmi um eina utanlandsferð. „Við hjónin ætlum að fara til Skotlands á slóðir Auðar djúpúðgu undir fararstjórn Vilborgar Davíðsdóttur. Ég hlakka mjög til þess. Vilborg er búin að vera með þessar ferðir um nokkra hríð, auglýsingin kom upp bara í sviphending vegna þess að daginn eftir voru komnir 150 manns á biðlista!“

Dagný er uppalin á Akureyri. „Ég fæddist á Ísafirði en var eins árs þegar við fluttum þaðan og kenni mig því ekki við þann stað, því þá væri alltaf verið að spyrja mig hvort ég þekkti einhverja þaðan – sem ég geri ekki. Svo ég segist vera frá Akureyri enda átti ég þar fyrsta og mikilvægasta mótunarskeiðið á ævinni – og ég elska Akureyri. Fjölskylda mín flutti suður þegar ég var fjórtán ára og ég var mjög ósátt við það, það er aldur sem maður vill ekki flytja á, burt frá öllum vinunum, svo ég fór aftur norður við fyrsta tækifæri og átti góðan tíma í Menntaskólanum á Akureyri.“

Að lokum er Dagný spurð hvort hún ætli að halda upp á daginn á morgun og hún svarar glaðlega: „Ja, það verður gert eitthvað skemmtilegt. Þó það nú væri!“

gun@frettabladid.is

Dagleg störf prófessorsins

Dagný hefur kennt íslenska bókmenntasögu, kvennabókmenntir, barnabókmenntir, kynjafræði og sálgreiningu við íslensku-og menningardeild Háskóla Íslands.

Meðal námskeiða eru: Læknahugvísindi, **Smásögur II:** Frá rómantík til raffrænna miðla, Norrænn módernismi og framúrstefna – frá Edith Södergran til óreiðu internetsins, **Smásögur I:** Fornar sögur og splunkunýjar og Heimur Halldórs Laxness.

Horfðu á heildarmyndina

Heima

Allt í einum pakka á lægra verði

Ótakmarkað Internet

Netbeinir og WiFi framlenging

Sjónvarps-þjónusta

Ótakmarkaður heimasími

+

Afþreying frá Stöð 2

Kynntu þér málið á **vodafone.is**, í síma **1414**, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.

vodafone

Elskuleg systir okkar og frænka,

Guðný Höskuldsdóttir

Kistuholti 5c, Bláskógabyggð,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 9. maí. Útför fer fram frá Skálholtsdómkirkju fimmtudaginn 23. maí kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Elín Höskuldsdóttir
Tinna Dögg Tryggvadóttir
Hildur Ýr Tryggvadóttir
Inga Hanna Gunnarsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

frá Stóru-Mörk,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð 12. maí sl. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju 23. maí nk. kl. 15.00.

Anna María Bjarnadóttir **Ingvar Þorvaldsson**
Ásmundur Bjarnason
Hafþór Bjarnason **Brynja Dadda Sverrisdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Sigrúnar Óskarsdóttur

Ágúst Óskar Sigurðsson **Anna María Úlfarsdóttir**
Anna Þórdís Sigurðardóttir **Rainer Lischetzki**
Edda Björk Sigurðardóttir **Jón Ármann Guðjónsson**

Elsku mamma, tengdamamma og amma,

Soffía Ólafsdóttir

frá Syðra-Velli, Gaulverjabæjarhreppi, áður til heimilis að Engjavegi 12, Selfossi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fossheimum, Selfossi, þriðjudaginn 14. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 21. maí klukkan 14.

Elínborg Jónsdóttir
Rannveig Jónsdóttir **Bjarni Guðmundsson**
Kjartan Jónsson **Hieke Bakker**
Margrét Jónsdóttir **Jón Ágúst Jónsson**
Jarþrúður Jónsdóttir **Guðmundur Gils Einarsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Brynja Unnur Magnúsdóttir

frá Súgandafirði,

lést á heimili sínu í Kópavogi laugardaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 21. maí kl. 13.

Magnús B. Erlingsson **Kristín Guðmundsdóttir**
Þorsteinn Erlingsson **Elin Anita Nilsen**
Hjálmar Erlingsson **Scarlet Cunillera**
Unnur Sig. Erlingsdóttir **Einar Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Vigdísar Guðfinnsdóttur

sem lést 26. apríl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Marta Loftsdóttir **Gunnar Jóhannsson**
Svava Loftsdóttir **Ásmundur Kristinsson**
Pétur Guðfinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elín Skúladóttir er nýkjörinn formaður Krafts, hún er búin að vera í stjórn í eitt ár.

Það er kraftur í Krafti

Lífið er núna, er slagorð Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur og líka yfirskrift hlaups á vegum félagsins á morgun.

Stuðningsfélagið Kraftur er tvítugt á þessu ári og heldur upp á þau tímamót í heilt ár. „Afmælið er ekki fyrr en 20. október en við byrjuðum strax í janúar að fagna því og erum með viðburð í hverjum einasta mánuði," segir nýkjörinn formaður Krafts, Elín Skúladóttir sem búin er að vera í stjórn félagsins í eitt ár.

Hlaupið Lífið er núna sem verður á morgun, sunnudag, er maíviðburðurinn. Það er ætlað almenningi og fer fram við Háskólann í Reykjavík, sunnan í Öskjuhlíðinni. „Þá hvetjum við alla til að koma og njóta líðandi stundar með okkur," segir Elín. Hún bendir á að skemmtidagskrá hefjist klukkan 15 þar sem Jón Jónsson og Sirkus Íslands komi fram og hoppkastalar verði á staðnum auk þess sem boðið verði upp á upphitun með Elísabetu Margeirsdóttur hlaupakonu.

„Fólk ræður svo hvort það labbar eða hleypur en það borgar fyrir að taka þátt og allur ágóði rennur að sjálfsögðu til Krafts," tekur Elín fram. „Með þátttökunni fær það boli með áletruninni Lífið er núna sem er okkar slagorð. Einnig velur það hvort það ákveður að fara einn og hálfan kílómetra eða fimm kílómetra. Þetta er spurning um að vera með okkur, koma saman og hafa gaman."

Hlaupið verður frá HR, út með Nauthólsvíkinni, fyrir flugvöllinn og vestur á Ægisíðu, að sögn Elínar. Þar verður snúið við. „Það eru verðlaun fyrir 1. sæti karla og kvenna en aðalatriðið er að vera með og við erum með fullt af frábærum útdráttarverðlaunum."

Elín áréttar það að afmælisdagskráin standi allt árið og lýsir því sem þegar hefur farið fram. „Í janúar vorum við með „festival" fyrir alla félagsmenn þar sem fólk gat valið úr fimmtán vinnustofum og svo var skemmtun um kvöldið. Í febrúar sendum við í loftið fyrsta hlaðvarpsþáttinn okkar í samstarfi við Herbert Geirsson. Hann tekur viðtal við einhvern félagsmann Krafts sem segir frá sinni reynslu og aðra hvora viku kemur nýr þáttur í loftið. Við endurútgáfum líka bókina Lífskraftur, í henni er fjölmargt sem fólk vill vita þegar krabbamein er annars vegar. Bókin kom fyrst út 2003 en við ákváðum að gefa hana út aftur og nú í annarri mynd, gerðum hana að handbók sem er auðveldari aflestrar. Út frá henni settum við líka efni á vefinn okkar, kraftur.org þar sem fólk getur fengið svör við alls konar spurningum á fræðsluvefnum."

Í lokin bætir hún við lýsingu á marsviðburðinum. „Við vorum með örráðstefnu í Stúdentakjallaranum sem bar það skemmtilega heiti Fokk, ég er með krabbamein – það er stundum það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar það greinist." **gun@frettabladid.is**

„Þetta er spurning um að vera með okkur, koma saman og hafa gaman," segir Elín.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Þ. Guðmundsson

fyrrum lagaprófessor,

lést á Landakoti 16. maí.

Þórunn Bragadóttir
Guðmundur Björnsson **Hekla Valsdóttir**
Bragi Björnsson **Ragna Björk Ragnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Guðjónsdóttir

lést 12. apríl síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Guðjón H. Bernharðsson **Helga Jónsdóttir**
Guðmundur Bernharðsson
Þórunn Jarla Valdimarsdóttir
börn og barnabörn.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Sæktu Fréttablaðs appið og lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!

- Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.
- Opnar blað dagsins.
- Lest þegar þér hentar!

EKKI MISSA AF NEINU, FYLGU FRÉTTABLAÐINU Á FACEBOOK.

Download on the App Store

GET IT ON Google Play

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

BRÉFASKRIFTIR

L	É	T	T	A	S	Ó	T	T		Ó		U		I		S	Á	R	A
O		Ú		F				A	N	D	S	N	Ú	N	U	M		Á	
K	Ú	N	S	T	P	Á	S	U		Á		G		N		Á		S	
A		F		U		S		G	Æ	Ð	A	S	T	I	M	P	I	L	L
S	K	I	L	R	Í	K	J	A		U		M		F		E		Í	
K		S		B		I		R	A	M	M	A	S	A	M	N	I	N	G
R	Y	K	F	A	L	L	I	N				L		L		I		U	
E		U		T		I		A	F	S	T	A	Ð	I	N	N	A	R	
F	O	R	G	A	R	Ð	U	R		T				N		G			M
U			R		Ó		G			R	E	G	I	N	K	A	L	D	I
M	E	T	A	N	B	Í	L	A	N	A		A			A		Á		Ð
	I		S		Ó		U			N	Æ	T	U	R	V	I	N	D	A
S	T	R	E	I	T	U	V	A	L	D		A			A		A		S
	U		K		U		Æ			S	I	Ð	V	I	L	L	T	R	A
D	R	E	K	A	M	A	L	U	R	T		I			É		A		L
	B		J			L		R		A	K	R	A	H	R	E	P	P	I
H	I	T	A	M	Ó	T	S	T	Ö	Ð	U			A		R		R	
	K		N			A		I			M	Á	L	F	U	N	D	U	M
B	A	N	N	F	Æ	R	I	N	G	A	R			R		A		F	
	R		A			A		A			A	N	D	A	T	R	Ú	A	R

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist birtist vinnu- og sportklæðnaður fyrir sérstakar aðstæður. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. maí á krossgata@frettabladid.is merkt „18. maí“.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Um þegnrétt tegundanna** eftir **Hauk Má Helgason** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurbjörn Guðmundsson, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Elduðu fúlegg en vildu þau svo ekki (7)
11 Stebbi á Strönd rústaði þessu máli (12)
12 Tíni upp sjónlausa og óseland vini (9)
13 Er það hlutverk þessara embættismanna að innheimta skatt beinakerlinganna? (12)
14 Sendi trausta menn á móti miklum hugsuði (9)
15 Hvað heitir smellur Stjórnarinnar um planið? (9)
18 Slæpingsstúkan gerir allt að engu, margfaldlega (10)
22 Kát kýla á geggjað danspartí (4)
24 Dáið er allt án drauma um Langtiburtistan (10)
27 Gæsin sem ég hef í sigtinu mun drepast fljótlega (8)
29 Gerum þeim grikk með Bíldudals grænum (5)
31 Létt er að fá lán hjá þeim sem ljáþýð eru (9)
32 Biðla til Báru á botni kersins (8)
33 Næ mér í torfu frá ríki Ódysseifs (5)
34 Í mars naut Jón alls hins besta en nú er hann í rugl-inu (7)
35 Hún sló mig sú speki, að allt sé öfugt (8)
36 Giska svalt gönuskeið þótt boltinn geigi (5)
37 Leita skítagalla milli áburðarstampa (9)
42 Hafa löngum verið eins, og alltaf leiðinlegar (9)
46 Á hlaup eða áhlaup? (6)
47 Hold á haka fyrir 1/13 (7)
48 Tek rullu spæjarans Spade fram yfir dúett með Víkingi Heiðari (7)
49 Kvörtum undan klettum (6)
50 Líflegur ormur leitar leitar þeirra sem upptendraðir eru (9)
51 Tóm kjafta um ákveðna fjölbreytni (7)
52 Sterkefnaðar stjórnir minna á frek börn (6)

LÓÐRÉTT

1 Eignast óstinn op ef sú sem styggir virkar (8)
2 Snúra tengir hús 51 og 49 við Kaupvangsstræti, Ak. (9)
3 Lagður er á hæð við lopa (8)
4 Hér snýst allt um svalan súg (8)
5 Örn og Össur byrja á því að ræsa bílana (9)
6 Brauðmetið er ætlað þeim sem kunna skyndihjálp (7)
7 Eimuðu tæki fyrir kogara (7)
8 Boð til brellu hins daglega máls (9)
9 Bý mig undir gagnrýnni einnar sem grimm er og ströng (10)
10 Hefur þú áhuga á námskeiði í álatöku? (8)
16 Segir sauð suða um ofviðri og neyð (9)
17 Býð hæli fyrir þessa ágætu frú í hlýju húsi mínu (9)
19 Ég segi: Burt með illskuna eftir túrinn (9)
20 Fæ drulluflog eftir átök um aur (9)
21 Slátra takti með stærðfræðihugtaki (9)
23 Leikin sleppur er kjaftar hundsins glefsa í dekk strætósins (9)
25 Hvernig lagarðu ranga stafaröð? (7)
26 Barbara M. brá hnífi á ástmann sinn er hann daðraði við meyjar frá Mombasa (8)
28 Sammála um dæmafáa (7)
30 Sagnir af Grýlu og Leppalúða eru oftast orðum auknar (11)
38 Ræktaðir jörð fyrir ringlaða Tyrki (6)
39 Sólbaka hross fyrir Silkiborgarana (6)
40 Þau eru ekki mörg sem munstra moðhausa (6)
41 Merki um rykkorn þýðir bara eitt (6)
42 Hálft hundrað Jarla kveikir fýsn (5)
43 Ég finn fyrir hreyfingu, gerið það líka? (5)
44 Bítur ljár á þessum naggi? (5)
45 Þau eru eitthvað að plotta um hár (5)

LÉTT

	8					3	1	
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
		2			4		3	
	7	6		8				
9								
1	3	8	9	2	7		5	

MIÐLUNGS

			3	9	5			
			2				8	3
		5						6
5		4	6	2				
		3	4			2		
9	1			7			4	
1			8	6			2	
2		8						
	9					8		

ÞUNG

		4	9				7	
5	9				7	2	4	
2						5		1
			2		3		1	5
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9		6		
4		3			8	7		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

2	9	8	3	6	1	5	7	4
7	5	1	8	2	4	9	6	3
3	6	4	5	7	9	1	8	2
9	1	6	4	3	7	2	5	8
4	7	2	6	8	5	3	1	9
5	8	3	9	1	2	6	4	7
6	2	9	1	4	8	7	3	5
8	3	5	7	9	6	4	2	1
1	4	7	2	5	3	8	9	6

3	4	9	8	7	1	6	5	2
5	7	8	6	4	2	9	3	1
1	2	6	9	3	5	7	4	8
6	8	3	1	9	4	5	2	7
2	5	4	3	6	7	1	8	9
7	9	1	2	5	8	3	6	4
4	3	2	7	1	6	8	9	5
8	6	7	5	2	9	4	1	3
9	1	5	4	8	3	2	7	6

4	2	5	1	3	9	6	7	8
6	8	3	7	2	4	9	1	5
7	9	1	5	6	8	2	4	3
9	6	8	2	4	5	1	3	7
1	3	2	6	8	7	5	9	4
5	4	7	9	1	3	8	6	2
8	5	4	3	9	6	7	2	1
2	7	9	4	5	1	3	8	6
3	1	6	8	7	2	4	5	9

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Schtschelotcilin átti leik gegn Tschernikov í Leníngrad árið 1950.

1. Bh6! Dg8 2. Be6! 1-0.

Fyrsta FIDE-Grand Prix mótið hófst í gær. Sextán skákmenn taka þátt og teflt er eftir útsláttarfyrirkomulagi. Það bar til tíðinda að Mamedyarov, Aronian og Wesley So töpuðu allir fyrri skákinni og þurfa sigur í dag til að jafna metin.

www.skak.is: Grand Prix-mót í Moskvu.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Enginn afsláttur gefinn

Á hverju ári er haldin árshátíð kvenna sem jafnan er í lok hvers spilaárs. Þátttaka hefur jafnan verið mikil og í ár mættu 96 konur til leiks. Þær borða alltaf vegleg veisluföng og spila tvímenningskeppni á árshátíðinni. 48 para tvímenningskeppninni í ár lauk með glæstum sigri Gróu Eiðsdóttur og Valgerðar Eiríksdóttur sem fengu 59,9% skor. Jórunn Kristinsdóttir og Kristín Andrewsdóttir náðu öðru sætinu með 58,0% skor og Svala Pálsdóttir og Inda Hrönn Björnsdóttir voru í þriðja sætinu þar rétt á eftir með 57,9% skor. Gróa er eiginkona Júlíusar Snorrasonar og móðir Eiðs Júlíussonar, sem getið hafa sér gott orð sem sterkt bridgepar. Mikil bridgeþekking í þeirri fjölskyldu. Gróa og Valgerður fengu semitopp í þessu spili í keppninni. Þær sátu í AV og heyrðu andstæðinga sína segja sig upp í 4 hjörtu (í norður). Austur var gjafari og AV á hættu.

Norður
♠ 832
♥ Á109864
♦ -
♣ K1097

Vestur
♠ D1097
♥ G2
♦ 874
♣ Á643

Austur
♠ G4
♥ K53
♦ ÁG10532
♣ DG

Suður
♠ ÁK65
♥ D7
♦ KD96
♣ 852

Vinsælasti samningurinn var hjarta og var spilaður á 16 borðum (af 24). Menn fengu frá 8-11 slagi í þeim samningi, enda komu margar spilaleiðir til greina og vörnin gat verið hjálpleg. Gróa og Valgerður voru hins vegar ekkert á því að hjálpa sagnhafa og fengu 5 slagi í vörninni og 44 stig af 46 mögulegum fyrir spilið. Útspilið var spaðagosi frá austri og þegar reyknum létti fór sagnhafi 2 niður á spilinu. Stór hluti ástæðunnar var að sagnhafi gaf 2 á tromp með því að svína hjartatíu í átt að drottningu. Toppurinn í NS var fyrir 5 ♥ dobluð, sem stóðu slétt eftir vinsamlegt útspil (tígulás) og einn sagnhafi spilaði 4 hjörtu og stóð þau með yfirslag eftir spaðafjarka útspil frá austri. Alls spiluð 8 sagnhafar úttekt (4 eða 5) í hjarta, en helmingur þeirra stóð spilið en hinir fóru 1-2 niður.

HUGRÆNAR KVIKMYNDIR!



Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Handbók fyrir Ofurhetjur - Vargarnir koma
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.399.-



Auðna
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Ísköld augnablik
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Meðleigjandinn
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Hefndarenglar
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Pax - Uppvakningurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Fahrenheit 451°
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Allar lífsins lygar
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Dyr opnast
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-



Þegar kona brotnar - og leiðin út í lífið á ný
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-

Þín eigin saga - Draugagangur / Piparkökuhúsið
TILBOÐSVERÐ: 2.199.- (stk.)
Verð áður: 2.499.- (stk.)

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 20. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Konráð og félagar á ferð og flugi

353

Þar sem Konráð og Lísaloppa voru á gangi í kjarrlendi sáu þau eitthvert lítið dýr skjótast um í kjarrinu. „Hvað var þetta?“ spurði Konráð. Þá sáu þau dýrið hoppa grein af grein og að þetta var pínulítill fugl með skemmtilega uppsperrt stél. „Þetta er örugglega einn minnsti fugl sem ég hef séð,“ sagði Lísaloppa. „Já, hann er mjög lítill,“ sagði Konráð og bætti við: „Hvað skyldi hann heita?“



Gæti þetta verið rauðbrystingur, maríuerla eða músarrindill?

Smíðisgripir

Það er ekki á hverjum degi sem við fáum myndir af fallegum smíðisgripum eftir börn en hér er borð og blómastandur eftir hann Hans sem er í viðtalinu hér við hliðina.

Lausn á gátunni

Þessi fugl heitir músarrindill

Ég er mjög oft úti í skúr að dunda, segir Hans Haraldsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á gömul verkfæri frá langafa

Hans Haraldsson er ekki í vafa um hvað hann vill verða þegar hann verður stór.

Hans er þrettán ára, alveg að verða fjórtán og er nýlega fermdur. Hann fékk smíðsgen í vöggugjöf enda er hann völundur á tré.

Hans, manstu hvenær þú byrjaðir að smíða? Ég byrjaði um tveggja ára aldurinn eitthvað að reyna að hjálpa til og þannig.

Ertu helst með föður þínum að smíða? Ég var mikið með afa mínum einu sinni, Hans Indriðasyni, og hann leiddi mig áfram í smíðunum. En ég er aðallega einn núorðið.

Áttu mörg smíðatól? Já, fullt. Bílskúrinn er hálffullur af verkfærum frá mér. Ég er mjög oft úti í skúr að dunda.

Hvar nærðu þér í efni? Ég fer bara í Húsasmiðjuna og Byko og slíkar búðir.

Hvað ertu aðallega að smíða? Það er alls konar. Borð og blómastandar, meðal annars og svo saga ég mikið út með sérstakri útskurðarsög, hef gert fullt af jólaskrauti, klukkum og fleiru. Svo er til kofi eftir mig líka.

Hvert er uppáhaldsverkfærið þitt? Bútsög. Það er vélsög, frekar stór og það er hægt að stilla gráðurnar í henni, saga 90 gráðu horn og 45 gráðu og alls konar svoleiðis. Hún er mjög hentug þegar maður gerir grindverk og palla.

Kaupir þú þér verkfæri sjálfur? Já, svo hef ég fengið fullt af þeim sem gjafir, afi hefur gefið mér ýmislegt og ég á líka gömul verkfæri frá langafa mínum sem var húsgagnasmiður og rak trésmíðaverkstæði. Hann hét Indriði Níelsson.

Fékkstu eitthvað sniðugt í fermingargjöf sem fellur að þessu áhugamáli þínu? Já, ég fékk verkfæri og ætla að kaupa mér eitt verkfæri með fermingarpeningunum mínum. Það er bútsög. Ég er bara með eina í láni núna frá frænda mínum, bróður afa, sem er mjög handlaginn, og nú ætla ég bara að kaupa hana – eða nýja, ég er ekki alveg búinn að ákveða það.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Ég er að fara í unglingavinnuna og svo er ég að fara að smíða grindverk fyrir foreldra kærasta systur minnar og halda áfram að selja hluti sem ég hef smíðað.

Þú hyggst náttúrlega leggja fyrir þig smíðar í framtíðinni? Já, ég ætla að verða húsgagnasmiður.

emmessís

BLÓMLEGRA SUMAR
með Ísblómum

EKTA ÍSLENSKUR Rjómaís

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 5 ↖	10 °C | 3 ←	12 °C | 5 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
16 °C | 4 ↖	9 °C | 6 ↖	9 °C | 3 ↗

Austan- og suðaustanátt, 8-13 m/s með S-ströndinni, annars víða 3-8. Rigning með köflum á S- og V-landi, bjart með köflum fyrir norðan og austan, en þokuloft úti við sjóinn. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast NA-til.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	10 °C | 3 →	10 °C | 1 →	11 °C | 3 ↘	11 °C | 2 ↓	9 °C | 5 ↙
Ísafjörður	8 °C | 4 ←	4 °C | 3 ←	4 °C | 3 ←	3 °C | 4 ↙	2 °C | 6 ↙
Akureyri	13 °C | 3 ↖	6 °C | 1 ↖	7 °C | 2 ↓	3 °C | 1 ↓	2 °C | 3 ↓
Egilsstaðir	6 °C | 6 ↙	5 °C | 3 ↓	6 °C | 3 ↓	5 °C | 4 ↓	3 °C | 6 ↓
Kirkjubæjarklaustur	6 °C | 3 ↖	7 °C | 1 ↑	8 °C | 3 ↖	8 °C | 1 ↑	10 °C | 2 ↙
Hveravellir	11 °C | 8 ↙	8 °C | 0 ○	9 °C | 3 ↓	7 °C | 6 ↙	2 °C | 8 ↙

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI

nettó

Lægra verð – léttari innkaup

Fyrst og fremst var valið fagurfræðilegt, segir Hildur Arna Gunnarsdóttir safnvörður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ótrúlega fögur brjóstmyndasmíð

Fjórtán brjóstmyndir Einars Jónssonar á sýningu í listasafni hans. Sýningin er sett upp á jarðhæð í gamla eldhúsi hússins.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýning á brjóstmyndum Einars Jónssonar verður opnuð í listasafni hans á Skólavörðuholti í dag, laugardaginn 18. maí, sem er Alþjóðlegi safnadagurinn. Frítt er á sýninguna þennan dag í tilefni dagsins. Í geymslu Listasafns Einars Jónssonar eru varðveittar á fjórða tug afsteypa af brjóstmyndum hans og nú er hluti þeirra kominn á sýningu í safninu.

Hildur Arna Gunnarsdóttir er safnvörður í Listasafni Einars Jónssonar. „Hvatinn að þessari sýningu er sá að í desember síðastliðnum fengum við hringingu frá lífeyrissjóðnum Birtu sem bauð okkur að gjöf verk sem þar var í geymslu. Þetta var bronssteypt brjóstmynd af Georgíu Björnsson, eiginkonu Sveins Björnssonar og fyrstu forsetafrú Íslands. Við skoðuðum verkið og í ljós kom að við áttum gifsafsteypu af því í geymslu en merking með nafni fyrirmyndarinnar hafði fallið af og verkið var því merkt sem óþekkt kona, sem hún var svo sannarlega ekki," segir hún. „Við fórum þá að skoða og rannsaka þær brjóstmyndir sem við áttum og fannst ástæða til að setja þær á sýningu."

Málþing um brjóstmyndir

Málþing um brjóstmyndir verður haldið í Listasafni Einars Jónssonar í dag á Alþjóðlega safnadaginn, laugardaginn 18. maí, klukkan 14. Málþingið setja Sigríður Melrós Ólafsdóttir, safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar, og Hildur Arna Gunnarsdóttir safnvörður og segja frá tildrögum málþingsins og hvatanum að sýningunni á brjóstmyndum listamannsins. Guðni Tómasson, listfræðingur og dagskrárgerðarmaður, flytur hugleiðingu um stöðu brjóstmynda í nútímanum undir yfirskriftinni Hver er nógu merkilegur? Anna Halin heldur erindi með yfirskriftinni Valdakonur og segir frá sinni eigin brjóstmyndagerð.

Sýning í gamla eldhúsinu

Hildur Arna segir Einar hafa verið ótrúlega afkastamikinn listamann. „Hann vann við að skapa eigin listaverk en gerði einnig brjóstmyndir eftir pöntun til að eiga fyrir salti í grautinn og einnig mótaði hann fólk sem honum var kært. Þarna er á ferð ótrúlega fögur brjóstmyndasmíð. Í verkum sínum notaði Einar sjaldnast fyrirmyndir, þótt einhver dæmi finnist um það. Andlitin í verkum hans eru klassísk og hans eigin sköpun. Þannig var það auðvitað ekki í brjóstmyndagerðinni þar sem hann var með raunverulegar fyrirmyndir. Hann var ótrúlega næmur brjóstmyndasmiður, það er svo raunsær fínleiki, fegurð og mikið líf í þeim verkum. Við vildum sýna þessar myndir en getum ekki sýnt þær allar því hér í safninu er pláss af skornum skammti. Við völdum því fjórtán brjóstmyndir til að setja á sýninguna. Fyrst og fremst var valið fagurfræðilegt en þó var ekki hægt að sleppa ákveðnum persónum sem léku stórt hlutverk í lífi og list Einars og studdu hann til dæmis við byggingu safnsins. Sýningin er sett upp á jarðhæð í gamla eldhúsi hússins þar sem brjóstmyndirnar voru til sýnis í tíð listamannsins."

Tvær af þeim voldugu og fögru brjóstmyndum sem eru nú á sýningu í Listasafni Einars Jónssonar.

> **HANN VAR ÓTRÚLEGA NÆMUR BRJÓSTMYNDASMIÐUR, ÞAÐ ER SVO RAUNSÆR FÍNLEIKI, FEGURÐ OG MIKIÐ LÍF Í ÞEIM VERKUM.**

Óskað eftir aðstoð gesta

Brjóstmyndirnar á sýningunni eru af þekktu fólki. „Þær eru af Sveini Björnssyni forseta og Georgíu konu hans, Bjarna frá Vogi alþingismanni og Guðmundi Finnbogasyni en þau voru öll miklir velgjörðarmenn Einars. Þarna er sjálfsmynd af Einari og mynd af bróður hans, Bjarna Jónssyni sem var kallaður Bíó-Bjarni og var þekktur athafnamaður. Sömuleiðis brjóstmyndir af Indriða Einarssyni skáldi, Sigurði Jónssyni skáldi frá Arnarvatni, Steinþóri Sigurðssyni jarðfræðingi, Samúel Ólafssyni söðlasmiði, Birni Kristjánssyni kaupmanni og alþingismanni, Jónasi frá Hriflu, Sveini Sigurðssyni ritstjóra og svo er einn sem við eigum eftir að bera kennsl á og vonumst til að gestir geti aðstoðað okkur við það á sýningunni," segir Hildur Arna.

LIFANDI HEIMILI

2019 BARNIÐ

Sýningarnar LIFANDI HEIMILI og BARNIÐ í LAUGARDALSHÖLL helgina **18. og 19. maí**

Komdu og upplifðu!

Um 80 fyrirtæki kynna allt það nýjasta

OPIÐ
lau: 11-18
sun: 11-17

DAGSKRÁ

Laugardagurinn 18. maí

12:30 Solla stirða, Siggi sæti og Halla hrekkjusvín
14:30 Dimmalimm
15:00 Jón Jónsson
16:00 Einar Mikael töframaður

Sunnudagurinn 19. maí

12:30 Solla stirða og Halla hrekkjusvín
14:00 Dimmalimm
15:00 Sirkus Íslands: Anna Sól
16:00 Dans og Kúltúr

Haldið í samstarfi við
SI Samtök iðnaðarins
MANNLÍF Gestgjafinn VIKAN

MIÐASALA Á **WWW.MIDI.IS** OG VIÐ INNGANG
Miðaverð kr. 1.500 (frítt fyrir 15 ára og yngri í fylgd með fullorðnum)

www.lifandiheimili.is

Hver vill ekki vinna MILLJÓN?
Dregið úr seldum miðum og einn gestur eignast fullt af fallegum vörum fyrir heimilið að andvirði einnar milljónar króna.

Auður og Anna Guðný slógu í gegn, samkvæmt dómnum.

Andlegt ferðalag fullt af spennu

TÓNLIST

★★★★★

Kammertónleikar

Verk eftir Prokofjev, Dvorák, Grieg og Piazzolla. Auður Hafsteinsdóttir lék á fiðlu, Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó.

Norðurljós í Hörpu
sunnudaginn 12. maí

Tónlistarnám bætir minni, tungumálafærni og rökhugsun, svo fátt eitt sé nefnt. Töluverð gróska er í tónlistarkennslu á Íslandi enda margir frábærir kennarar starfandi. Sumir þeirra eru einnig einleikarar sem koma reglulega fram á tónleikum, þar á meðal er Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari. Um þessar mundir fagnar hún tvöföldu afmæli, þrjátíu ár eru liðin síðan hún hóf feril sinn sem fiðluleikari og tuttugu ár síðan hún byrjaði að kenna. Af því tilefni hélt hún tónleika í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara.

Nokkuð dimmt var yfir byrjuninni. Tónleikarnir hófust á fyrstu sónötunni eftir Prokofjev, í f-moll op. 80. Byrjunin er grafalvarleg, og eftirleikurinn er það líka, en framvindan er þó alltaf spennandi. Laglínurnar þróast sífellt í óvæntar áttir með verulega mögnuðum hápunktum. Tónlistin er ekkert sérstaklega auðmelt, en hún er þó eitt helsta verk tónskáldsins, og gerir miklar kröfur til flytjendanna.

Rauði þráðurinn slitnaði ekki

Skemmst er frá því að segja að túlkun Auðar og Önnu Guðnýjar var stórfengleg. Hlustandinn var tekinn í andlegt ferðalag þar sem rauði þráðurinn slitnaði aldrei. Slík var einbeitingin og ákafinn í túlkuninni. Tæknilega séð var leikurinn gríðarlega öruggur. Hljómurinn í fiðlunni var unaðslega safaríkur og hröð tónahlaup beggja hljóðfæraleikaranna voru skýr og jöfn; allt var á sínum stað. Styrkleikajafnvægið á milli þeirra var sömuleiðis eins og best verður á kosið. Heildarútkoman var ógleymanleg.

Önnur stór sónata var á dagskránni, sú þriðja í c-moll op. 45 eftir Grieg. Tónmálið er vissulega öðruvísi en hjá Prokofjev, rómantískt og fullt af safaríkum melódíum sem grípa mann strax. Atburðarásin er viðburðarík og einnig hér var flutningurinn í fremstu röð. Hljóðfæraleikararnir fóru beinlínis á kostum. Samspilið var hárnákvæmt og allskonar heljarstökk eftir strengjum og hljómborði voru listilega framkvæmd. Sem dæmi þá var töluvert um áttundahlaup í píanóröddinni, afar hröð og krefjandi, en Anna Guðný hristi þau fram úr erminni eins og ekkert væri.

Glæsilegir hápunktar

Flutningurinn var þó ekki bara eitthvert sirkusatriði, heldur frásögn sem var full af tilfinningum. Þeim var öllum miðlað til áheyrenda á óviðjafnanlegan hátt. Laglínurnar voru mótaðar af næmi og smekkvísi. Hraðavalið var ávallt fyllilega sannfærandi og hápunktarnir glæsilega útfærðir og óheftir.

Tvö rómantísk smástykki op. 75 eftir Dvorák voru einnig á dagskránni, sem og Le Grand Tango eftir Piazzolla. Smástykkin runnu áfram ljúflega og tangóinn var líflegur, þrunginn ástríðu og snerpu. Útkoman var frábær. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Tónleikarnir voru einstök skemmtun.

Þetta er pínulítið Júróvisjón!

Vortónleikar Kvennakórs Háskóla Íslands verða í Hátíðasal skólans í dag. Það eru síðustu tónleikar Margrétar Bóasdóttur sem stjórnanda kórsins, en hún stofnaði hann 2005 ásamt hópi nemenda þegar hún var í HÍ.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Þetta hefur verið stórkostlegur tími," segir Margrét Bóasdóttir um þau fjórtán ár sem hún hefur stjórnað Kvennakór Háskóla Íslands. Nú hefur hún ákveðið að stíga til hliðar en rifjar upp tildrög stofnunar kórsins. „Ég var einu sinni með stúlknakór við Selfosskirkju og þegar hann ákvað að efna til endurfunda árið 2005 kom í ljós að hann var allur kominn í Háskóla Íslands og ég var þar líka við MBA-nám. Þetta var árið sem Kristín Ingólfsdóttir varð rektor, fyrst kvenna, og líka fyrsta árið sem kvenkyns nemendur fóru yfir 50% við skólann. Við töldum þetta vera teikn og nú yrði að koma kvennakór! Fyrir var auðvitað Háskólakórinn, stofnaður 1972 og starfar enn, en við bentum á að það væru sjö kórar við Harvard, því mætti ekki minna en að hafa tvo við HÍ."

Í kórnum hefur alltaf verið umtalsverður fjöldi erlendra stúdenta, að sögn Margrétar. „Það hefur auðgað starfið að við höfum verið með stúlkur frá öllum heimshornum, nú síðast frá Kína. Við vorum boðnar til Kína í fyrra og sungum fjöldann allan af lögum á kínversku. Höfum líka sungið á rússnesku, eistnesku og japönsku, fyrir utan ensku, frönsku, þýsku og Norðurlandamálin. Ég hef haft þá stefnu að æfa að minnsta kosti eitt lag á ári á móðurmáli hverrar þjóðar sem á fulltrúa í kórnum. Allar stúlkurnar hafa annaðhvort verið í kór eða lært á hljóðfæri. Þá getum við tekist á við vandasamari verkefni og verið fljótari að vinna."

Nú víkur talinu að vortónleikunum í dag klukkan 16 í Hátíðasalnum. „Það var ákveðið, af því að þetta eru þeir síðustu sem ég stjórna, að taka nokkur erlend lög sem kórinn hefur elskað í gegnum tíðina og stelpunum hefur þótt skemmtilegast að syngja. Við erum með spænskt lag og annað amerískt – þetta er pínulítið Júróvisjón!"

Hún segir Þorvald Gylfason hafa gaukað lögum að kórnum gegnum tíðina. „Þegar við urðum 10 ára, 2015, gaf Þorvaldur okkur tíu laga flokk og nú frumflytjum við tvö þeirra við sonnettur Kristjáns Hreinssonar. Erum líka með skemmtilegt lag eftir Þorvald við texta bróður hans, Vilmundar Gylfasonar, það er mikill húmor í því. Við heiðrum minningu Atla Heimis og höfum líka tekið ástfóstri við lög Jóns Ásgeirssonar. Svo syngjum við lög eftir Pétur Grétarsson, sem er fantafínt tónskáld en betur þekktur sem slagverksleikari og útvarpsmaður. Hann samdi tónlist við Híbýli vindanna sem var sett upp í Borgarleikhúsinu og við syngjum þrjú lög sem ég fullyrði að hafi aldrei heyrst áður utan leiksviðs. Pétur spilar með á harmóníku, það er nýr tónn hjá okkur."

Kórinn er svo heppinn að hafa í sínum röðum píanóleikarann Arnbjörgu Arnardóttur. „Hún spilar ótrúlega vel og hefði, hæfileika sinna vegna, getað verið á pari við Víking Heiðar, en ákvað að fara í tölvuverkfræði í staðinn," segir Margrét. Að endingu getur hún þess að kórinn hafi notið mikillar velvildar hjá Háskólanum og sungið við ýmis tækifæri á vegum hans.

„Það hefur auðgað starfið að við höfum verið með stúlkur frá öllum heimshornum, nú síðast frá Kína," segir kórstjórinn Margrét. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Á tónleikunum í dag syngur hópur fyrri kórfélaga með í nokkrum lögum.

„ÉG HEF HAFT ÞÁ STEFNU AÐ ÆFA AÐ MINNSTA KOSTI EITT LAG Á ÁRI Á MÓÐURMÁLI HVERRAR ÞJÓÐAR SEM Á FULLTRÚA Í KÓRNUM. ALLAR STÚLKURNAR HAFA ANNAÐHVORT VERIÐ Í KÓR EÐA LÆRT Á HLJÓÐFÆRI. ÞÁ GETUM VIÐ TEKIST Á VIÐ VANDASAMARI VERKEFNI OG VERIÐ FLJÓTARI AÐ VINNA.

bauhaus.is

BAUHAUS®

BORGARPLAST
www.borgarplast.is

Heitur pottur

Potturinn er fyrir 4-5 fullorðna og tekur 1250 l af vatni. Framleiddur úr Polythylene sem er endurvinnanlegt efni. Íslensk hágæða framleiðsla. Sandsteinsgrár. Lok fylgir ekki en hægt að kaupa aukalega. Lokið má líka nota sem vaðlaug.

197.995.-

Heitir pottar í miklu úrvali

Tilboðsverðin gilda til og með mánudeginum 20. maí 2019.

DenForm®

Montana heitur pottur

Stærð 212 x 212 x 84 cm. Sæti fyrir 6 persónur. 45 nuddstútar. Sérlega stór, rúmgóður og slitsterkur rafmagnspottur. Góður hnakkastuðningur er í pottinum, honum fylgir góð lýsing, sía og lok. Ozon hreinsikerfi. Dönsk hönnun og framleiðsla.

829.995.-

DenForm®

Hawai heitur pottur

Stærð 203 x 89 cm (þv. x hæð). Sæti fyrir 6 persónur. 23 nuddstútar. Mjög rúmgóður og slitsterkur rafmagnspottur. Með lýsingu, síu, loki og tröppu. Ozon hreinsikerfi. Ipod/Mp3 tengi. Dönsk hönnun og framleiðsla.

849.995.-

DenForm®

California heitur pottur

Okkar vinsælasti pottur. Stærð 200 x 200 x 82 cm. Sæti fyrir 6 persónur. 21 nuddstútur. Mjög slitsterkur rafmagnspottur. Með lýsingu, síu og loki. Ozon hreinsikerfi. Dönsk hönnun og framleiðsla.

449.995.-

~~499.995.-~~

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

Lau 18.05	kl. 13:00	Sun. 19.05	kl. 16:00	Sun 2.6	kl. 13:00	Lau 8.6	kl. 16:00
Lau 18.05	kl. 16:00	Sun 26.05	kl. 13:00	Sun 2.6	kl. 16:00		
Sun. 19.05	kl. 13:00	Sun 26.05	kl. 16:00	Lau 8.6	kl. 13:00		

Einræðisherrann

Stóra sviðið

Fös 31.05	kl. 19:30

Loddarinn

Stóra sviðið

Fim 23.05	kl. 19:30	Fös 24.05	kl. 19:30	Mið 29.05	kl. 19:30

Jónsmessunæturdraumur

Stóra sviðið

Mið 22.05	kl. 19:30

Súper

Kassinn

Fim 23.05	kl. 19:30	Fös 24.05	kl. 19:30

Þitt eigið leikrit

Kúlan

Lau. 18.05	Kl.15.00

Brúðkaup Fígarós

Stóra sviðið

Lau 07.09	kl. 19:30	Fös 20.09	kl. 19:30	Lau 28.09	kl. 19:30
Sun 15.09	kl. 19:30	Lau 21.09	kl. 19:30	Lau 05.10	kl. 19:30

Hárið

Stóra sviðið

Fös 14/6	kl. 19:30	Lau 15/6	19:30

Dansandi ljóð

Sun 19.05	kl. 20:00

Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

Matthildur

Stóra sviðið

Mið 22.05	Kl 19:00	Mið 29.05	Kl 19:00	Fim 06.06	Kl 19:00	Fös 14.06	Kl 19:00
Fim 23.05	Kl 19:00	Fim 30.05	Kl 19:00	Fös 07.06	Kl 19:00	Sun 16.06	Kl 19:00
Lau 25.05	Kl 13:00	Sun 02.06	Kl 19:00	Mán 10.06	Kl 19:00		
Sun 26.05	Kl 19:00	Mið 05.06	Kl 19:00	Fim 13.06	Kl 19:00		

Elly

Stóra sviðið

Fös 24.05	Kl. 20:00	Fös 31.05	Kl. 20:00	Lau 08.06	Kl. 20:00	Lau 15.06	Kl. 20:00

Kæra Jelena

Litla sviðið

Fim 23.05	Kl. 20:00	Fim 30.05	Kl. 20:00	Fös 07.07	Kl. 20:00
Fös 24.05	Kl. 20:00	Fim 06.07	Kl. 20:00		

Bæng!

Nýja sviðið

Fim 23.05	Kl. 20:00	Fim 30.05	Kl. 20:00	Fös 14.06	Kl. 20:00
Sun 26.05	Kl. 20:00	Fim. 06.06	Kl. 20:00		

Sýningin sem klikkar

Stóra sviðið

Sun 19.05	Kl. 20:00	Lau 25.05	Kl. 20:00	Lau 01.06	Kl. 20:00

Gjafakort Borgarleikhússins
er ávísun á einstakt kvöld sem aldrei gleymist.
Gjafakortin eru tilvalin gjöf við hvers konar tilefni
og koma í fallegum umbúðum.
Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) 17:30
EUROVISION ÚRSLITAKEPPNIN!!!
Einstök upplifun á stóra tjaldinu!!!
Bein útsending hefst kl.19:00 í sal 1
Leikir+búningar! Hatara varningur til sölu!
FRÍTT INN á meðan húsrúm leyfir!!!

TÍMAR // TIMES: SUN.19/5
The Wild Pear Tree (ICE SUB) 16:30
BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB) 17:30
Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) 17:45
Lords of Chaos (ICE SUB) 20:00 & 22:20
SÉRSÝN.+Q&A:Slave to the Grind (NO SUB) 20:00
Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) 20:00
The House That Jack Built (ICE SUB) 22:00

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

18. MAÍ 2019

Viðburðir

Hvað? Vörusýningin Lifandi heimili – opnun
Hvenær? 12.30-16
Hvar? Laugardalshöll
Tvö þemu eru á sýningunni: Nútímaheimilið og Barnið.

Hvað? Vorblót íbúasamtaka miðborgar
Hvenær? 13.00-15.00
Hvar? Spennistöðin, Barónsstíg 32
Skólahljómsveit Mið- og Vesturbæjar tekur á móti gestum með lúðrablæstri og trumbuslætti og Sirkus Íslands kennir sirkuskúnstir og gerir blöðrudýr fyrir börnin stór og smá. Í lokin verður dansað við Eurovisionlög og líka Fortnite-dansar og hipphopp undir leiðsögn frá Kramhúsinu. Heitt á könnunni og grillið í gangi.

Hvað? Flugdrekasmiðja
Hvenær? 13.00
Hvar? Bókasafn Kópavogs, Hamraborg
Það jafnast fátt við gleðina þegar golan hefur flugdrekann á loft og það strekkist á bandinu. Það eina sem getur magnað hana enn frekar er þegar flugdrekinn er heimasmíðaður. Ókeypis þátttaka og allir velkomnir.

Útivist

